SKOÐUN Sátt um viðsnúning eða læknaskort? spyr Reynir Arngrímsson. 21

MENNING Stór alþjóðleg ráðstefna um sagnameistarann Sturlu Þórðarson. 34

LÍFIÐ Hjónin Gísli og Inga valin af einum stærsta útgefanda heims. 54

SPORT Helgi Jónas Guðfinnsson getur aldrei þjálfað körfubolta aftur. 48



Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
27. nóvember 2014
279. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Bíður svars um byssur

Lögreglan biður nú Norðmenn milliliðalaust um að útvega sér vopn eftir að Landhelgisgæslan endursendi hríðaskotabyssur til Noregs. **6**

Útflutningur sexfaldast Kaupfélag Skagfirðinga hefur flutt rúm 60 tonn af lambakjöti til Rússlands síðustu þrjá mánuði. **10**

0,06% af markmiði Aðeins 90 tonn af vistvænu eldsneyti runnu á tanka íslenskra skipa í fyrra sem er brot af markmiði stjórnvalda um orkuskipti í sjávarútvegi. **12**

Samhengi staðfest Reykingar stúlkna fyrir fæðingu barns auka hættu á brjóstakrabbameini. **16**

20

Bolungarvík	3°	SA	5
Akureyri	-2°	S	3
Egilsstaðir	-3°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	3°	A	6
Reykjavík	2°	SA	7

Vaxandi A-átt S-til en fremur hæg SA-lægri átt N-lands. Léttskýjað NA-til en dálítil úrkoma S- og V-til. Vægt frost NA-til en hiti 1-6 stig S- og V-lands. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk

SMÁRALIND
Gleðileg jól

HÆTTA Í HÚMINU Nú þegar dag er tekið að stytta verður götulýsing borgarinnar enn mikilvægari. Árið 2009 var dregið úr götulýsingu og ákveðið að fara úr 50 lúxum í 20, en skiptar skoðanir eru á þeirri sparnaðaraðgerð. „Við erum ekki með ábendingar frá lögreglunni um að þetta að hafi valdið fleiri óhöppum eða slysum," segir Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkur. „Við höfum fengið töluvert af hringingum frá fólki sem er að kvarta. Okkur þykir þetta ekki æskileg sparnaðaraðgerð. Markmið lýsingar er að stuðla að öryggi," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skerða fjárframlög til skattrannsókna

Fjárframlög til skattrannsóknarstjóra eiga að lækka um tæplega 40 milljónir króna. Uppsagnir blasa við. Skattrannsóknarstjóri hefur áhyggjur af því hvernig vinna eigi úr gögnum. Gerir ráð fyrir niðurstöðu varðandi kaup á leynigögnum.

SKATTUR Verði ekki breytingar á fjárheimildum til embættis skattrannsóknarstjóra á næsta ári blasir við að segja þurfi upp starfsmönnum nú í desember. Þetta segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri. „Það liggur fyrir að fjárframlögin eigi að lækka um tæplega 40 milljónir króna. Mér sýnist að þá þurfi að fækka um fimm til sex starfsmenn en hér starfa alls 29. Ég er búin að fara á fund fjárlaganefndar. Málið er ekki útkljáð en mér heyrist að það eigi ekki að breyta þessu," greinir Bryndís frá.

Spurð hvort fækkun starfsfólks hafi áhrif á vinnslu gagna úr skattaskjólum verði tekin ákvörðun um kaup á þeim segir Bryndís að ekki sé ljóst á hvaða verkefnum fækkunin kæmi niður. „En maður hefur náttúrlega áhyggjur af því hvernig vinna á úr þeim gögnum sem við fáum."

Skattrannsóknarstjóri sendi í haust fjármálaráðuneytinu greinargerð eftir að hafa farið yfir sýnishorn af gögnum um hundruð Íslendinga sem honum voru boðin til kaups. Sýnishornin bentu til að skattaundanskot hefðu verið stunduð.

„Ég ætla að hlutverk starfshóps sem fjármálaráðherra hefur sett á laggirnar vegna þessara mála sé tvíþætt. Annars vegar að skoða hvort lagalegar hindranir séu á kaupum á þessum gögnum og hins vegar að meta hvort veita eigi sakaruppgjöf vegna skattaundanskota," segir Bryndís.

Hún tekur það fram að sakaruppgjöf í nágrannalöndum og þeim löndum sem Íslendingar vilji bera sig saman við hafi skilað góðum árangri. „Menn fá upp á yfirborðið tekjur og eignir sem eru duldar gegn því að refsingar falli niður eða verði með einhverjum hætti lægri en ella. Það er hins vegar umdeilt hvort veita eigi einhverjum sakaruppgjöf sem aðrir fá ekki. Það eru ýmis sjónarmið uppi um þessi mál."

Að sögn Bryndísar er það starfshóps fjármálaráðherra að setja reglur um þessi mál. „Það er ýmislegt sem þarf að horfa til. Þetta er yfirleitt þannig að menn hafa ákveðinn tíma til að telja fram auk þess sem engu má halda undan. Mál mega heldur ekki vera farin í gang nú þegar."

Bryndís kveðst gera ráð fyrir að vinna starfshópsins skili niðurstöðum varðandi kaup á leynigögnum.

- ibs

> **Menn fá upp á yfirborðið tekjur og eignir sem eru duldar gegn því að refsingar falli niður eða verði með einhverjum hætti lægri en ella. Það er hins vegar umdeilt hvort veita eigi einhverjum sakaruppgjöf sem aðrir fá ekki. Það eru ýmis sjónarmið uppi um þessi mál.**
>
> *Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri*

40 milljónir
verður lækkun á fjárframlögum til skattrannsóknarstjóra.

5-6 starfsmenn
missa vinnuna að óbreyttu.

Halda fyrstu sýninguna:

Voru mönuð til að sýna verkin

MENNING Grínistinn Þórhallur Sigurðsson, best þekktur sem Laddi, og eiginkona hans, Sigríður Rut Thorarensen, opna sína fyrstu myndlistarsýningu á morgun.

LADDI

Að sögn Ladda ákváðu þau að halda sýninguna vegna fjölda áskorana.

„Við vorum að sýna eitthvað af þessum myndum á Facebook og eftir það vorum við mönuð upp í þetta," segir hann.

Um er að ræða alls kyns akrílteikningar og nokkur olíumálverk.

- fb / sjá síðu 54

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS

Ólafur Reynir, verða fjárlög á plötunni?

„Já, og eitt fjáraukalag í lokin."
Ólafur Reynir Guðmundsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, hefur unnið að sólóplötu upp á síðkastið sem kemur út nú um jólin.

Breytingar á fjárlagafrumvarpi fela í sér aukin framlög til heilbrigðisstofnana:

Milljarður aukalega í spítalann

STJÓRNMÁL Ákveðið hefur verið að veita sérstök framlög til rekstrar og stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana, um 2.125 milljónir króna. Langmest, eða milljarður, fer til Landspítala. 400 milljónum verður varið aukalega til húsaleigubóta til að koma til móts við tekjulægstu leigjendur á húsnæðismarkaði.

Þetta kemur fram í breytingum á fjármálafrumvarpi sem voru birtar í gær. Þar kemur fram að 875 milljónum verði varið í hönnun meðferðarkjarna nýs Landspítala.

Auk þess hefur verið ákveðið að veita 100 milljónum til tækjakaupa á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Þá verða framlög til menntamála aukin um 767 milljónir. Þar fer stærstur hluti til háskóla, eða 617 milljónir. Vinnustaðanámssjóður fær 150 milljónir og framlagið verður gert varanlegt.

Breytingarnar fela einnig í sér minni þátttöku einstaklinga í lyfjakostnaði sem nemur 5 prósentum með 150 milljóna króna aukinni greiðsluþátttöku ríkisins. - ak

BJARNI BENEDIKTSSON Lagði fram fjárlagafrumvarpið í haust en það hefur tekið nokkrum breytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fer fram á 2 ára fangelsi:

Siggi hakkari játaði á sig brot

DÓMSMÁL Saksóknari fer fram á að Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggi hakkari, verði dæmdur í tveggja ára fangelsi. Sigurður játaði fyrir dómi í gær sök í máli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn honum. Hann er ákærður fyrir fjársvik og þjófnaði en heildarupphæðin nemur um þrjátíu milljónum króna. Sigurður hafði áður neitað sök. Verjandi Sigurðar sagði fyrir dómnum að hann teldi 18 mánuði vera hæfilega refsingu. - vh

HÓPDANS Áhorfendur léku stórt hlutverk í opnunarverki Reykjavík Dance Festival í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhorfendur tóku þátt í gjörningi á opnunarhátíð RDF:

„Þetta var brjáluð stemning"

MENNING Danshátíðin Reykjavík Dance Festival hófst í Hafnarhúsinu í gær. Hátíðin var opnuð með verkinu Face eftir danska listamanninn Christian Falsnaes en flytjendur voru þeir Ragnar Ísleifur Bragason, Ólöf Ingólfsdóttir, Alex Da Silva og allir viðstaddir gestir.

„Þetta var brjáluð stemning," segir Hlynur Páll Pálsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, í samtali við Fréttablaðið. „Hátíðin byrjaði með hvelli í gær og stendur næstu fjóra daga. Það er allt að seljast upp þannig að ef fólk vill sjá eitthvað þarf það að hafa hraðar hendur," segir Hlynur.

Á hátíðinni sem stendur fram á laugardagskvöld munu bæði innlendir og erlendir dansarar bjóða upp á ótal mismunandi dansverk. - fbj

Breytingar haft áhrif á fæðingarorlof feðra

Á síðustu tíu árum hafa breytingar á fæðingarorlofskerfinu haft áhrif á orlof feðra. Lækkun hámarksgreiðslna árið 2009 hefur haft hvað mest áhrif. Starfshópur velferðarráðherra metur hvort eigi að lengja orlofið eða hækka hámarksgreiðslur.

VELFERÐARMÁL Miklar breytingar hafa orðið á umgjörð fæðingarorlofs síðustu árin. Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Heiða María Sigurðardóttir, doktor í sálfræði, telja þessar breytingar hafa haft mikil áhrif á töku fæðingarorlofs meðal feðra.

Árið 2003 voru sett lög um níu mánaða fæðingarorlof þar sem báðir foreldrar fengu þrjá mánuði hver og svo gátu foreldrar skipt hinum þremur mánuðunum á milli sín. Fengu foreldrar þá 80% af launum sínum í fæðingarorlofi. Árið 2006 var síðan sett hámark á útborgun fæðingarorlofs sem síðan var lækkuð verulega um mitt ár 2009 í kjölfar efnahagshrunsins.

Þær Ólöf og Heiða María skoðuðu áhrif þessarar lækkunar á fæðingarorlof feðra. Gögn þeirra náðu til ársins 2011. Fundu þau út að lækkun þaksins hafði áhrif á flest alla tekjuhópa, þó langmest á þá tekjuhæstu. Lækkun hámarksútborgunar fæðingarorlofssjóðs kom því harðast niður á þeim hópi. „Það er áhugavert að skoða fæðingarorlof feðra að þessu leyti. Þessar niðurstöður eru í takt við aðrar niðurstöður um fæðingarorlof feðra eftir hrun."

Þær greiningar á fæðingarorlofi feðra sem velferðarráðuneytið hefur látið gera fyrir sig nú í haust sýna annað mynstur. Þau gögn eru nýrri og sýna að tekjuháir feður eru líklegri til að taka fæðingarorlof en tekjulágir feður, þó það hafi meiri fjárhagsleg áhrif fyrir þá tekjuhærri. „Það sem við sjáum í gögnunum hjá okkur er þetta mynstur að tekjulágir feður hafa upp á síðkastið ekki verið að taka fæðingarorlof. Þær skýringar sem hefur verið velt upp, hafa verið á þá leið að ástand á vinnumarkaði hamli þeim til töku fæðingarorlofs. Tekjulágir feður ríghaldi í þau störf sem þeir hafa og séu ekki eins öruggir og áður um starf sitt," segir Eygló Harðardóttir velferðarráðherra.

Nú hefur velferðarráðherra sett á fót starfshóp í velferðarráðuneytinu til að fara yfir fæðingarorlofsmálin í heild sinni. Eitt af umfjöllunarefnum hópsins verður hvort mikilvægara sé að lengja fæðingarorlofið eða hækka hámarksgreiðslur til foreldra þannig að markmiðum laga verði best náð.

sveinn@frettabladid.is

LÆKKUN PAKSINS Breytingar á umgjörð fæðingarorlofs hafa haft mikil áhrif á töku fæðingarorlofs meðal feðra. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þær skýringar, sem hefur verið velt upp, hafa verið á þá leið að ástand á vinnumarkaði hamli þeim til töku fæðingarorlofs.

Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra

Kröfu saksóknara hafnað:

Vændismálið verður lokað

DÓMSMÁL Þinghald verður lokað í máli fjörutíu einstaklinga sem ákærðir hafa verið fyrir vændiskaup eða tilraun til vændiskaupa.

Þetta er niðurstaða Hæstaréttar. Í dómi héraðsdóms, sem áður hafði verið kveðinn upp, kom fram að þinghald ætti að vera lokað til að hlífa konunni sem maðurinn keypti vændi af. Er fallist á þá niðurstöðu með dómi Hæstaréttar.

Einn dómaranna, Guðrún Erlendsdóttir, skilaði sératkvæði í málinu. Að mati hennar verður fremur spornað við kaup á vændi með því að hafa þinghald í vændiskaupamálum opið. - skh

Hreint lofar bót og betrun:

Óánægja meðal ræstingafólks

KJARAMÁL Stjórnendur Landspítala segjast ekki líða brot á kjarasamningum ræstingafólks en vísa óánægju þeirra og verktaka að öðru leyti á stéttarfélagið og fyrirtækið Hreint. Forsvarsmenn Eflingar og stjórnendur fyrirtækisins hittust á fundi í gær þar sem farið var yfir kjör og aðbúnað starfsfólksins. Í ráðningarsamningi Hreint og ræstingafólksins á spítalanum kemur fram að það megi kalla fólk til vinnu hvenær sem hentar. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að Hreint ætlaði að leiðrétta launaseðla frá því fyrirtækið kom að verkinu og vildi laga þau atriði sem ekki væru í lagi. - þká

Innheimta á eitt gjald, Íslendingar og erlendir ferðamenn greiða það sama:

Nýr náttúrupassi kynntur

STJÓRNSÝSLA Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar og viðskiptaráðherra, stefnir á að kynna nýtt frumvarp um náttúrupassa í ríkisstjórn næsta föstudag.

Samtök ferðaþjónustunnar vilja hins vegar fara aðra leið, en ráðherra segir að nú sé einfaldlega tími til að klára málið. Ragnheiður Elín segist hafa tekið mið af fjölmörgum athugasemdum og gagnrýni undanfarna mánuði.

Málið er í kostnaðarmati í ráðuneytinu og fæst ekki gefið upp hver verðlagningin verður. Komandi frumvarp mun leggja til að netið og snjallsímar nýtist helst fyrir náttúrupassann, eitt gjald verði innheimt og gildistími passans þrjú ár.

„Aðilar að náttúrupassa eru öll svæði í eigu og umsjá ríkis og sveitarfélaga. Þetta er heildstætt kerfi sem hefur það að markmiði fyrst og síðast að vernda náttúruna, tryggja fjármögnun til verndun og viðhalds og til öryggis ferðamanna. Við erum með einfalt gjald, sama gjald fyrir alla, lágt og hóflegt gjald. Tekjurnar munu koma að mestu frá erlendum ferðamönnum," sagði Ragnheiður Elín í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Einkaaðilum verður boðið að vera með en stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar er ekki sátt við þessa leið og hafnaði henni nýlega á fundi sínum eftir samráð við aðila í samtökunum. Að sögn framkvæmdastjóra Samtakanna, Helgu Árnadóttur, í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær vilja samtökin frekar setja gjaldið almennt inn í gistigjöld hótela og gistiheimila. - lb

NÝR NÁTTÚRUPASSI Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, stefnir á að kynna frumvarpið á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ALLAR VÖRUR*

TAX FREE

Í DAG

OPIÐ TIL
21:00
Í SKÚTUVOGI
Í KVÖLD

Risa Tax Free um land allt aðeins í dag

fimmtudaginn 27. nóvember

*Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og KitchenAid vörum

*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

SVONA ERUM VIÐ

174 milljarða króna afgangur (fob) var samanlagt á vöruskiptum við útlönd árin 2011 og 2012.

Priðji maðurinn í gæsluvarðhald vegna hnífstunguárásar á Hverfisgötu:

Hnífurinn fór í gegnum hjartað

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann á þriðjudagskvöld mann sem lýst hafði verið eftir vegna rannsóknar á lífshættulegu hnífstungumáli, sem kom upp í heimahúsi við Hverfisgötu aðfaranótt sunnudags.

Maðurinn var í gær úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald en fyrir eru tveir menn í gæsluvarðhaldi vegna árásarinnar. Fjórir menn voru handteknir á vettvangi en tveimur þeirra var sleppt að loknum yfirheyrslum.

Mennirnir eru allir pólskir og hafa dvalið mislengi hér á landi við ýmis störf.

Nokkrir þeirra hafa áður komist í kast við lögin. Sá sem varð fyrir árásinni liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild. Hann hlaut stungu í brjóstholið en hnífurinn gekk í gegnum hjarta mannsins.

Hann var lengi í lífshætttu eftir árásina. - vh

HVERFISGATA Árásin átti sér stað á Hverfisgötu aðfaranótt sunnudags. MYND/PORGEIR ÓLAFSSON

Hóta úrsögn úr kirkjunni:

Andvígir aðstoð við betlara

SVÍÞJÓÐ Safnaðarmeðlimir í sænsku kirkjunni í Kil í Svíþjóð hafa hótað að segja sig úr kirkjunni veiti hún rúmenskum betlurum hjálp eins og ákveðið var í síðustu viku. Þeir sem hafa hótað að segja sig úr kirkjunni eru andvígir því að kirkjan fjármagni starfsemi sem sé á gráu svæði. Sænskir fjölmiðlar hafa það eftir fulltrúa kirkjunnar að lögregla hafi ekki getað fundið neitt sem styður fullyrðingar um að betlið sé skipulögð glæpastarfsemi. - ibs

Á SKARHÓLABRAUT Styttist í afhendingu slökkvistöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Slökkvistöðin í Mosfellsbæ:

Sjúkrabílaskýli reist við stöðina

ÖRYGGISMÁL Hefjast á handa við að byggja sjúkrabílaskýli við nýja slökkvistöð sem byggð hefur verið í Mosfellsbæ.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir bygginguna hafa dregist vegna óvissu um samninga við ríkið um sjúkraflutninga. Nú þegar þeir séu í höfn sé ekkert að vanbúnaði. Verið sé að ráða starfsfólk sem upp á vanti og vonast til að nýja slökkvistöðin verði tekin í notkun fljótlega á nýju ári. - gar

Sýna yfir þrjátíu rétti:

Kokkalandsliðið vekur athygli

SAMKEPPNI Íslenska kokkalandsliðið sýnir yfir þrjátíu rétti í heimsmeistarakeppninni í matreiðslu í Lúxemborg, sem fram fer þessa dagana.

Keppnin í kalda borðinu er hafin en liðið hefur síðustu tvo sólarhringa verið að undirbúa alla réttina á kalda borðið sem nú hefur verið stillt upp í keppnishöllinni í Lúxemborg. Á borðinu eru yfir 30 réttir ásamt sykurskreytingarverki.

Kokkalandsliðið keppir í tveimur greinum í heimsmeistaramótinu.

Í fyrri keppnisgreininni fékk liðið gullverðlaun fyrir heita rétti. Úrslit í keppninni allri ráðast á fimmtudaginn þegar öll 56 löndin hafa keppt í ýmsum greinum. - glp

Óheimilt að rukka fyrir lánshæfismat

Smálánafyrirtækin gætu þurft að endurgreiða lántakendum gjald fyrir flýtimeðferð lánshæfismats. Áfrýjunarnefnd neytendamála segir innheimtu gjaldsins ólöglega. Lántakendur þyrftu að höfða dómsmál til að fá greiðslurnar til baka.

VIÐSKIPTI Smálánafyrirtækjunum Kredia og Smálánum var óheimilt að taka sérstaka greiðslu fyrir flýtiafgreiðslu lánshæfismats. Þetta er niðurstaða áfrýjunarnefndar neytendamála. Með ákvörðuninni var niðurstaða Neytendastofu sama efnis staðfest.

Fyrirtækin bjóða neytendum svokölluð smálán að fjárhæð 20 þúsund krónur og er lánstími þeirra 30 dagar. Lánið ber enga vexti en lántökukostnaður er 678 krónur. Lögum samkvæmt er lánshæfismat gert áður en samningur er gerður og tekur framkvæmd slíks mats átta daga. Á hinn bóginn býðst lántökum einnig flýtiafgreiðsla á framkvæmd lánshæfismatsins og tekur afgreiðsla þess þá aðeins um eina klukkustund. Fyrir þessa þjónustu greiða lántakendur aukalega 5.990 krónur. Það er þessi aukakostnaður sem áfrýjunarnefnd Neytendamála telur að fyrirtækjunum sé óheimilt að innheimta.

Með þessa niðurstöðu til hliðsjónar vaknar sú spurning hvort lántakendur geti nú krafið fyrirtækin Kredia og Smálán um endurgreiðslu ef þeir hafa greitt gjald fyrir flýtimeðferð á lánshæfismati. Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir að reglan sé sú að ef einkaaðilar eða opinberir fái greitt gjald sem ekki er lögmætt þá eigi samkvæmt almennum reglum kröfuréttar að endurgreiða hið oftekna gjald. Hvert tilfelli verði að skoða fyrir sig með hliðsjón af fyrningarreglum, en fyrningarfrestur sé almennt fjögur ár. „Í þessu tilviki er þetta allt frekar nýlegt og varla fyrnt en verður að skoða í hverju tilviki fyrir sig," segir hann.



SMÁLÁN Það kostar tæpar sex þúsund krónur að fá flýtiafgreiðslu á lánshæfismati. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Með slík mál verða neytendur að leita fyrst beint til fyrirtækis. Og ef ekki næst samkomulag þá er næsta skref að fara með mál til úrskurðarnefndar utan dómstóla**
>
> *Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu*

Tryggvi tekur þó skýrt fram að það sé ekki hlutverk Neytendastofu að skera úr um það sem nefnt er „einkaréttarlegur ágreiningur".

„Það er að finna út fyrir hvern og einn neytanda hvaða króna og aura hann geti átt rétt til. Með slík mál verða neytendur að leita fyrst beint til fyrirtækis. Og ef ekki næst samkomulag þá er næsta skref að fara með mál til úrskurðarnefndar utan dómstóla," segir Tryggvi. Sé ekki hægt að fá leyst úr ágreiningi í nefnd utan dómstóla þá verði aðeins leyst úr máli fyrir dómstóli. Slík málsháð un yrði kostnaðarsöm, en hugsanlega gætu lántakendur farið í hópmálsókn.

Fréttablaðið náði ekki tali af forsvarsmönnum lánafyrirtækja til að fá úr því skorið hve margir lánasamningar hefðu verið gerðir á grundvelli lánshæfismats með flýtiafgreiðslu.

jonhakon@frettabladid.is

Í ÖRYGGISGÆSLU Eiginmaður konunnar situr enn í öryggisgæslu á réttargeðdeild Landspítalans á Kleppi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Morðið í Stelkshólum:

Bíða enn eftirniðurstöðum

LÖGREGLUMÁL Enn er beðið loka niðurstaðna vegna krufningar og geðrannsóknar vegna rannsóknar á dauðsfalli í Stekkshólum. Kona fannst látin á heimili sínu í Stekkshólum í lok september og eiginmaður hennar er grunaður um að hafa valdið dauða hennar. Hann situr enn í öryggisgæslu á réttargeðdeild Landspítalans á Kleppi. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns er enn beðið krufningarniðurstaðna að utan auk geðmats á manninum. Að öðru leyti er rannsókn málsins að mestu lokið. - vh

Ferðamenn munda kortin:

Kortavelta eykst eitt skiptið enn

FERÐAÞJÓNUSTA Erlend greiðslukortavelta hér á landi var 7,1 milljarður króna í október sem er 1,5 milljarða króna aukning frá sama mánuði í fyrra, samkvæmt tölum frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Á síðustu 12 mánuðum hefur erlend greiðslukortavelta aukist um 28%. Á heimasíðu Ferðamálastofu segir að hæstu upphæðum í október vörðu erlendir ferðamenn á hótelum og gistihúsum, 1,4 milljörðum króna sem er 35,5% hærri upphæð en í sama mánuði í fyrra.

Í ýmsa ferðaþjónustu, eins og skoðunarferðir, hvalaskoðun og aðrar skipulagðar ferðir, hafa ferðamenn aukið útgjöld sín mest eða um 75%. - shá

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	19°	Friedrichshafen	11°	New York	4°
Apena	13°	Gautaborg	7°	Orlando	20°
Basel	9°	Kaupmannahöfn	7°	Ósló	1°
Berlín	4°	Las Palmas	22°	París	13°
Billund	7°	London	12°	San Francisco	17°
Frankfurt	5°	Mallorca	20°	Stokkhólmur	2°



Á MORGUN 10-18 m/s SV- og V-til, annars hægari



LAUGARDAGUR 10-15 m/s A-til, annars hægari

UMHLEYPINGASAMT Hlýnar til morguns með hita að 8 stigum en kólnar aftur á laugardag. Allhvass vindur S-til í dag og V-til á morgun. Dálítil úrkoma S- og V-lands á morgun en bætir í um allt land á laugardag með talsverðri úrkomu S-til fyrrihluta dags.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Snjór. Frost. Ís. Skiptir engu!

Quattro er yfirburða fjórhjóladrif og gefur meiri kraft og grip. Með quattro tækninni getur þú tekist á við hvaða áskorun sem þú kannt að mæta. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.

Verð frá kr. 9.040.000,-
2.0 TDI, 177 hö, sjálfskiptur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

Audi
Vorsprung durch Technik

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir verðandi landlæknir?
2. Hvað verða margir íslenskir þjálfarar í eldlínunni á HM í Katar?
3. Hvað eru margar kisur í einu í Kattholti?

SVÖR:
1. Birgir Jakobsson. **2.** Fjórir. **3.** 40 til 50.

Ekki hægt að greina á milli árangurs af sameiningu ráðuneyta og almennri hagræðingu á tímabilinu:

Sameining ráðuneyta kostaði 437 milljónir

STJÓRNSÝSLA Heildarkostnaður við sameiningu ráðuneyta á síðasta kjörtímabili nam rúmum 437 milljónum króna. Inni í þeirri upphæð er ekki kostnaður sem kom til vegna starfsmanna ríkisins sem fóru á biðlaun þegar ráðuneyti voru sameinuð.

Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Þorsteins Sæmundssonar alþingismanns um sparnað af sameiningu ráðuneyta.

Í svarinu, sem birtist á vef Alþingis í fyrradag, er farið yfir þær miklu skipulagsbreytingar sem farið var í á tímabilinu.

„Á síðasta kjörtímabili urðu þannig til þrjú ný ráðuneyti með sameiningu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti," segir í svarinu. Þar er einnig tekið fram að ýmsar tilfærslur á verkefnum og málaflokkum á milli ráðuneyta hafi leitt til nafnabreytinga á öðrum ráðuneytum.

„Ekki er hægt að greina á milli árangurs af sameiningu ráðuneyta og almennrar hagræðingar sem átti sér stað á tímabilinu."

Stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneytanna fækkaði úr 504 í maí 2009 í 477 í sama mánuði 2014. Einnig fækkaði þeim skrifstofustjórum ráðuneytanna sem voru án skrifstofu á tímabilinu.

- hg

STJÓRNARRÁÐIÐ Árið 2011 nam kostnaður vegna sameiningar ráðuneyta rúmum 311 milljónum króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SÉRSVEIT RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA Yfirlögregluþjónn segir ríkislögreglustjóra undirbúa greinargerð til ráðherra vegna kaupa á vopnum sem aukin þörf sé fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan bíður svars um byssur frá Noregi

Þörf lögreglunnar fyrir vopn er sögð óbreytt þótt Landhelgisgæslan endursendi hríðskotabyssur til Noregs. Lögreglan biður nú Norðmenn milliliðalaust um að útvega sér vopn. Vopnakaup eru ekki brýnasta verkefnið hjá Landhelgisgæslunni.

LÖGREGLUMÁL Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, segir nýja stöðu komna upp eftir að Landhelgisgæslan ákvað að skila 250 hríðskotabyssum til Noregs.

Að sögn Jóns Bjartmarz er ekki að sinni gert ráð fyrir fjárveitingum til kaupa á vopnunum.

„Það breytir því ekki að þörf lögreglunnar á vopnum er óbreytt og hefur í reynd aukist og er embættið að undirbúa greinargerð til ráðherra um kaup á búnaði, þar á meðal vopnum. Svari Norðmenn bréfi ríkislögreglustjóra um útvegun á vopnum og öðrum búnaði sem spurt var um í bréfinu verður það skoðað í ljósi svara þeirra," segir Jón í svari til Fréttablaðsins.

Fram kemur í svari Hrafnhildar Brynju Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, að 150 af byssunum 250 hafi verið ætlaðar ríkislögreglustjóra „samkvæmt beiðni hans til norskra yfirvalda". Hinar byssurnar hafi verið til endurnýjunar og viðhalds fyrir Landhelgisgæsluna. Vegna fjárskorts líði oft langur tími á milli þess að vopn og tækjakostur Landhelgisgæslunnar sé endurnýjaður.

„Landhelgisgæslan hefur ekki tekið ákvörðun um hvernig endurnýjun á vopnakostinum verður háttað. Það er verkefni sem bíður betri tíma og er ekki talið á meðal forgangsmála í rekstrinum. Önnur verkefni, svo sem endurnýjun björgunarþyrlna og bættur rekstrargrundvöllur skipa, eru mun brýnni," segir Hrafnhildur.

HRAFNHILDUR BRYNJA STEFÁNSDÓTTIR upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar

Að sögn Hrafnhildar flugu Norðmenn með vopnin hingað til lands án kostnaðar fyrir Landhelgisgæsluna og enginn kostnaður sé vegna geymslu þeirra. „Verður haft samráð við þá um flutning vopnanna til Noregs við fyrstu hentugleika," segir hún.

Þá upplýsir upplýsingafulltrúinn að Landhelgisgæslan hafi hingað til ekki þurft að greiða fyrir þau vopn sem hún hafi fengið frá Norðmönnum og öðrum nágrannaþjóðum á undanförnum árum og áratugum.

„Raunar er nær öll vopnaeign Landhelgisgæslunnar, 90 prósent, gjafir frá nágrannaþjóðunum sem tekin hafa verið úr notkun hjá þeim. Nú síðast árið 2013 bárust 10 vopn að gjöf frá Norðmönnum. Gert var ráð fyrir að það sama ætti við í þessu tilfelli," segir Hrafnhildur.

Aðspurð hvort Norðmenn geri nú kröfu um greiðslu vegna þeirra vopna sem áður voru talin gjafir svarar Hrafnhildur: „Nei, það hefur ekki komið til tals."

gar@frettabladid.is

→ Tilfelli þar sem sérsveitin hefur vopnast 2007-2013

2007	53
2008	48
2009	68
2010	63
2011	63
2012	72
2013	83

Heimild: Ríkislögreglustjóri.

Svari Norðmenn bréfi ríkislögreglustjóra um útvegun á vopnum og öðrum búnaði sem spurt var um í bréfinu verður það skoðað í ljósi svara þeirra.

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra

GAMAN AÐ SPILA SAMAN

HELDURÐU AÐ ÞÚ VITIR BETUR?

Vinsælasta spurningaspil Skandinavíu nú í íslenskri útgáfu!

Bezzerwizzer

3000 spurningar samdar og staðfærðar fyrir íslenskan markað. Hver er mesti Bezzerwizzerinn?

Aldur: 15+ Leikmenn: 2+

Vnr. 922076 **8.489**

Party & Co fjölskyldu- og partíspilið

20 ára afmælisútgáfa af þessu vinsæla fjölskyldu- og partíspili. Með 2000 nýjum þrautum og spurningum í 5 flokkum. Ávísun á nokkur óstjórnleg hláturskröst!

Aldur: 12+ Leikmenn: 4-20

Vnr. 910922 **5.990**

Fyrir púslglaða íslendinga nær og fjær

Jólapúsl. Teikningar eftir Brian Pilkington.

Vnr. 919063 **2.490**

ORÐALEIKUR SEM GERIR YKKUR BANANABRJÁLUÐ!

Bananagrams

Einfaldur og hraður orðaleikur þar sem aldur og reynsla í stafarugli skiptir engu máli. Ekki þarf penna, blað né spilaborð. Fullkomið spil hvenær sem er og hvar sem er!

Aldur: 7+ Leikmenn: 2-8

Vnr. 917401 **3.990**

Það er ávallt fjör í Latabæ

Stigaspil, Lúdó, Domino, 1-10, Combi og Memo.

5.989

1.990

2.499

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vaxandi spenna í Bandaríkjunum

Gríðarleg reiði hefur brotist út meðal þeldökkra Bandaríkjamanna eftir að ákveðið var að sækja ekki til saka lögreglumanninn sem skaut óvopnaðan ungan mann í St. Louis í sumar. Málið hefur vakið mikla athygli en er engan veginn einsdæmi í Bandaríkjunum.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

BANDARÍKIN Vonbrigði með úrskurð ákærukviðdóms í máli Michaels Brown hafa brotist út með mótmælum í borgum og bæjum víða um Bandaríkin. Ákveðið var að sækja ekki til saka lögreglumanninn, sem varð honum að bana í sumar úti á götu í Ferguson, einu úthverfa borgarinnar St. Louis.

Mótmælendur hafa rifjað upp og minnt á fjölmörg sams konar mál, þar sem hvítir löggæslumenn skjóta unga óvopnaða blökkumenn til bana. Aðeins tveimur dögum áður en ákærukviðdómur kynnti niðurstöðu sína hafði lögreglumaður í Cleveland skotið tólf ára dreng til bana. Lögregla, dómsvald og stjórnvöld öll í Bandaríkjunum eru sökuð um djúpstæða kynþáttafordóma, sem nú megi ekki draga lengur að uppræta.

Fjölskylda Michaels Brown hefur allt frá fyrsta degi lagt áherslu á að fólk forðist ofbeldi og leyfi málinu að fara sína leið í gegnum kerfið. Nú segir lögmaður foreldra hans, Benjamin Crump, að þetta ferli sé rofið: „Úti um öll Bandaríkin, hvort sem það er í New York, Los Angeles eða Cleveland, eru lögreglumenn að drepa ungt hörundsdökkt fólk," sagði hann á blaðamannafundi. „Og saksóknararnir á staðnum setja saman þennan „sanngjarna og óhlutdræga" ákærukviðdóm, og það heldur áfram að skila þessum sömu niðurstöðum."

Þá eru Sameinuðu þjóðirnar farnar að lýsa áhyggjum sínum af hlutskipti blökkumanna í Bandaríkjunum. Zeid Raad al Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, sendi frá sér yfirlýsingu um málið á þriðjudag: „Ég hef þungar áhyggjur af því að hlutfallslega of margir ungir Bandaríkjamenn af afrískum uppruna deyja eftir viðskipti við lögreglumenn, að hlutfallslega of margir Bandaríkjamenn af afrískum uppruna sitja í fangelslum og hlutfallslega of margir bíða aftöku," segir þar.

Barack Obama Bandaríkjaforseti brýndi hins vegar fyrir fólki að dómsvaldið þyrfti að hafa sinn gang: „Við erum samfélag sem byggir á réttarríkinu, og við þurfum þess vegna að sætta okkur við að það var ákærukviðdómurinn sem átti að taka þessa ákvörðun," sagði hann í ávarpi sínu á mánudag.

Það vakti svo athygli fjölmiðla vestra að þessi viðbrögð forsetans voru gjörólík viðbrögðum hans á síðasta ári þegar kviðdómur í Flórída sýknaði George Zimmerman. Zimmerman var sjálfboðaliði í nágrannavörslu og skaut Trayvon Martin, sautján ára þeldökkan menntaskólapilt sem var á leiðinnni heim til sín eftir að hafa skroppið út í búð.

Þá lýsti Obama eigin reynslu af því þegar hann, sem ungur maður, mætti tortryggni, undarlegum augnagotum og hreinlega andúð þegar hann var á ferðinni innan um fólk: „Trayvon Martin hefði getað verið ég fyrir 35 árum."

Eftir að Brown féll fyrir byssukúlum lögreglumannsins í Ferguson í sumar skrifaði móðir Trayvons Martin foreldrum Browns bréf, þar sem hún segir að dauði þeirra megi ekki verða til einskis. Baráttan fyrir réttlæti þurfi nú að eflast um allan helming:

„Við munum ekki lengur láta líta fram hjá okkur. Við munum tengjast böndum, halda áfram baráttu okkar fyrir réttlætinu og sjá til þess að þeir muni eftir börnum okkar í réttu ljósi."

MÓTMÆLI Í Cleveland og víðar í Bandaríkjunum lögðust mótmælendur á götur eins og dauðir væru, og sýndu einnig lista með nöfnum yfir fólk sem lögreglumenn hafa orðið að bana á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

➜ Skotnir af lögreglu

Í hverjum mánuði verða lögreglumenn í Bandaríkjunum tugum eða jafnvel hundruðum manna að bana. Oft eru það óvopnuð ungmenni og oftar en ekki með dökkan hörundslit. Fáein dæmi eru hér nefnd:

Tamir Rice, 12 ára, skotinn til bana á leikvelli í borginni Cleveland 22. nóvember, 2014. Hann var að sveifla byssu sem ekki var vitað hvort væri leikfangabyssa.

Michael Brown, 18 ára, skotinn 9. ágúst 2014 í Ferguson, einu úthverfa St. Louis. Lögreglumaðurinn Darren Wilson þarf ekki að svara til saka.

Kendrec McDade, 19 ára nemi í Pasadena, Flórída, margskotinn í brjóstið í húsasundi 24. mars árið 2012. Hann var óvopnaður, en lögreglumenn voru sýknaðir.

Trayvon Martin, 18 ára nemi, skotinn 26. febrúar 2012 í bænum Sanford í Flórída af sjálfboðaliða í nágrannagæslu, sem þótti hann grunsamlegur og elti hann uppi. Banamaðurinn var sýknaður.

Sean Bell, 23 ára, skotinn til bana í Queens-hverfi í New York 25. nóvember 2006. Hann hafði ætlað að gifta sig síðar um daginn. Þrír af fimm lögreglumönnum sóttir til saka, en allir sýknaðir.

Sjálfstæðisflokkur styrkist:

Fylgi flokkanna breytist lítið

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn fengi 25,4% atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar MMR. Í síðustu könnun mældist flokkurinn með 23,6% fylgi.

Fylgi Samfylkingarinnar mældist nú 16,5%, borið saman við 16,1% í síðustu könnun. Fylgi Bjartrar framtíðar mældist nú 15,5%, borið saman við 18,6% í síðustu könnun. Fylgi Framsóknarflokksins mældist nú 11,8%, borið saman við 12,3% í síðustu könnun.

Fylgi Vinstri-grænna mældist nú 11,2%, borið saman við 10,7% í síðustu könnun og mældist fylgi Pírata nú 10,6%, borið saman við 11,3% í síðustu könnun. - jhh

Nýjar fjárfestingaráætlanir:

Styrkja efnahaginn

EVRÓPA Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, kynnti í gær nýja fjárfestingaráætlun Evrópusambandsins.

Áætlað er að verja 315 milljörðum evra, jafnviði um 48 þúsund milljarða króna, til styrktar evrópskum efnahag.

Juncker kynnti meðal annars nýjan sjóð sem verður nýttur til að koma verkefnum af stað og fá fjárfesta til leggja til afgang fjár.

Í frétt BBC kemur fram að vonir standi til að áætlunin muni taka þungann af ríkisstjórnum aðildarríkjanna, sem margar hverjar standa frammi fyrir miklum skuldum vegna fjármálakreppunnar. - aí

Segir Írani ekki verða knúna til uppgjafar:

Vill viðræður áfram

AUSTURRÍKI, AP „Bandaríkin og evrópsku nýlenduríkin komu saman og beittu sér af alefli í kjarnorkumálinu til að knýja Íslamska lýðveldið til uppgjafar, en þeim tókst það ekki og þeim mun ekki takast það," sagði Ali Khameini, æðsti leiðtogi Írans.

Samkomulag tókst í Vínarborg á mánudag um að veita Írönum frest þangað til í júlí á næsta ári til þess að ná samkomulagi um kjarnorkuáform sín við Bandaríkin, Kína, Rússland, Bretland, Frakkland og Þýskaland.

Fulltrúar ríkjanna sátu að stífum fundahöldum í Vínarborg undanfarna viku, en fresturinn til að ná samkomulagi átti að renna út á miðnætti í gær.

Hassan Rúhaní Íransforseti segir Írana staðráðna í að halda áfram viðræðum. Áætlunin er sú að fyrir 1. mars verði gert samkomulag um það, hvaða ágreiningsmál þurfi að leysa. Fjórum mánuðum síðar verði svo gengið frá endanlegu samkomulagi.

CATHERINE ASHTON OG MOHAMMAD JAVAD ZARIF Fulltrúar Evrópusambandsins og Írans á samningafundi í Vínarborg á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vesturlönd hafa ekki treyst Írönum til þess að koma sér upp kjarnorkuverum, jafnvel þótt írönsk stjórnvöld hafi jafnan fullyrt að þau ætli sér eingöngu að nota kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi. - gb

TOYO TIRES
driven to perform

Heimild:
Veðurspá sunndagsins 30. nóvember samkvæmt mbl.is.

ÖRYGGI ALLAN HRINGINN
TOYO TIRES
driven to perform

Nú er Toyo í kortunum!

Toyo harðskeljadekkin hafa sannað sig við íslenskar aðstæður

Eitt helsta einkenni íslenska vetrarins er hversu snögglega hann sýnir sig með tilheyrandi breytingum á færð og öryggi. Þökk sé veðurfræðingunum okkar getum við oft haft vaðið fyrir neðan okkur í þeim efnum.

Nú eru umhleypingar, snjókoma og hálka í kortunum víða um land og því bendum við á að það er akkúrat veður fyrir Toyo harðskeljadekk.

Spáðu í öryggi þitt og þinna með Toyo.

Söluaðilar um land allt

Upplýsingar í síma 590 2045
eða á www.benni.is



Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

- Fiskislóð 30, Reykjavík
- Grjótháls 10, Reykjavík
- Lyngás 8, Garðabæ
- Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
  S: 561 4200

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

- Hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 8

S: 590 2045

Hagfræðideild Landsbankans segir að staðan á vinnumarkaði hafi batnað nær stöðugt undanfarin ár:

Atvinnuleysið verður meira en fyrir hrun

EFNAHAGSMÁL Atvinnuleysi á Íslandi verður tæplega aftur jafn lítið og það var fyrir hrun og ætla má að jafnvægisatvinnuleysi verði í framtíðinni meira en áður hefur þekkst á íslenskum vinnumarkaði. Þetta segir í nýrri hagspá Hagfræðideildar Landsbanka Íslands.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar, segir að fyrir hrun hafi ekki verið óalgengt, þegar þenslan var sem mest, að atvinnuleysið færi undir eitt prósent. „Það er miklu lægra en sem nemur stöðugu verðlagi. Í Svíþjóð er jafnvægisatvinnuleysið metið á yfir sex prósent. Það er þá það atvinnuleysisstig sem menn telja að samræmist verðstöðugleika," segir Daníel. Þetta séu þau mörk sem þurfi til að halda verðstöðugleika.

Í hagspánni segir að staða á vinnumarkaði hafi batnað nær stöðugt undanfarið. Atvinnuleysi var mest í byrjun árs 2010 en hefur minnkað mikið. Starfandi fólki fór þó ekki að fjölga í umtalsverðum mæli fyrr en í fyrra þegar tæplega 6.000 manns bættust í hópinn. Í ár hefur staðan batnað enn frekar, atvinnuleysi minnkar reyndar hægar en áður, en batinn kemur fram í aukinni atvinnuþátttöku.

Þá segir að langtímaatvinnuleysi hafi farið minnkandi. Á þriðja ársfjórðungi 2014 höfðu 0,5 prósent vinnuaflsins verið atvinnulaus í tólf mánuði eða lengur samanborið við 1% vinnuaflsins á þriðja fjórðungi 2013. Langtímaatvinnuleysi hefur ekki mælst jafn lágt síðan á þriðja ársfjórðungi 2009. - jhh

HAGSPÁIN KYNNT Á meðal fundargesta var Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hönnunarsjóður Auroru:

Sjö verkefni fengu styrki

STYRKIR Úthlutun úr Hönnunarsjóði Auroru fór fram í gær. Í þessari haustúthlutun sjóðsins hlutu alls sjö verkefni styrki; Hildur Yeoman fatahönnuður, Or Type leturútgáfa, sprotafyrirtækið RóRó, JÖR, Katla Maríudóttir sem er nýútskrifaður arkitekt, Kron by Kronkron sem er eitt af leiðandi merkjum íslenskrar fatahönnunar og tímarit um hönnun og arkitektúr. Styrkirnir eru frá 800.000 kónum upp í tvær milljónir króna. - glp

Á SUÐURLANDI Ný embætti lögreglustjóra verða til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áhyggjur af lögreglumálum:

Tryggja verður fé til embætta

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Hornafjarðar segist hafa þungar áhyggjur af fjármögnun nýrra lögreglustjóra- og sýslumannsembætta á Suðurlandi.

Mikilvægt sé að þjónusta skerðist ekki frá því sem er og tryggð verði staða löglærðs fulltrúa hjá embættinu á Hornafirði, segir í tilkynningu frá bæjarráðinu. - gar

Útflutningur á lambakjöti til Rússlands sexfaldaðist

Fyrsta sending Kaupfélags Skagfirðinga af fersku lambakjöti til Rússlands fór í verslanir þar í landi í haust. Um 60 tonn af kjöti geymd í frystigeymslum í Sankti Pétursborg. Sala á lambakjöti til Bandaríkjanna dróst saman.

VIÐSKIPTI Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hefur flutt út rúm 60 tonn af lambakjöti til Rússlands á síðustu þremur mánuðum. Útflutningurinn hefur sexfaldast á einu ári en sala á lambakjöti til Bandaríkjanna dregist saman um 15 prósent.

Þetta segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS á Sauðárkróki. „Það fóru tvær prufusendingar til Rússlands í haust sem innihéldu tvö og hálft tonn af ferskum lambalundum, lambakórónum og öðrum svona betri bitum. Kjötið fór til verslanakeðjunnar Azbuka Vkusa sem má líkja við verslanir Whole Foods í Bandaríkjunum. Viðtökurnar voru góðar sem gefur góð fyrirheit fyrir næsta haust," segir Ágúst.

Fyrirtækið hefur einnig flutt út um 60 tonn af frosnu lambakjöti sem er geymt í frystigeymslum IceCorpo í Sankti Pétursborg. KS á helmingshlut í IceCorpo en fyrirtækið var stofnað í vor og sér um sölu- og dreifingu á kjötinu í landinu.

„Það kjöt er komið í dreifingu til veitingahúsa og ég mun fara til Rússlands í næstu viku með fyrrverandi landsliðskokki til að kynna vöruna á matreiðslunámskeiðum sem verða haldin fyrir kokka á helstu veitingahúsum Sankti Pétursborgar," segir Ágúst. Hann segir fyrirtækið stefna að því að senda aðra sendingu af frosnu lambakjöti til Rússlands eftir áramót. KS á einnig helmingshlut í Sláturhúsi KVH á Hvammstanga sem hefur selt um 200 tonn af fersku lambakjöti á ári til verslanakeðjunnar Whole Foods í Bandaríkjunum.

„Það er búið að taka 15 til 20 ár að koma þessu inn á Bandaríkin en við fórum einungis að horfa til Rússlands fyrir um þremur árum. Útflutningurinn til Bandaríkjanna dróst saman um einhver 30 tonn í haust en það eru ákveðnar skýringar á því sem tengjast auknu framboði á lambakjöti frá Ástralíu í verslunum Whole Foods."

Ágúst segir erfitt að bera saman verð á fersku íslensku lambakjöti í verslunum í Rússlandi og Bandaríkjunum.

LAMBAKJÖT Erlendur Garðarsson segir utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í Moskvu hafa veitt mikla aðstoð við að koma kjötinu í sölu í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta haust var auðvitað prufukeyrsla hjá okkur í Rússlandi og við vorum því með tilboðsverð fyrir vikið. Verðin sem við erum að keyra á þar eru sambærileg og hér innanlands en ívið hærri í Bandaríkjunum," segir Ágúst.

„Svo erum við búin að selja allt ærkjötið sem fór til Rússlands, hátt í 200 tonn, og slátra hrossunum sem fara inn á þennan markað."

Sláturfélag Suðurlands (SS) hefur einnig selt frosið lamba-, hrossa- og ærkjöt til Rússlands. Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri SS, segir fyrirtækið skoða að hefja útflutning á fersku lambakjöti til landsins.

„Rússlandsmarkaður er vaxandi og spennandi og við erum að horfa þangað," segir Guðmundur.

Erlendur Garðarsson markaðsráðgjafi hefur flutt út kjöt til Rússlands í mörg ár og aðstoðað bæði KS og SS við þeirra útflutning.

„Það er einnig verið að flytja aðrar kjötvörur til landsins, sem við höfum ekki haft farveg fyrir, eins og hjörtu og lifur úr hrossum og hrossafitu. Þetta allt hefur gert það að verkum að Rússland er nú með stærri viðskiptalöndum okkar í kjötafurðum. Þessi markaður er því orðinn mjög mikilvægur fyrir íslenskan landbúnað. Ef þú ert farinn að selja hófa og klaufir þá ertu í góðum málum og við erum að nálgast það óðfluga," segir Erlendur.

haraldur@frettabladid.is

Þetta haust var auðvitað prufukeyrsla hjá okkur í Rússlandi og við vorum því með tilboðsverð fyrir vikið.

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga KS

Rakavarnar- og byggingaplast

Vottuð vara!

Rakaþolplast, verð aðeins **10.590** kr. pr. 100 m² rúlla.

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 www.murbudin.is

HÚN KEMUR ÚT Í DAG

Einn snjallasti húmoristi landsins fer á kostum í þessari meinfyndnu bók.

Útgáfuhóf í Eymundsson Skólavörðustíg í dag kl. 17.00 - Allir velkomnir

Glæsilegt útgáfutilboð í öllum verslunum Eymundsson

UNDUR OG STÓRMERKI www.undur.is

DEBENHAMS

GERÐU GÓÐ KAUP „BLACK FRIDAY"

*fimmtudag og föstudag!**

AF ÖLLUM SNYRTIVÖRU-GJAFAKÖSSUM*

20% AFSLÁTTUR *Gildir ekki af vörum frá MAC

40% AFSLÁTTUR AF: SNOWFLEECE NÁTTSLOPPUM FYRIR DÖMUR

redherring

40% AFSLÁTTUR AF: RED HERRING STÍGVÉLUM FYRIR DÖMUR

JASPER CONRAN



40% AFSLÁTTUR AF: ÖLLUM DÖMU TÖSKUM & SEÐLA-VESKUM FRÁ JASPER CONRAN & FIORELLI

JEFF BANKS LONDON

40% AFSLÁTTUR AF: PEYSUM FYRIR HERRA FRÁ JEFF BANKS

40% AFSLÁTTUR AF: ÖLLUM SEÐLAVESKUM FYRIR HERRA

40% AFSLÁTTUR AF: ÖLLUM HERRAINNISKÓM

JASPER CONRAN RJR. JOHN ROCHA

40% AFSLÁTTUR AF: ÖLLUM BARNAÚLPUM FRÁ JASPER CONRAN & ROCHA

principles BY BEN de LISI STAR BY julienmacdonald

40% AFSLÁTTUR AF: ÖLLUM KJÓLUM FRÁ PRINCIPLES & JULIEN MACDONALD

THE COLLECTION DEBENHAMS

40% AFSLÁTTUR AF: ÚRVALI AF DÖMUPEYSUM FRÁ COLLECTION

THE COLLECTION DEBENHAMS

40% AFSLÁTTUR AF: „COL SB MAC" RYKFRÖKKUM FRÁ COLLECTION

40% AFSLÁTTUR AF: ÚRVALI AF INNISKÓM FYRIR DÖMUR

& fullt af öðrum tilboðum!

*Öll tilboð gilda í dag og á morugn (fimmtudag og föstudag) á meðan birgðir endast.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

OPIÐ FRÁ 11:00 TIL 21:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

ORKUSKIPTI Í SAMGÖNGUM OG Í SJÁVARÚTVEGI

700.000 TONN af jarðefnaeldsneyti er árleg heildarnotkun Íslendinga í samgöngum á sjó og landi, sem eru um **tvö tonn á hvert mannsbarn**.

150.000 TONNUM af olíu er brennt á **íslenska fiskiskipaflotanum** á ári.

10% Markmið stjórnvalda í orkuskiptum í sjávarútvegi er að vistvænt eldsneyti verði **10% af heildarnotkun skipaflotans** árið 2020.

0,06 PRÓSENT 90 tonn af lífdísil voru notuð árið 2013 eða **0,06% af markmiði stjórnvalda** um orkuskipti árið 2020.

3.000 tonnum þarf að bæta við notkun á vistvænu eldsneyti að jafnaði næstu **fimm ár**.

1,3 prósent af heildarnotkun eldsneytis á bílaflotann eru vistvæn. Talið að það hlutfall verði 6–7% árið 2020.

Markmið stjórnvalda út í hafsauga

Aðeins 90 tonn af vistvænu eldsneyti runnu á tanka íslenskra skipa í fyrra. Það eru 0,06% af markmiði stjórnvalda um orkuskipti í sjávarútvegi fyrir árið 2020. Markmiðið er ekki stutt neinum sértækum aðgerðum, ólíkt því sem gerist vegna bílaflotans þar sem mun betur gengur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Aðeins 90 tonn af vistvænu eldsneyti runnu á tanka íslenskra skipa á síðasta ári. Ef markmið stjórnvalda um orkuskipti í sjávarútvegi á að nást fyrir árið 2020 þarf að bæta 14.910 tonnum við á næstu fimm árum – eða þrjú þúsund tonnum á ári.

0,06 prósent

Nýlega sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í ræðu að íslensk stjórnvöld hefðu sett sér það markmið í orkuskiptum í sjávarútvegi að vistvænt eldsneyti verði 10% af heildarnotkun skipaflotans árið 2020. Ráðherra sagði hins vegar að gera þyrfti, „…miklu, miklu betur“, ef þetta markmið ætti að nást. Áhersla ráðherra á snör handtök kemur ekki á óvart þar sem íslensk fiskiskip notuðu árið 2013 150 þúsund tonn af olíu. Af því voru aðeins 0,06% vistvænt eldsneyti.

Ræðuskraut?

Sigurður lagði áherslu á að hér væri um brýnt umhverfis- og ímyndarmál sjávarútvegsins að ræða, en ræðan var flutt á stofnfundi nýrra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Hann benti á að nýlega úthlutaði innanríkisráðherra styrkjum til orkuskipta í skipum þar sem lögð er áhersla á notkun innlendra orkugjafa, vistvænt eldsneyti og minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Þetta væri viðbót við framtak einstakra útgerðarfyrirtækja. „Takist vel til má ætla að framboð og notkun á vistvænu eldsneyti aukist mjög á komandi árum,“ sagði ráðherra. En er markmið stjórnvalda raunhæft eða ræðuskraut á tyllidögum?

Tvö tonn á haus

Á það hefur verið bent að orkusparnaður og bætt orkunýting ásamt nýtingu vistvænna orkugjafa eru öflugustu aðferðirnar við að draga úr kolefnislosun í takt við alþjóðlegar kröfur þar um. Við Íslendingar getum bent á þá staðreynd að nánast öll raforka og húshitun kemur frá kolefnisfríum orkugjöfum, en á sama tíma notum við í samgöngum og fyrir fiskiskipaflotann um 700.000 tonn af jarðefnaeldsneyti, sem eru um tvö tonn á hvert mannsbarn.

Aðhald og styrkir

Fréttablaðið leitaði til Ágústu S. Loftsdóttur, verkefnisstjóra hjá Orkustofnun, með þá spurningu hver staðan væri í orkuskiptum í samgöngum í raun, og þá sérstaklega í sjávarútvegi.

Ágústa, sem annast sérstaklega mál er varða eldsneyti og vistvæna orku hjá Orkustofnun, segir ráðherra vissulega hafa haft rétt fyrir sér. Það þurfi að gera miklu, miklu betur.

Hún bendir á að athyglisvert sé að bera saman bíla og fiskiskip í þessu sambandi. Hægt hafi gengið að koma á vistvænu eldsneyti á bíla, og Íslendingar séu töluverðir eftirbátar nágrannaþjóðanna. Þó séu blikur á lofti og árangur teljanlegur undanfarið, og vistvænt eldsneyti árið 2013 nam 1,3% af heildarnotkuninni. Það var nær tvöföldun frá árinu áður.

„Það sem breyttist var að lögum um vörugjöld á bíla var breytt til að hygla vistvænum bílum, og lögum um bifreiðagjöld var breytt í sama tilgangi. Lögum um vörugjöld á eldsneyti var breytt þannig að vistvænt eldsneyti bæri ekki vörugjöld, kolefnisgjald sett á jarðefnaeldsneyti og lög sett sem beinlínis skylda olíufélögin til að selja ákveðið hlutfall af vistvænu eldsneyti á bíla. Þá eru ótaldir styrkirnir sem hafa verið veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna á þessu sviði en þær upphæðir hlaupa á hundruðum milljóna, sem og átaksverkefni bæði hjá ríki og sveitarfélögum,“ segir Ágústa og bætir við: „Til orkuskipta í skipum hafa verið veittar 30 milljónir í rannsóknarstyrki fyrir um einu eða tveimur árum síðan.“

Fá teikn á lofti

Þrátt fyrir þennan mikla mun á aðgerðum, eru markmiðin á þessum tveimur sviðum engu að síður alveg hliðstæð; það er stefnt á að hlutfall vistvæns eldsneytis verði 10% árið 2020.

„Það er óvíst að við náum bílamarkmiðinu; ef ég ætti að veðja á einhverja tölu myndi ég skjóta á 6-7% af vistvænu eldsneyti á bíla árið 2020 að öllu óbreyttu. Það er alveg dagljóst að við náum ekki fiskiskipamarkmiðinu, jafnvel þótt farið væri í víðtækar og sterkar aðgerðir núna strax. Hins vegar eru fá teikn á lofti um miklar aðgerðir stjórnvalda, burtséð frá orðum ráðherra,“ segir Ágústa.

Krónur og aurar

„Stóra vandamálið með vistvænt eldsneyti á sjó er alveg það sama og stóra vandamálið með vistvænt eldsneyti á bíla. Það er ekki tæknin, það er ekki mannlegi þátturinn, það er ekki efnafræðin og það er ekki vanþekking skipsstjórnenda. Vandamálið er það, að vistvænt eldsneyti er dýrara en jarðefnaeldsneyti. Það hefur alltaf reynst erfitt að setja verðmiða á mengun eða losun CO2, sem þýðir það að jarðefnaeldsneyti er í raun niðurgreitt af umhverfinu,“ segir Ágústa.

Í HÖFN Tæknin er fyrir hendi til orkuskipta, en menn heykjast á því vegna kostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tæknilegar hindranir eru ekki í veginum

Hvað varðar möguleika okkar til að nýta vistvænt eldsneyti á sjó þá eru þeir allmargir og fjölgar ört. Nú þegar geta menn keypt lífdísilolíu unna hér heima sem hentar á skip. Auðvitað er einnig hægt að flytja inn slíka olíu; olíufélögin gera það nú þegar til að blanda í dísilolíu á bíla. Tæknilegu hindranirnar við notkunina eru auk þess engar.

En það er margt fleira sem kemur til greina á sjó, að sögn Ágústu. Sumir vélaframleiðendur eru að prófa sig áfram með metanól og DME sem eldsneyti á skip en það er dísil-eldsneyti á gasformi.

„Svo er verið að skoða, svo ótrúlega sem það hljómar, batteríknúin skip. Þetta eru þá gjarnan ferjur eða skip sem sigla styttri vegalengdir. Norðursigling á Húsavík er með afskaplega áhugavert verkefni í farvatninu sem er 100% vistvænt hvalaskoðunarskip sem væri seglknúið en með rafmótor til vara. Það sem gerir það verkefni einstakt á heimsvísu er að þeir ætla líka að láta skrúfuna hlaða rafhlöðuna með því að snúast „öfugt“ þegar hægja þarf á skipinu. Þetta er sama hugmynd og með Toyota Prius-eldsneytis/rafbílinn,“ segir Ágústa og bætir við að miklu sé hægt að ná með orkusparnaði. Þá er það bæði orkusparnaðarbúnaður og mörg atriði í hönnun skips og veiðarfæra sem skipta máli, s.s. málning á skipsbotninum, hönnun toghlera, rétt stærð og gerð skipsskrúfunnar.

„Hins vegar eru fá teikn á lofti um miklar aðgerðir stjórnvalda, burtséð frá orðum ráðherra.

Ágústa S. Loftsdóttir, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun

HAUST TILBOÐ

25-50% AFSLÁTTUR

50% afsláttur af aukahlutum með öllum seldum rúmum.

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Sérsmíðum heilsurúm í öllum stærðum
Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum

Rafstillanleg heilsurúm
Tvíbreitt
Verð frá 346.995.-

Tvíbreið heilsurúm	
Verð frá:	
150x200 cm	***138.600.-***
160x200 cm	***149.171.-***
180x200 cm	***152.824.-***

Einbreið heilsurúm	
Verð frá:	
80x200 cm	***75.240.-***
90x200 cm	***77.617.-***
120x200 cm	***96.346.-***

Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða.

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ETANÓL ÖRNUM

VERÐ FRÁ 34.950.-

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

BÓKA–DÓTA–JÓLA–HVAÐ?

Fjarstýrður bíll - Grafa eða vörubíll
Verð: 6.499.-

Hnattlíkan Discovery 30 cm með ljósi
Verð: 8.499.-

Tafl
Verð: 7.899.-

Samstæðuspil Sjóræningja eða Prinsessu
Verð: 1.999.-

Barbapabba lúdó
Verð: 3.999.-

Fjarstýrður bíll 360° Twister
Verð: 6.499.-

Top Model hönnunarbók
Verð: 3.499.-

Píluspjald & pílur
Verð: 2.699.-

Púsl - Lína langsokkur
Verð: 3.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

Vörur

Sveitasæla
Vildarverð: 5.999.-

Ástarmeistarinn
Vildarverð: 5.799.-



Litlu dauðarnir
Vildarverð: 4.999.-

Saga þeirra, sagan mín
Vildarverð: 5.799.-

Leyndarmál tapasbarsins
Vildarverð: 5.999.-

Náttblinda
Vildarverð: 5.799.-

Ókyrrð
Vildarverð: 5.799.-

Árleysi árs og alda
Vildarverð: 4.999.-



Læknirinn í eldhúsinu - Veislan endalausa
Vildarverð: 6.399.-

Nenni ekki að elda
Vildarverð: 3.999.-

Íslenskt pjrón
Vildarverð: 4.899.-

Tvöfalt prjón
Vildarverð: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárugötu 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

urval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er frá 27. nóvember, til og með 30. nóvember. Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Rannsókn í Danmörku:

Fleiri börn lesa bækur í frítíma

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var við Háskólann í Árósum í Danmörku sýna að fleiri skólabörn lesa bækur í frítíma sínum en fyrir 10 árum. Þá misstu þau yfirleitt áhuga á lestri bóka í fjórða bekk grunnskólans en nú er það ekki fyrr en í sjötta bekk sem áhuginn dvínar, að því er danskir fjölmiðlar greina frá.

Formaður Félags dönskukennara segir að dönskukennarar geti að miklu leyti þakkað sér þessa þróun. - ibs

Forvarnarefni gegn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í samböndum unglinga:

Kennsluefni um samskipti unglinga

Embætti landlæknis hefur gefið út á prenti kennsluefni um heilbrigð samskipti sem hugsað er sem forvarnarefni gegn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í samböndum unglinga, að því er segir í frétt á vef embættisins.

Námsefnið, sem ber heitið Örugg saman, byggir á gagnreyndum aðferðum og er ætlað til kennslu fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla. Námsefnið hefur verið tilraunakennt í skólum og félagsmiðstöðvum hér á landi og verið vel tekið bæði af nemendum og kennurum.

Á heimasíðu landlæknis segir að vonast sé til þess að þetta námsefni verði tekið til kennslu í sem flestum grunnskólum á landinu, enda fyrsta heildstæða námsefnið af þessu tagi á Íslandi, og kærkomin viðbót við þau mikilvægu verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við ofbeldi á undanförnum árum, m.a. í tengslum við Vitundarvakningu velferðarráðuneytisins, innanríkisáðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Námsefnið verður formlega kynnt í Smáraskóla þann 2. desember næstkomandi. Dagskráin hefst kl. 15.00 með stuttri kynningu á efninu og tilurð þess.

Allir eru velkomnir á þessa kynningu, bæði starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva, foreldrar og aðrir áhugasamir. - ibs

ÖRUGG SAMAN Námsefni landlæknis er ætlað til kennslu fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla. NORDICPHOTOS/GETTY

RISA

ÍÞRÓTTA-, ÚTIVISTAR- OG LEIKFANGAMARKAÐUR

Í Laugardagshöll dagana 21.-30. nóvember. Stærsti markaðurinn hingað til. Nú hefur LEIKBÆR bæst í hópinn með úrval leikfanga á frábæru verði.

LAUGARDALSHÖLL

Opnunartími
Mánud.-föstud. frá kl. 14.00 – 20.00
Laugard.-sunnud. frá kl. 12.00 – 18.00
Opnum föstudaginn 21. nóvember kl. 14.00

Ameríkuverð á skóm og fatnaði
Allt að 60% afsláttur af leikföngum

Sérfræðingar Eins og Fætur Toga í göngugreiningum ráðleggja með val á skóbúnaði.

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir alla fjölskylduna

Meiri áhætta vegna reykinga á unga aldri

Reykingar ungra stúlkna fyrir fæðingu fyrsta barns auka hættuna á að þær fái brjóstakrabbamein síðar á ævinni. Samhengi reykinga og brjóstakrabba staðfest.

Samhengi milli reykinga og brjóstakrabbameins hefur nú í fyrsta sinn verið staðfest, að því er segir í frétt á vef norska ríkisútvarpsins. Því fyrr sem stúlkur byrja að reykja, þeim mun meiri er hættan á að þær fái brjóstakrabbamein síðar á ævinni.

„Reykingar hjá ungum konum eru sennilega hættulegri en við gerðum okkur grein fyrir áður, einkum hjá þeim sem ekki hafa eignast sitt fyrsta barn," segir vísindamaðurinn og læknirinn Eivind Bjerkaas á Háskólasjúkrahúsinu í Tromsø í viðtali við norska ríkisútvarpið. Vegna doktorsverkefnis síns rannsakaði hann gögn frá 1974 til 2003 um heilsufar 300 þúsunda kvenna.

Læknirinn tekur það fram að áður hafi margar konur í Noregi reykt og allt að 40 prósent allra kvenna í Noregi á vissu tímabili. Það kunni að skýra að hluta til hvers vegna margar konur þar fái brjóstakrabbamein.

Mesta athygli vekja áhrifin af reykingum ungra stúlkna og kvenna á heilsufar þeirra síðar á ævinni. Að sögn Bjerkaas er áhættan mest af reykingum þegar brjóstvefurinn er að þroskast, frá 12 til 14 ára þar til konur eru orðnar um 30 ára. Hættan á að fá krabbamein er 15 prósentum meiri hjá konum sem byrja að reykja áður en þær verða barnshafandi, að því er rannsókn Bjerkaas leiddi í ljós. Áður en konur eignist sitt fyrsta barn sé brjóstvefurinn sérstaklega viðkvæmur fyrir reykingum og hættulegum eiturefnum sem eru í sígarettum.

Bjerkaas bendir á að þar sem nútímakonur bíði gjarnan með barneignir þar til þær eru komnar á miðjan fertugsaldur sé sá tími sem brjóstin eru óþroskuð sérstaklega langur. Frumuskiptingar í brjóstinu séu hraðar alveg fram að því að konur gefi barni brjóst í fyrsta sinn. Eiturefni frá reykingum geti þá leitt til þess að eitthvað fari úrskeiðis.

Rannsóknir Bjerkaas leiddu í ljós að konur sem reykja eru í meiri hættu á að deyja úr brjóstakrabbameini. Jafnframt sýndu niðurstöður að konum sem reykja eftir að þær eignast sitt fyrsta barn er ekki hættara við að fá brjóstakrabbamein heldur en öðrum konum.

Laufey Tryggvadóttir, prófessor og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, segir það ekki koma á óvart að varanleg áhættuaukning tengist reykingum á unga aldri því að brjóstvefurinn sé einstaklega næmur fyrir stökkbreytivöldum á því tímabili. „Á þessum aldri virðist vera mikið um frumuskiptingar og aðeins lítill hluti brjóstvefjarins búinn að taka út endanlegan þroska og því er hann berskjaldaðri fyrir stökkbreytivöldum. Reykingar eru þekktur stökkbreytivaldur og því hafa ýmsir undrast að rannsóknir hafi ekki fyrr gefið óyggjandi til kynna samband milli reykinga og brjóstakrabbameins. Þetta skýrist væntanlega af því að kvenhormónar tengjast líka aukinni brjóstakrabbameinsáhættu en reykingar draga aftur á móti úr framleiðslu þeirra sem dregur þá aftur úr áhrifum þeirra stökkbreytinga sem reykingarnar valda í brjóstunum. Þau áhrif ná að yfirgnæfa áhrif reykinga eftir fæðingu fyrsta barns."

ibs@frettabladid.is

REYKINGAR Áður en konur eignast sitt fyrsta barn er brjóstvefurinn sérstaklega viðkvæmur fyrir reykingum og hættulegum eiturefnum sem eru í sígarettum. NORDICPHOTOS/GETTY

> Reykingar eru þekktur stökkbreytivaldur og því hafa ýmsir undrast að rannsóknir hafi ekki fyrr gefið óyggjandi til kynna samband milli reykinga og brjóstakrabbameins.
>
> *Laufey Tryggvadóttir, prófessor og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár.*

BRJÓSTAGJÖF Frumuskiptingar í brjóstum eru hraðar alveg fram að því að konur gefa barni brjóst í fyrsta sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

15%

meiri líkur eru á að konur sem byrja að reykja áður en þær verða barnshafandi fái krabbamein.

HRÆRIVÉLAR
15%
AFSLÁTTUR

Electrolux
KENWOOD
BOSCH
DOMO

BRAUÐRISTAR & KATLAR
20%
AFSLÁTTUR

KAFFIVÉLAR
20%
AFSLÁTTUR

TÖFRASPROTAR
25%
AFSLÁTTUR

VÖFFLUJÁRN
25%
AFSLÁTTUR

ELDHÚSVOGIR
50%
AFSLÁTTUR

KAUPTU NÚNA
OG SPARAÐU NÆSTU 4 DAGA*
15-50%
AF JÓLAGJÖFUM

Electrolux
ESB-4700 Powermix Silence
Hljóðlátasti blandarinn sem um getur. . Þríhyrningslöguð glerkanna tryggir betri blöndun þar sem hráefnið kastast betur til og sogast betur ofan í hnífinn. Minikvörn fylgir fyrir með. Stiglaus hraðastilling.
Fullt verð kr. 24.990.-

17.990
SPARAÐU 7.000

9.990
34% AFSLÁTTUR

PRINCESS
203040 Safapressa
Öflug safapressa með 700W gæðamótor, og breiðum áfyllingarstút sem tekur heila ávexti. Auðveld í þrifum. Burstað stál. Fullt verð kr. **14.990**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
5.555
42% AFSLÁTTUR

TRISTAR
GR-2841 Mínútugrill með riffluðum grillfleti
Tilvalið til að steikja hamborgara, steikur, samlokur, pylsur & pannini. Lagar sig að þykkt og formi. Fullt verð kr. **9.490**

TOPCOM
10002637 Nuddtæki
Nuddtæki með mjög kröftugu nuddi. Infrarautt ljós örvar blóðrásina Hægt að losa höfuðuð frá og festa á hendina til að veita þægilegt nudd 3 nuddhausar. Verð áður kr. 9.990

5.990
40% AFSLÁTTUR

Electrolux
UltraPerformer pokalaus ryksuga
Engin fyrirstaða með óhindruðu loftflæði, jafnvel þótt ryktankur sé nær fullur. Auðveld losun með tveimur handtökum. Cyclonic tækni þar sem rykið þyrlast í ryktanknum án þess að metta og blinda inntaksopið
HEPA12 öragnasía
12 metra vinnuradíus
330W sogvött
DustMagnet ryksugu-haus
Stillanlegur sog-kraftur
Hæðastilling á skafti
Gúmmihjól
Fullt verð kr. **39.900**

33.333
SPARAÐU 6.567

BRAUN Oral-B
DB-4010 Rafhlöðudrifinn tannbursti
Fáðu betri tannheilsu og skínandi bros með þessum sniðuga rafhlöðudrifna tannbursta frá Oral B. Fullt verð kr. **3.990**

1.995
50% AFSLÁTTUR

3.990
34% AFSLÁTTUR

BRAUN
FG-1100 Silk´n'Finish bikini trimmier
Með þessum Braun Silk Finish bikini dömutrimmer er hægt að snyrta óæskileg hár á viðkvæmum stöðum, án þess að erta húðina. Með honum er jafnframt hægt að gefa sköpunargáfunni lausan tauminn og móta bikinisvæðið eftir ákveðnum óskum og formi. Léttur, meðfærilegur og gengur fyrir rafhlöðu. Fullt verð kr. **5.990**

TRISTAR
TR-2552 Hár- & skeggsnyrtir
Vandaður hár- og skeggsnyrtir með stillanlegri sídd og fínstillingu fyrir skegg og barta. Hleðslustandur og 45 mín hleðsla. Verð áður kr **5.990**

4.444
SPARAÐU 1.546

2.990
25% AFSLÁTTUR

DOMO
DO-9090W Ferðavog
Vigtaðu farangurinn áður en farið er í flug og forðastu að borga fyrir yfirvigt.
Verð áður kr. 3.990

Rafha ehf

Opið alla helgina
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

*Tilboðin gilda 27.-30. nóvember 2014. Gildir ekki um áður lækkuð verð.

Eiginfjárhlutfallið tvöfaldað:

Hagnaður OR 7,9 milljarðar

Hagnaður samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á fyrstu níu mánuðum ársins nam 7,9 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður (EBIT) var 11,3 milljarðar.

Í tilkynningu Orkuveitunnar segir að eiginfjárhlutfall fyrirtækisins hafi hækkað stöðugt með niðurgreiðslu skulda undanfarin ár og sé nú 31,1% og hafi meira en tvöfaldast frá hruni.

Árshlutareikningurinn var staðfestur af stjórn og forstjóra í vikunni. - aí

Björgólfur Thor Björgólfsson fór bara í eitt viðtal á Íslandi eftir fall bankanna:

Leiðréttir goðsagnir um hrunið

Í nýrri bók Björgólfs Thors Björgólfssonar fjárfestis sem út kemur í dag segist hann fjalla um efnahagshrun Íslands með hálfum huga. Reiði og leit að sökudólgum, auk harðra viðbragða við eina viðtalinu sem hann fór í eftir hrun, hafi dregið úr honum. Það sé hins vegar vilji til þess að hið rétta komi fram sem ráði umfjölluninni fremur en að hann vilji rétta sinn hlut.

Björgólfur segir að leiðrétta þurfi goðsögnina um að orsaka hrunsins sé að leita í íslensku bönkunum og vitnar til orða prófessor Roberts Aliber um að rót þess sé að finna í brotalömum alþjóðafjármálakerfisins. „Sjálfur trúi ég því að hrunið hafi verið óumflýjanlegt vegna efnahagsstefnu stjórnarinnar og vaxtastefnu Seðlabankans, þótt ég viðurkenni auðvitað að bankarnir deili sökinni með of hröðum vexti."

Þá segir hann rangt að fall bankanna hafi haft hlutfallslega meiri neikvæð áhrif á húsnæðiseigendur hér. „Allt bendir til að erlendir lánveitendur bankanna hafi orðið verst úti." Skaði húsnæðiseigenda sé að stærstum hluta vegna hruns krónunnar og skuldastöðu landsins. „Íslensku bankarnir eru blóraböggl-ar fyrir stærri kerfislægar brotalamir heimafyrir og erlendis," segir hann. „Það er aðallega vegna þess að sú skýring hentar öflum bæði á vinstri vængnum, sem fengu þar staðfestingu á sjónarmiðum sínum um kapítalisma og leið inn í ríkisstjórn, og hægri vængnum sem beina vildi athyglinni frá misheppnaðri efnahagsstefnu sinni." - óká

KÁPAN Ný bók, Billions to Bust and Back, fjallar um Björgólf Thor Björgólfsson.

STAFAKARLARNIR Sumir kunna að muna eftir Stafakarlaforritinu, en slíkt verkefni fellur að þeirri mynd sem Norðmenn mega styrkja samkvæmt ákvörðun ESA.

ESA gefur út nýtt álit:

Mega styðja við tölvuleikina

Áætlun Noregs um ríkisstuðning við þróun, kynningu og dreifingu gagnvirkrar framleiðslu, svo sem tölvuleikja, hefur fengið heimild ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Norðmenn vilja efla framleiðslu og auka úrval gagnvirks efnis á norsku, þar sem markaðsaðstæður og tekjuöflun kunna að vera takmörkunum háðar.

Stuðningurinn snýr sérstaklega að vörum sem ætlaðar eru fyrir börn og ungmenni, um leið og stutt er við dreifingu varningsins bæði í Noregi og annars staðar. - óká

Rifist um gallaða loftpúða:

Segja Takata draga lappirnar

Umferðaröryggisstofnun Bandaríkjanna hótar japanska fyrirtækinu Takata sektum og málsókn fyrir hafna innköllun á landsvísu á gölluðum loftpúðum.

Fréttaveita AP segir Takata telja svo víðtæka innköllun óþarfa. Hún þurfi bara að ná til svæða þar sem loftraki er mikill. Því hafnar stofnunin og kveðst hafa dæmi um slys af völdum púðanna utan rakasvæða. Anthony Foxx, ráðherra samgöngumála, segir Takata verða að bregðast skjótt við, ella verði allra leiða leitað til að knýja fram innköllun. - óká

Verðbólga hjaðnaði um hálft prósent milli mánaða

Verðbólga hefur ekki verið minni í sextán ár. Greiningardeildir bankanna spá því að verðbólga verði lítil næstu mánuði og undir markmiði Seðlabankans fram á næsta ár. Verð flugfargjalda og eldsneytis leiðir lækkunina.

Verðbólga miðað við síðustu tólf mánuði stendur í 1,0 prósenti samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofu Íslands. Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,52 prósent á milli október og nóvember. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs lækkað um 0,5 prósent sem Hagstofan segir að jafngildi 2,0 prósenta verðhjöðnun á ári.

Í umfjöllun greiningardeildar Arion banka er mælingin sögð koma verulega á óvart, en þar á bæ hafði því verið spáð að verðlag myndi standa í stað. Bent er á að ársverðbólga hafi ekki mælst lægri síðan í október 1998.

Fram kemur í umfjöllun Hagstofunnar að lækkun á verðlagi í mánuðinum megi að mestu rekja til lækkunar á flugfargjöldum um 17,3 prósent og eldsneyti um 2,6.

Þá lækkuðu einnig fleiri undirliðir vísitölunnar og segir greiningardeild Arion banka þar helst hafa komið á óvart lækkun á verði matarkörfu, auk tómstunda og menningar. „Helsta skýringin á lækkun liðarins tómstundir og menning er að finna í lækkun á verði sjónvarpstækja vegna væntanlegs afnáms vörugjalda," segir í umfjölluninni.

Í umfjöllun Alþýðusambandsins er 0,1 prósents lækkun á húsnæðislið vísitölunnar, sem leitt hafi hækkun verðlags undanfarið ár, einnig sögð óvænt, en hún skýrist af lítils háttar lækkun á markaðsverði húsnæðis. „Föt og skór er eini liður vísitölunnar sem sker sig úr að þessu sinni og hækkar um 1,1 prósent frá fyrra mánuði," segir þar.

Greining Íslandsbanka segir um innflutta verðhjöðnun að ræða vegna styrkingar krónu, verðlækkunar á eldsneyti og öðrum hrávörum á heimsmarkaði og verðstöðnunar á innfluttum smásöluvarningi. „Verðbólguhorfur til skamms tíma eru góðar og raunar gæti verðbólga farið undir [1,0 prósents] neðri þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans í desember."

Í bráðabirgðaspám greiningardeilda Íslandsbanka og Arion banka er gert ráð fyrir 0,2 og 0,3 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs í næsta mánuði. Íslandsbanki gerir ráð fyrir að flugfargjöld hækki töluvert í mánuðinum, en á móti gæti eldsneytisverð lækkað nokkuð.

Í spá Arion banka er gert ráð fyrir að verðbólgan standi í 1,2 prósentum í febrúar á næsta ári og útlit sé fyrir að hún verði undir markmiði Seðlabankans vel fram á næsta ár. „Gangi spáin eftir yrði febrúar þrettándi mánuðurinn í röð þar sem verðbólgan verður undir verðbólgumarkmiði."

olikr@frettabladid.is

Á BENSÍNSTÖÐINNI Eldsneytisverð hefur lækkað og vegna verðþróunar á erlendum mörkuðum er útlit fyrir að það gæti lækkað enn meira í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vísitala neysluverðs 2013–2014



17,3 prósenta verðlækkun á flugfargjöldum í nóvember vegur þungt í verðhjöðnun sem mælist frá því í október. Þá lækkaði einnig verð á bensíni og olíum um 2,6 prósent í mánuðinum. Á sama tíma varð hækkun á verði á fatnaði og skóm upp á 1,1 prósent.

Atvinnuþátttaka í október var 81,9 prósent samkvæmt nýbirtum tölum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands:

Atvinnuleysi og -þátttaka hefur lítið breyst á milli ára

Leitni árstíðaleiðréttinga á vinnumarkaðstölum síðustu tólf mánaða sýnir hægfara en jákvæðar breytingar, að sögn Hagstofu Íslands. „Á tímabilinu hefur atvinnuþátttaka aukist um 0,7 prósentustig, atvinnuleysi lækkað um 0,3 stig og hlutfall starfandi aukist um 0,7 stig."

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar sýnir að í október síðastliðnum voru að jafnaði 189.300 á aldrinum 16-74 ára starfandi, sem jafngildir 81,9 prósenta atvinnuþátttöku. Af þessum voru 179.800 starfandi og 9.500 án vinnu og í atvinnuleit. „Hlutfall starfandi af mannfjölda var 77,8 prósent og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 5 prósent," segir í umfjöllun Hagstofunnar.

Þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðasveiflum segir Hagstofan tölurnar jafngilda 82,7 prósenta atvinnuþátttöku, 2,2 prósentustigum meira en í september. Leiðréttar tölur sýni að bæði atvinnuþátttaka og atvinnuleysi hafi aukist lítillega frá því í september, starfandi fjölgaði um 1,5 prósentustig og atvinnuleysi jókst um 0,5 stig. - óká

MENN AÐ STÖRFUM Atvinnuþátttaka jókst lítillega milli september og október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ 16 til 74 ára á vinnumarkaði í október 2014



Heimild: Hagstofa Íslands

Jólagjöfin fæst í Ellingsen

Velkomin í Ellingsen! Hjá okkur færðu alvöru kuldaskó sem þola bæði frost og slabb, gönguskó sem hjálpa fjallageitinni upp á hæstu tinda og létta skó sem henta vel til útivistar. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

ZAMBERLAN
QUANTUM BARNASKÓR
Bláir og grænir. Stærðir 28–41
16.990 KR.

SOREL YOOT PAC
BARNAKULDASKÓR
Blá og bleik. Stærðir 25–35
18.990 KR.

SOREL YOOT PAC
BARNAKULDASKÓR
Blá og bleik. Stærðir 25–39
18.990 KR.

SOREL YOOT PAC
BARNAKULDASKÓR
Blá og fjólublá. Stærðir 25–35
16.990 KR.

SOREL TOFINO
BARNAKULDASKÓR
Stærðir 32–39
22.990 KR.

VIKING GENESIS
GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–48
35.990 KR.

VIKING STETIND
GTX GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–48
54.990 KR.

SOREL YOUTH TIVOLI
BARNAKULDASKÓR
Stærðir 32–39
19.990 KR.

SOREL PREMIUM KULDASKÓR
Brúnir og svartir.
Stærðir 40,5–46
28.990 KR.

SOREL JOAN OF ARTIC
Svartir og gráir.
Stærðir 36,5-41
39.990 KR.

ZAMBERLAN TREK LITE
Stærðir 40–48
36.990 KR.

SOREL WINTER CARNIVAL
Brúnir og grænir.
Stærðir 36,5–41
24.990 KR.

SOREL CHEYANNE
Svartir og brúnir. Stærðir 41–46
34.990 KR.

SOREL PREMIUM KULDASKÓR
Brúnir og svartir.
Stærðir 40,5–46
26.990 KR.

ZAMBERLAIN NEW TRAIL LITE
Stærðir 37–46
32.990 KR.

Opnunartímar í desember

Laugardagur 6. des.	10–16	Þriðjudagur 16. des.	10–18	Sunnudagur 21. des.	12–22
Sunnudagur 7. des.	12–16	Miðvikudagur 17. des.	10–22	Mánudagur 22. des.	10–22
Mán.–fös. 8.–12. des.	10–18	Fimmtudagur 18. des.	10–22	Þorláksmessa 23. des.	10–23
Laugardagur 13. des	10–18	Föstudagur 19. des.	10–22	Aðfangadagur 24. des.	10–12
Sunnudagur 14. des.	12–18	Laugardagur 20. des.	10–22	Jóladagur 25. des.	Lokað
Mánudagur 15. des.	10–18				

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

SKOÐUN

Tafir hafa gert stöðu ráðherrans erfiðari en ella:

Á móti ráðherra

Tækifæri eru til að auka til muna tekjur af ferðafólki sem hingað kemur. Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, hefur bent á að hvað varðar skatta á ferðafólk erum við eftirbátar margra þjóða. Lengi hefur þess verið beðið að ferðamálaráðherrann, Ragnheiður Elín Árnadóttir, leggi fram frumvarp um náttúrupassa og það hyggst hún gera, jafnvel á föstudag. Skoðanir eru skiptar um hvað ber að gera. Eitt eru öll sammála um. Eitthvað verður að gera. Mikill kostnaður fylgir því að taka á móti um einni milljón ferðamanna og þörf er á tekjum, ekki síst til varnar náttúrunni.

Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Innan ferðaþjónustunnar er nú risin andstaða við fyrirætlanir ráðherrans, sem er kominn í tímaþröng. Á biðtímanum hefur sumt það fólk, sem áður studdi hana í verkinu, snúið við henni baki. Þetta er alvarlegt fyrir ráðherrann. Andstaða frá atvinnugreininni verður erfið.

Tveir stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja, Bjarnheiður Hallsdóttir og Pétur Óskarsson, skrifuðu fína grein í Fréttablaðið þar sem þau finna að ýmsu varðandi fyrirhugaðan náttúrupassa. Sem segir meðal annars að enn er fjarri því að sátt hafi náðst um þetta mál. Og óðum styttist sá tími sem er til stefnu. En hvað er að?

Þau segja náttúrupassann verða mjög kostnaðarsaman með mikilli skriffinnsku, umfangsmiklu eftirlitskerfi og háum markaðs-, sölu- og dreifingarkostnaði. Eins benda þau á að verð á náttúrupassa yrði að vera hátt til þess eins að hann standi undir eigin kostnaði og Bjarnheiður og Pétur óttast að verðið kunni að koma í veg fyrir að ferðafólk vilji koma hingað. Okkur ber að hlusta á það sem fagfólk segir, ekki síst þegar varað er við því sem er í undirbúningi. En betra er seint en aldrei.

Bjarnheiður og Pétur skrifa meðal annars: „Að innleiða náttúrupassann er mjög flókið í allri framkvæmd, hvar sem niður er borið – sem dæmi má nefna að bara það að selja hann (hver, hvar, hvenær, hvernig) er mjög erfitt að finna viðunandi lausn á.“ Að þessu öllu virtu fer ekki á milli mála að það er langur vegur fram undan. Ekki er minnsti vafi á að stjórnarandstaðan á eftir að segja sitt og gera sitt.

Andmælendur segja einnig að náttúrupassi muni hafa áhrif á ásýnd landsins og jafnvel skerða upplifun ferðamanna. „… girðingar, tollahlið, gjaldheimtumenn, verðir, eftirlitsmenn og annað þess háttar myndu verða mikið lýti á landslaginu og upplifun þess, sem er helsta aðdráttaraflið í íslenskri ferðaþjónustu.“ Og að lokum er þetta nefnt til: „Náttúrupassinn er í andstöðu við vilja og sannfæringu stórs hluta þeirra sem reka og starfa við ferðaþjónustu í landinu, en án góðrar samvinnu við þá verður erfitt að hrinda verkinu í framkvæmd.“

En hvað vill fólkið? Eitthvað verður jú að gera. Nokkrar leiðir hafa verið nefndar, til dæmis komu- eða brottfarargjald, hækkun virðisaukaskatts á hluta ferðaþjónustu og gistináttagjald svo eitthvað sé nefnt.

Bjarnheiður og Pétur segja í grein sinni: „Því er það með öllu óskiljanlegt að ráðherra ferðamála ætli að halda áfram með þessa vondu hugmynd. Náttúrupassanum verður þar að auki þrengt upp á atvinnugreinina, sem vill ekkert með hann hafa.“ Nú er óvíst hvað verður, það er Ragnheiðar Elínar Árnadóttur að ráða fram úr málinu. Fólk í atvinnugreininni og andstæðingar hennar á þingi munu reynast henni erfið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FMÍ

Fundur um flugöryggi

Flugmálafélag Íslands stendur að flugöryggisfundi í samvinnu við RNSA og Samgöngustofu.

Farið verður yfir flugatvik og annað efni sem stuðlar að bættu flugöryggi.

Fundurinn verður haldinn hjá Samgöngustofu, Ármúla 2, í kvöld, fimmtudaginn 27. nóvember, kl. 20.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Prískipting valdsins

Getur verið að ráðherrar geti kallað eftir hverju sem og er og hvaðan sem er? Má vera að dómsmálaráðherra, sem fer með framkvæmdarvald, geti hringt, eða hans umboðsmaður, í dómsvaldið, lögreglustjóra til dæmis, og fengið þaðan hvað sem beðið er um? Jafnvel rannsóknargögn úr opinberum rannsóknum? Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, hefur sagt að sú regla gildi að aðstoðarmenn ráðherra geti einungis óskað eftir gögnum sem varða pólitísk störf ráðherra. Þessu er Björn Bjarnason ósammála og kemur kannski ekki á óvart. Eru það svo að rannsóknargögn eru send eftir óskum hingað og þangað?

Fjandar um allt

Hér að framan var minnst á Björn Bjarnason, sem vill að umboðsmaður Alþingis, kanni hverjir eru viðmælendur Ríkisútvarpsins. Nú skrifar Óli Björn Kárason ádrepu um RÚV. Hann segir flesta áhrifamestu álitsgjafana snjöllustu og afkastamestu pennana vera andstæðingarríkisstjórnarflokkanna. Hann segir að andi köldu frá fréttastofu ríkisins í garð sjálfstæðismanna. „Svo virðist sem talsmenn Framsóknarflokksins eigi heldur ekki upp á pallborðið hjá þeim sem ráða húsum í Efstaleiti. Engu er líkara en að fréttastofa Stöðvar 2 hafi ákveðið að fylgja fordæmi ríkisfjölmiðilsins.“ Svo mörg voru þau orð.

Kona og lögfræðingur

Ljóst er að færri fá ráðherrasæti en vilja. Bjarni Benediktsson mun nota þessa viku til að ræða við þingmenn flokksins og taka síðan ákvörðun um hver þeirra verður næsti innanríkisráðherra. Þar sem aðeins tvær konur eru eftir í ríkisstjórninni er frekar gert ráð fyrir að Bjarni velji konu. Því er haldið fram að ekki sé verra að ráðherra dómsmála sé menntaður í lögum. Hafi Bjarni þetta allt að leiðarljósi beinast spjótin að Unni Brá Konráðsdóttur, sem er jú kona og lögfræðingur. En hún býr við það að Ragnheiður Elín Árnadóttir er úr sama kjördæmi. Það kann að skemma fyrir Unni.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR

Opið bréf til ofbeldismanns

KYNBUNDIÐ OFBELDI

Sigþrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Þegar ég tala um ofbeldi tala ég oftast við konuna sem þú beitir ofbeldi. Eða við foreldra hennar og vini eða fagfólk og stjórnvöld um ofbeldið sem þú beitir. En ég tala eiginlega aldrei við þig. Ég hef fengið innsýn í líf þitt í gegnum konuna þína. Vissulega heyri ég bara aðra hliðina, þú átt eftir að benda mér á það og líklega nefna í leiðinni að hún sé snargeðveik og lygin. Mér nægir að hitta hana og heyra sögur úr lífinu hennar. Ég veit að hún er oft þreytt og kvíðin og að stundum finnst henni þetta allt vonlaust. Sem betur fer veit ég líka að hún er sterk þó henni finnist það ekki sjálfri. Ég veit að hún vonar að lífið verði betra. Ég veit að hún hittir vinkonur sínar ekki eins oft og áður, eiginlega er hún hætt að gera margt af því sem henni þótti skemmtilegast, varstu búinn að taka eftir því? Ég veit, afsakaðu að ég hegg svona nærri, að henni líður ekki vel í kynlífinu. Að oft finnst henni það ekki vitund gott en segir ekki neitt því hún er hrædd.

Ég veit að hún vonar að ofbeldið bitni ekki á börnunum ykkar. Ég held að þið vonið það bæði og trúið því líklega að þau taki ekki eftir neinu. Því miður segja rannsóknir að það séu litlar líkur á því að þetta sé rétt hjá ykkur, börn vita miklu meira um það sem fer fram heima hjá þeim en við höldum.

➜ Ég veit að þú iðrast þess þegar þú hefur verið sem verstur. Að þú skælir jafnvel og lofar að gera þetta aldrei aftur. Og ég held að þú meinir það á þeirri stundu. Það er til hjálp fyrir þig. Til dæmis meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar...

Ég veit að margir velta því fyrir sér af hverju hún fer ekki frá þér en mér er það meiri ráðgáta af hverju þú gerir þetta. Hvernig þú getur dregið andann eftir að hafa sparkað í hana, hrækt á hana eða kallað hana viðbjóðslega hóru.

Ég veit að þú iðrast þess þegar þú hefur verið sem verstur. Að þú skælir jafnvel og lofar að gera þetta aldrei aftur. Og ég held að þú meinir það á þeirri stundu.

Það er til hjálp fyrir þig. Til dæmis meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar og raunar alls konar fagfólk sem gæti hjálpað þér við að læra að verða öðruvísi og jafnvel standa við loforðið um að síðasta skipti sem þú beittir konuna þína ofbeldi verði í rauninni það síðasta. Það verður erfitt en ég held að það gæti verið þess virði.

Ekki viltu í alvörunni vera svona?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Sátt um viðsnúning eða læknaskort?

HEILBRIGÐISMÁL

Reynir Arngrímsson
varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

Áherslur heilsugæslu- og sjúkrahúslækna í yfirstandandi viðræðum við ríkið eru að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu heilbrigðskerfis sem er samkeppnishæft um bestu þekkingu og þjónustu í þágu almennings. Forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra hafa tekið undir að átaks sé þörf til að tryggja viðunandi mönnun og sérþekkingu lækna. Læknaflóttinn skapar vaxandi erfiðleika. Hvort sem heldur er í heilsugæslu eða við sérhæfð læknisverk á Landspítalanum sem við höfum hingað til getað gengið að vísu.

Læknar fagna yfirlýsingu ráðherranna um að byggja þurfi heilbrigðiskerfið upp á ný. Taka undir mikilvægi þess að þjóðarsátt náist um slík markmið. Störf lækna eru sá grundvöllur sem stoðir heilbrigðiskerfisins eru byggðar á. Sérhæfð lækningatæki eru aðeins verkfæri í höndum þeirra og verður ekki beitt án áralangrar þjálfunar og við bestu aðstæður. Íslenskir læknar hafa verið óþreytandi í að fylgjast með og bæta þjónustu á hverjum tíma. Afraksturinn er auðsýnilegur öllum sem vilja sjá og skoða lýðheilsutölur þjóðarinnar. Hvort sem er árangur í hjartalækningum, meðferð á vökudeild nýbura, fæðingarinngrip eða krabbameinsmeðferð. Þetta má þakka m.a. að hingað til hefur verið eðlilegt flæði í endurnýjun vel menntaðra sérfræðilækna sem flytja með sér nýjungar til landsins. Þjálfun sérfræðilækna tekur mörg ár að afloknu grunnnámi. Vinnuálag og starfsábyrgð er mikil.

Nú bregður svo við að sérfræðilæknar eru hættir að fást til starfa á Íslandi. Viðunandi endurnýjun hefur dregist saman. Læknaskorts verður víða vart. Starfandi læknum á Íslandi hefur verið að fækka um einn á 10 daga fresti að meðaltali undanfarin misseri. Miklu ráða versnandi launakjör lækna í starfi hjá ríkinu. Á stofnunum þess fara fram erfiðustu læknisaðgerðirnar og þar er flóknasta meðferðin veitt. Þjónusta sem þjóðin treystir á þegar alvarleg veikindi ber að garði. Þar er ekkert svigrúm til undangjafar. Þetta er algjörlega óásættanleg þróun og verður að stöðva með öllum tiltækum ráðum. Læknar hafa setið eftir um árabil þegar kemur að endurskoðun launaliða. Kjarasamningar þeirra hafa dregist aftur úr. Á árunum 2007 til 2013 varð þessi munur læknum óhagstæður um 20% til 40% samanborið við aðrar heilbrigðisstéttir. Þess vegna gripu læknar til verkfallsaðgerða sem þarf að leiða til lykta.

Kerfið hefur klikkað

Nú vantar krabbameinslækna, nýrnalækna og röntgenlækna á Landspítalann svo fátt eitt sé nefnt. Þeir sem eftir sitja í þessum sérgreinum við slíkar aðstæður kikna undan vinnuálagi fyrr eða síðar. Ekki fást heimilislæknar til starfa. Reynt er að ráða námslækna í stað fullmenntaðra sérfræðinga. Afleiðingar þessarar launastefnu eru að ekki fást læknar til að setjast að og starfa úti á landi. Hér skal aðeins tiltekið Norðvesturkjördæmi.

➜ Læknar fagna yfirlýsingu ráðherranna um að byggja þurfi heilbrigðiskerfið upp á ný. Taka undir mikilvægi þess að þjóðarsátt náist um slík markmið. Störf lækna eru sá grundvöllur sem stoðir heilbrigðiskerfisins eru byggðar á.

Ekki er heilsugæslulæknir með fasta búsetu í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði og Tálknafirði, Hólmavík eða Blönduósi og Skagaströnd. Enginn sækir um lausar læknisstöður á Sauðárkróki og í Borgarnesi. Svona mætti fara hringinn í kringum um landið. Grunnþjónustuna vantar alltof víða. Líka á höfuðborgarsvæðinu. Reynt er að breiða yfir vandann á landsbyggðinni með því að fá íhlaupamenn til skemmri tíma á verktakasamningum. Viku og viku í senn. Þegar læknar af höfuðborgarsvæðinu og nágrenni fara og þjóna landsbyggðinni skapast vandi á suðvesturhorninu. Biðtími þar eftir lækni lengist að sama skapi. Þannig bítur eitt í annars skott og vart verður hægt að tala um viðunandi þjónustustig. Kerfið hefur klikkað.

Sjúklingasamtök og mörg stéttarfélög hafa sent samtökum lækna stuðningsyfirlýsingar við aðgerðir þeirra. Bregðast verður jákvætt við tillögum lækna á sjúkrastofnunum ríkisins um bætt kjör og aðgerðir til að tryggja almenningi aðgengi að sérfræðilæknum, þekkingu þeirra og meðferðarúrræðum í grunnþjónustu og á sjúkrahúsum. Án þess verður þjóðin að búa sig undir viðvarandi læknaskort og hrakandi þjónustu.

Auðlindaarður í Alaska

AUÐLINDIR

Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur

➜ Almennt hirða eigendur arð af eignum sínum, utan 18% fjármagnstekjuskatts sem ríkið hirðir, og liggur því beinast við að sama gildi um auðlindaarð og hann sé greiddur út til þjóðarinnar.

Þann 23. október síðastliðinn fékk hver íbúi Alaska 1.884 dollara greidda í auðlindaarð frá þeim aðilum sem nýta auðlindir fylkisins. Samsvarar það því að hver fjögurra manna fjölskylda hafi fengið 914 þúsund krónur, eða svipaða upphæð og „Leiðréttingin“ hefði henni verið dreift jafnt á alla landsmenn. Íbúar Alaska hafa aftur á móti fengið auðlindaarð greiddan árlega seinustu 33 árin. Á þeim tíma hefur hver íbúi fengið 38.227 dollara í arð sem samsvarar 47 þúsund krónum á mánuði fyrir fjögurra manna fjölskyldu öll 33 árin.

Flestir Íslendingar líta svo á að helstu náttúruauðlindir þjóðarinnar, fiskur, vatnsorka og jarðvarmi, séu og eigi að vera í eigu þjóðarinnar. Almennt hirða eigendur arð af eignum sínum, utan 18% fjármagnstekjuskatts sem ríkið hirðir, og liggur því beinast við að sama gildi um auðlindaarð og hann sé greiddur út til þjóðarinnar. Ef ríkið hirðir allan arðinn, eins og nú, jafngildir það 100% fjármagnstekjuskatti á auðlindaarð, samanborið við 18% fjármagnstekjuskatt af öðrum eignum. Erfitt er að rökstyðja slíka mismunun milli eignaflokka. Bein útgreiðsla auðlindaarðsins til þjóðarinnar er jafnframt besta leiðin til að festa innheimtu auðlindaarðs í sessi. Besta sönnun þess er löng reynsla Alaska af slíku fyrirkomulagi. Þar hefur það jafngilt pólitísku sjálfsmorði að leggja til breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Til að tryggja að upphæð auðlindaarðsins rýrni ekki, eins og gerðist í tíð núverandi ríkisstjórnar í tilfelli sjávarútvegs, þarf samkeppni á markaði að ráða upphæð hans en ekki að vera ákveðin af stjórnmálamönnum.

Innan við helmingur ungra kjósenda sá ástæðu til að mæta á kjörstað í seinustu kosningum, enda átti stór hluti kjósenda í erfiðleikum með að gera upp á milli stjórnmálaflokkanna. Í seinustu alþingiskosningum dró þó einfalt loforð framsóknarmanna, um lækkun lána, marga á kjörstað. Loforð um beina útgreiðslu markaðstengds auðlindaarðs er jafnframt einfalt og ætti að geta dregið kjósendur á kjörstað. Ekki sakar að sterk siðferðis- og hagkvæmnisrök eru fyrir slíku fyrirkomulagi. Ef slíkt fyrirkomulag væri jafnframt varanlega tryggt í sessi í stjórnarskrá, færi ekki lengur orka fjölmargra landsmanna í að berjast um þessar takmörkuðu auðlindir. Gæti sú orka farið í að byggja upp aðrar auðlindir sem ekki eru takmarkaðar, t.d. mannauð með aukinni menntun.

Bio-Kult

Bio Kult Candéta inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi

“Mikill munur á húðinni og meltingunni”
-Lilja Dröfn Kristinsdóttir

„Bio Kult Candéa hefur breytt lífi mínu“
-Fjölnir Kvaran

“Loksins laus við ristilkrampaköstin”
-Jóhanna Þorvaldsdóttir

nettó
Kræsingar & kostakjör

"BLACK FRIDAY"

31%
LAMBAHRYGGUR
GOÐI
1.599
~~2.318~~
KR/KG

45%
HAMBORGAR
HRYGGUR-KJÖTSEL
1.099
~~1.998~~
KR/KG

KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR - NETTÓ
1.698
~~1.998~~
KR/KG

KJÖRÍS
1L
199
KR/PK

"BL
FR
allt
Tilbo
eða me

40%
TARTALETTUR
10STK
149
~~249~~
KR/STK

GRÍSABÓGUR
KJÖTSEL-HRINGSKORINN
599
~~798~~
KR/KG

COKE ZERO
2 L
139
~~295~~
KR/STK

40%
PEPSI MAX
33CL
59
~~99~~
KR/STK

"BLACK FRIDAY"

68%
FANTA
2 L
99
~~309~~
KR/STK

50%
LKL BRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM
349
~~698~~
KR/STK

55%
BAYONNESKINKA
STJÖRNUGRÍS
899
~~1.998~~
KR/KG

nettó
Kræsingar & kostakjör

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

50%

BLENDA
1,17 KG
199
~~398~~
KR/PK

40%

HVEITI
2KG
149
~~249~~
KR/PK

75%

MEISTARA-SÖGUR
998
~~3.990~~
KR/STK

NÚÐLUR
ÝMSAR TEG 85G
98
~~149~~
KR/PK

NÚÐLUR
ÝMSAR TEG 65G
39
~~59~~
KR/PK

POPP
70G
99
~~169~~
KR/PK

CHIA FRÆ
400G
1.199
~~1.698~~
KR/PK

34%

ÍSKEX
250G
199
~~299~~
KR/PK

LACK FRIDAY"

að 75% afsláttur

ðin gilda alla helgina

27.-30. nóv

eðan birgðir endast

43%

TOBLERONE
100G
149
~~259~~
KR/STK

45%

WC PAPPÍR
16 RL
699
~~1.259~~
KR/PK

aðeins
1000
kr

MARU SÆNGUVER
ÝMSIR LITIR
1.000
KR/PK

70%

KLEMENTÍNUR
Í LAUSU
99
~~329~~
KR/KG

36%

COCOA PUFFS
1 KG
799
~~1.249~~
KR/PK

54%

EMERGE 250ML
ORKUDRYKKUR
59
~~129~~
KR/DS

Tilboðin gilda meðan birgðir endast

"BLACK FRIDAY"

Maísmengaðir plastpokar

UMHVERFISMÁL

Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Ég bar saman venjulega plastpoka og pappírspoka í grein sem birtist nýlega í Fréttablaðinu og skrifaði „Plastpokar eru umhverfisvænstu umbúðirnar“, en hefði átt að bæta við: sé maís ekki blandað í plastið.

Undanfarið hafa svokallaðir maís-plastburðarpokar verið í umræðunni. Þeir eru sagðir umhverfisvænir, sem ekki er rétt. Upphaf blöndunar maís í plast hófst í Bandaríkjunum fyrir um 40 árum, þegar pappírspokum var skipt út fyrir plastpoka í kjörbúðum. Þeir töldu plast með maís umhverfisvænna en sáu fljótt að að svo var ekki.

Seinna fóru Þjóðverjar sömu leið. Tvær stærstu verslunarkeðjurnar ALDI og REWE supu seyðið af því, áður en þær af umhyggju fyrir umhverfinu fyrirskipuðu að taka alla maísblandaða poka úr verslunum sínum. Síðan er markaður fyrir maíspoka í Þýskalandi dauður og hélt ég, að maísblöndun í plast væri út af borðinu.

Umhverfisvænstu burðarpokarnir eru þeir sem eru nógu sterkir til að vera notaðir aftur og aftur. Þar eru plastburðarpokar með yfirburða stöðu.

Eftirfarandi staðreyndir sýna að maísblandað plast er ekki umhverfisvænt samanborið við poka úr plasti án maís:

- Maís er framleiddur á grænmetisökrum, sem betur væru nýttir til ræktunar matvöru. Plast án maís er framleitt úr hliðarafurð olíuvinnslu, sem annars yrði eytt.
- Það er ekki hægt að endurvinna maísblandað plast eða framleiða það úr endurunnu plasti. Einfalt og ódýrt er að endurvinna plast ómengað af maís.

➜ Umhverfisvænstu burðarpokarnir eru þeir sem eru nógu sterkir til að vera notaðir aftur og aftur.

- Maísblandað plast brotnar hratt niður í CO2, sem er gróðurhúsalofttegund. Plast án maís brotnar hægt niður í frumefni sín án mengunar.
- Við urðun maísblandaðs plasts myndast metan, sem er sterk gróðurhúsalofttegund. Plast án maís brotnar niður án mengunar.
- Framleiðsla maísblandaðs plasts er 400% dýrari en framleiðsla plasts.
- Til að ná sama styrk og plast án maís verður maísblandað plast að vera minnst tvisvar sinnum þykkara en plast án maís.
- Maís, sem blandað er við plast getur innihaldið erfðabreytt efni (GM), sem ekki eru í ómenguðu plasti.
- Til framleiðslu á maís þarf ræktarland, áburð, skordýraeitur og vatn. Ekkert af þessu þarf til framleiðslu plasts án maísíblöndunar.

Dráttarvélar og trukkar framleiða stöðugt CO2 allt frá því land er plægt, fræjum sáð, áburði og eiturefnum dreift og uppskera keyrð af akri. Maísblandaða plastið er svo helmingi þyngra og þar af leiðandi fer meiri orka í flutninga.

Það fer ekki hjá því að maður velti fyrir sér, hversu miklu eldsneyti var brennt? Augljóst má vera að þessi framleiðsla maísplastpoka er ekki umhverfisvæn.

Heimilið mitt í landinu

STJÓRNMÁL

Úrsúla Jünemann
kennari og leiðsögumaður

Stundum er talað um reiða unga menn. En hér talar reið gömul kona:

„Heimilin í landinu“ hafa fengið nýlega niðurstöðu af „leiðréttingu skuldanna sinna“. Margir eru kátir þótt vitað er að það eru ekki „hrægammarnir“ sem borga brúsann heldur ríkiskassinn. Þar með eru „heimilin í landinu“ að borga sjálfum sér. Samt eykst fylgi hrunflokkanna, mér með öllu óskiljanlegt.

Nú ætla ég að segja frá „heimilinu mínu í landinu“:

Við gömlu hjónin erum tvö eftir í litlu og gömlu raðhúsi sem við eigum skuldlaust enda kunnum við alltaf að sníða okkur stakk eftir vexti. Við höfum aldrei svikist undan skatti heldur borgað samviskusamlega í ríkiskassann í þeirri von að velferðarkerfið virki eins og skyldi. Við lögðum svolítið til hliðar og keyptum hlutabréf í góðu og öruggu fyrirtæki sem heitir Jarðborarnir. En viti menn: Í „góðærinu“ opnuðust bröskurunum dyrnar upp á gátt. Okkar fyrirtæki var tekið yfir af einhverju öðru fyrirtæki sem hét Atorka. Þetta var fjandsamleg yfirtaka og við fengum þann valkost annaðhvort að selja hlutabréfin okkar fyrir slikk eða gerast hluthafar í nýja fyrirtækinu. Við völdum því miður síðari valkostinn og verðbréfin sem voru ætluð til að hækka lífsgæðin í ellinni urðu verðlaus. Bingó!

Sonurinn okkar var búinn að vinna sér inn dágóða upphæð til að þurfa ekki að taka námslán. Hann fór svo í framhaldsnám til Þýskalands, einmitt þegar hrunið dundi yfir. Þar með minnkaði sparnaðurinn hans um helming.

Nú spyr ég ykkur Sigmundur Davíð og Bjarni: Er mitt heimili ekki „heimili í landinu“? Hvar eru okkar bætur fyrir allt tapið í hruninu?

Maðurinn minn sem vann sem bókasafnsfræðingur í Iðnskólanum varð atvinnulaus þegar Iðnskólinn var einkavæddur og nefndur Tækniskóli í hagræðingarskyni. Bóndi minn er kominn á efri ár og ekki getur hann unnið erfiðisvinnu. Hann er búinn að sækja um mörg störf en alltaf er unga fólkið tekið fram fyrir hann. Þetta fólk er með nýlegri menntun og er ódýrara í kaupi. Hann hefur sótt endurmenntunarnámskeið og verið á atvinnuleysisbótum á meðan.

Nú tókuð þið Sigmundur Davíð og Bjarni þá ákvörðun um að stytta þann tíma sem atvinnuleysingjar njóta bóta og ýta þeim hálfu ári fyrr í umsjón sveitarfélaganna. Flott hjá ykkur! Þið getið þá bent á það að fjárhagur ríkissjóðs batni til muna! Ég sem er grunnskólakennari fæ útborgað um 300.000 kr. á mánuði og það með töluverðri yfirvinnu. En þetta „ofurkaup“ mitt sem kennari dugar til þess að maðurinn minn fær engar bætur hjá sveitarfélaginu. Við ættum kannski að skilja? Næstu fjögur árin verður „heimilið mitt í landinu“ að skrimta á mínu „ofurkaupi“ þangað til maðurinn minn á rétt á eftirlaunum.

„Heimilið mitt í landinu“ sem hefur alltaf staðið í skilum er óhresst við það sem D og B hafa gert. Heimilið mitt tapar á því að:

1 Heilbrigðiskerfið okkar er í rústum og við þurfum sífellt meira að borga úr eigin vasa.

2 Menningar- og menntakerfið er ekki metið að verðleikum.

3 Félagsþjónustan er sett meira og meira á sveitarfélögin sem standa misvel undir þessu álagi.

➜ Nú spyr ég ykkur Sigmund Davíð og Bjarna: Er mitt heimili ekki „heimili í landinu“? Hvar eru okkar bætur fyrir allt tapið í hruninu?

4 Maturinn mun verða dýrari með hækkuðum matarsköttum.

5 Verðbólgan mun aukast vegna þess að neyslan eykst með þessum leiðréttingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og „hagvöxturinn“ fer upp á móti.

Heimilið mitt hefur hins vegar engan áhuga á lækkuðum sköttum á alls konar lúxusvörum og tækjum. Við höfum einfaldlega ekki efni á því.

„Heimilið mitt í landinu“ setur stórt spurningarmerki á þróun fasteigna- og leigumarkaða: Nú tíðkast það að einhver félög kaupa upp fasteignir í stórum stíl. Spurning er hvaðan þessir peningar koma. Þannig geta þessir aðilar haldið leigumarkaðnum í heljargreipum og ráðið verðið á leiguíbúðum. Þeir sem hafa hag „heimilanna í landinu“ að leiðarljósi ættu að setja lög við slíku. Leigjendur eiga líka „heimili í landinu“.

En þessi ríkisstjórn setur greinilega ekki hag litla mannsins í forgrunni. „Heimilið mitt í landinu“ mun blæða vegna skertrar félagsþjónustu, hækkandi verðs á nauðsynjavörum og sveiflukenndri krónu. Við sem eigum líka „heimili í landinu“ munum standa á Austurvelli að mótmæla þangað til SDG og BB og þeirra fólk tekur pokann sinn.

Og vel á minnst: Verði þeim að góðu með nýju lúxusjeppana sína!

Svar við skoðun Pawels

ÁLVER

Ólafur Teitur Guðnason
upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi

Sæll, Pawel, og þakka þér fyrir góð og málefnaleg greinaskrif á undanförnum árum. Mig langar að bregðast við nokkrum atriðum í grein þinni um orkumál sem birtist nýverið í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Mín skoðun“.

Mér þótti leitt að sjá þig ýja að því – á milli línanna en þó ótvírætt – að ungt fólk dreymi varla um að vinna í álveri að loknu námi. Í fyrsta lagi finnst mér þetta ekki málefnalegt innlegg heldur aukaatriði, eins og ég vík betur að á eftir. Í öðru lagi er staðreyndin sú að störf í álverum eru mjög eftirsótt. Bara nú á undanförnum dögum hefur Rio Tinto Alcan ráðið til starfa doktor í efnafræði með mastersgráðu í vélaverkfræði, umhverfisverkfræðing með BS-gráðu í vélaverkfræði og lokaársnema í rekstrarverkfræði. Allt ungar konur vel að merkja. Áhugi á störfum hér er ekki bundinn við fólk með háskólagráður en mér sýndist hugsun þín vera á þeim miðum og því nefni ég þessi dæmi.

Aðalatriðið er þó að þetta er aukaatriði, eins og ég nefndi. Svo ég umorði rök sem þú notar sjálfur annars staðar í greininni: Ákvörðun um að hverfa frá uppbyggingu stóriðju af því að ungt fólk dreymi almennt ekki um að vinna í álverum væri álíka skynsamleg og ef Norðmenn hefðu ákveðið að hverfa frá uppbyggingu olíuiðnaðarins af því að ungt fólk dreymdi almennt ekki um að vinna á olíuborpöllum.

Meginverkefnið er ekki að búa til störf heldur að nýta auðlindina á sem arðbærastan hátt. Störfin eru ekki upphaf og endir alls; þau eru aðeins hluti af ávinningnum. Verðið sem fæst fyrir raforkuna er ekki heldur upphaf og endir alls; það er aðeins hluti af ávinningnum. Arðsemina þarf að meta heildstætt, á þjóðhagslegum grunni með tilliti til allra þátta.

Stórir þættir gleymast

Stórir þættir vilja einmitt gleymast þegar kemur að álverunum. Samantekt Samáls í fyrra leiddi í ljós að árið 2012 skildu álverin eftir 100 milljarða á Íslandi: um 40 með orkukaupum, 40 með kaupum á annarri vöru og þjónustu og 20 í formi launa og skatta. Þetta leikkerfi, 4-4-2, er einfalt að muna.

Fáir ef nokkrir efast um að orkusala til álvera hafi verið arðbær á heildina litið. Ekki nóg með það heldur var hún nær örugglega arðbærasta nýting orkunnar sem völ var á, því að áratugum saman seldist orkan ekki þótt hún stæði til boða á hagstæðu verði. Öðrum betri orkunýtingarkostum hefur því ekki verið fórnað í þágu áliðnaðar. (Ekki heldur friðun í þágu ferðaþjónustu, því hún vex sem aldrei fyrr þótt orkuframleiðsla hafi margfaldast.)

Spurningin er þá hvort betri kostir standi til boða í dag. Þú nefnir sæstreng og sjálfsagt er að skoða þann möguleika vel. Við samanburðinn er mikilvægt að muna að álverin kaupa ekki bara orku fyrir u.þ.b. 40 milljarða heldur skilja hér eftir um 60 milljarða til viðbótar. Þú manst kerfið: 4-4-2.

Þú nefnir að markaðurinn eigi að ráða sem mestu um uppbyggingu atvinnugreina. Þá hlýtur þú reyndar að gera alvarlegar athugasemdir við sæstrenginn því vonir um gróða af honum byggjast að mestu á stórfelldum ríkisstyrkjum í Bretlandi, þar sem stjórnvöld nota skattfé til að kaupa endurnýjanlega orku á ofurverði. Ef aðeins fengist markaðsverð í Bretlandi fyrir orkuna myndi strengurinn skila tapi samkvæmt greiningu hagdeildar Landsbankans nú í október.

➜ Meginverkefnið er ekki að búa til störf heldur að nýta auðlindina á sem arðbærastan hátt. Störfin eru ekki upphaf og endir alls.

Hér á landi hlýtur öll ráðstöfun orkuauðlinda – hvort sem er friðun þeirra eða virkjun – að markast nokkuð af því að bæði auðlindirnar og orkufyrirtækin eru að mestu leyti á hendi hins opinbera. Við getum ekki vitað hver niðurstaða hreinræktaðra markaðsafla hefði orðið en spyrja má: Hefði einkaaðili, sem ætti Ísland með húð og hári, farið öðruvísi að? Sjálfum þykir mér sennilegt að hann hefði einmitt talið vænlegt að virkja orkuna og hafa þannig bæði arð af orkusölu og tekjur af umsvifum iðnfyrirtækjanna.

Að lokum þetta: Af því að þú og fleiri vísa gjarnan til Noregs og mæla með að við gerum eins og Norðmenn er ekki úr vegi að minna á þá staðreynd að Norðmenn eru einhverjir mestu álframleiðendur heims. Þeir eru meira að segja nokkuð ánægðir með þá stöðu sína og stefna á að auka álframleiðslu. Það er vissulega fordæmi sem við mættum taka til athugunar.

BLACK FRIDAY

25%

afsláttur af leikföngum*

*Gildir ekki af gjafakortum eða vörum þegar á afslætti.

Þetta tilboð gildir aðeins 28.11.2014. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

FÖSTUDAG 28.11

Opnunartímar: Kópavogur 8-22,
Grafarvogur 8-22 og Akureyri 10-19

ToysRUS®
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Óheftur einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er ekki lausnin

HEILBRIGÐISMÁL

Ólafur Ólafsson

Lýður Árnason
læknar

Vegna greinar um dýrt heilbrigðiskerfi í Bandaríkjunum (BNA) þann 12. september síðastliðinn í Fréttablaðinu, sem er líklega svar við grein er við rituðum um efnið fyrir nokkru, er nauðsynlegt að skýra málið frekar. Um markaðsrekstur ber að hafa í huga að margt mælir gegn því að hagkvæmt sé fyrir sjúklinga að í heilbrigðisþjónustunni ríki óheftur einkarekinn markaðsrekstur. Orsökin er að kaupandi þjónustunnar þekkir ekki vel gang sjúkdómsins og því síður til verka læknisins.

Rekstur og kostnaður

Yfirgnæfandi meirihluti íbúa í BNA eða nær 70% býr við óheftan einkarekinn markaðsrekstur án opinbers efnahagslegs eftirlits í heilbrigðisþjónustu: þ.e. 53% íbúa eru tryggð hjá einkatryggingarfélögum en 15% eru ótryggð með öllu og því óvarin gegn markaðsrekinni þjónustu sem stóreykur kostnaðinn. Medicare og Medicaid tryggingar sem greiddar eru af ríkisfé ná aðeins til um 30% íbúanna. Framlög ríkisins (BNA) sem eru aðeins 47% af heildargreiðslum til heilbrigðisþjónustunnar, borið saman við um 80% greiðslu ríkisins meðal Norðurlanda og frjálsra trygginga í Mið-Evrópu, greiða aðeins fyrir Medicare og Medicaid ásamt rekstri sýslusjúkrahúsa sem eru álitin skrefi lægri að gæðum en háskóla- og einkasjúkrahús sem eru jafnframt í einkaeigu. (Health at a Glance. OECD. 2013.) Á Norðurlöndum eru 80% af rekstri heilbrigðisþjónustunnar greidd með skattafjármögnun en í Mið-Evrópu tæp 80% í gegnum frjáls tryggingafélög sem eru undir opinberu eftirliti.

Ekki er því um að ræða víðtækt niðurgreiðslukerfi ríkisins eins og haldið er fram í fyrrnefndri grein.

Fullyrðingar um að rekja megi hinn gífurlega kostnað til framlaga ríkisins fá því ekki staðist. Einkasjúkrahúsum er tryggt mikið sjálfdæmi í lögum án efnahagslegs eftirlits samfélagsins og afleiðingin er að vistunarkostnaður er margfalt hærri en gerist á Norðurlöndum og Mið-Evrópu. Til dæmis er algengt að dagsvistun á sérdeildum einkasjúkrahúsa kosti allt að 9.000 dollara en vikudvöl 70.000 dollara (um 10 millj. ísl. króna). (Bitter Pills, Times, 5.2013.) Önnur dæmi um afleiðingu næsta óhefts markaðsreksturs eru m.a. eftirfarandi:

Afleiðing óheftrar markaðsrekinnar heilbrigðisþjónustu í BNA er að heildarkostnaður er 75% til 94% hærri en á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu eftir því hvort miðað er við hlutfall af vergri landframleiðslu eða kaupmáttargildi í dollurum. (Health at a Glance, OECD 2013).

Heildargæði

Öllu alvarlegra er að þrátt fyrir mörg frábær sjúkrahús og forystuhlutverk BNA í vísindastörfum er gífurlegur ójöfnuður í þjónustunni og þar af leiðandi lélegur og illa skilvirkur heildarárangur. Sem dæmi má nefna að heildarævilíkur eru lægri og dánartíðni 15-60 ára er marktækt (p<0,001) hærri í BNA en á Norðurlöndum og Mið-Evrópu. Enn fremur er dánartíðni barna hærri og heilsufar ungbarna innan eins árs eftir fæðingu mun lakari ásamt mæðradauða við fæðingu sem er marktækt (p<0,001) hærri en á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu; þennan mun má að verulegu leyti rekja til ójafnaðar í þjónustu, m.a. lélegra mæðraeftirliti, hærri barnadauða og mæðradauða og lélegra mæðraeftirliti meðal svartra íbúa. (World Health Statistics. WHO. 2011, og Health at a Glance 2013). Vera má að nokkur rekstrarleg samkeppni

➜ Einkasjúkrahúsum er tryggt mikið sjálfdæmi í lögum án efnahagslegs eftirlits samfélagsins og afleiðingin er að vistunarkostnaður er margfælt hærri en gerist á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu.

ríki í BNA, en á Norðurlöndunum og Mið-Evrópu ríkir helst samkeppni á faglegu sviðinu. Tekið skal fram að skattar eru lægri í BNA en í Evrópu. Nú hefur Obama forseti lagfært tryggingamálin. Talið er að það hafi tekist vegna þess að meirihluti stóriðnaðarfyrirtækjanna komst að því að mikill einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni hafði valdið starfsfólki þeirra alvarlegum sjúkdómsvanda og hreinlega skaðað fólk (N. Chomsky hagfræðingur, áður ráðgjafi forsetans 2012).

Lokaorð

Eftir stendur að óheftur einkarekstur og mikill markaðsrekstur í heilbrigðisþjónustu er ekki lausn og veldur ójöfnuði og stóreykur kostnað eins og alþjóðaskýrslur frá OECD og WHO sanna. Enn fremur má geta þess að niðurstaða margra alþjóðlegra rannsókna hafa leitt í ljós að heildarkostnaður við skattafjármagnaða heilbrigðisþjónustu ásamt tilvísunarkerfi þar sem verktakasamningar eru leyfðir er allt að 5-18% lægri eftir því hvort miðað er við hlutfall af vergri landsframleiðslu eða kaupmáttargildi í dollurum (Health at a glance, OECD 2013) en þar sem frjáls tryggingarfélög í Mið-Evrópu standa að málum (OECD og World Bank 2009). Heildarkostnaður óhefts markaðsrekinnar heilbrigðisþjónustu í BNA er 75-94% hærri en á Norðurlöndum og Mið-Evrópu. Jafnframt er ljóst að heildarkostnaður við einkarekna heilbrigðisþjónustu eins og rekin er í Bandaríkjunum er allt að 90% dýrari en skattafjármögnun heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum.

Að kveða niður ljóta drauga

ALÞJÓÐAMÁL

Sema Erla Serdar

Linda Ósk Árnadóttir
í stjórn BDS Ísland – Sniðganga fyrir Palestínu

Fyrir rúmum tveimur mánuðum var hreyfingin BDS Ísland – Sniðganga fyrir Palestínu, stofnuð hér á landi, en tilgangur hreyfingarinnar er að svara alþjóðlegu ákalli Palestínumanna um sniðgöngu á ísraelskri framleiðslu og þvingunum gagnvart ísraelskum stjórnvöldum þar til að réttindi Palestínumanna verða virt að fullu í samræmi við alþjóðalög.

Því verður ekki neitað að um tilfinningamál sé að ræða, en er hér verið að kynna til leiks nýja aðferð til þess að hafa áhrif á deilu sem hefur staðið yfir í meira en 60 ár og einkennst af átökum, ofbeldi, blóði og sorg, kostað tugi þúsunda manna lífið og eyðilagt landsvæði, heimili og framtíð barna á átakasvæðum. Það er því eðlilegt að fólk taki afstöðu til deilunnar og sé ósammála um aðferðir og jafnvel mögulegar lausnir á deilunni.

Öll eigum við rétt á að hafa okkar skoðanir og við eigum að geta deilt um mismunandi afstöðu til mála og málefna á opinberum vettvangi. Umræðan á að vera málefnaleg og byggjast á staðreyndum og rökum, en því miður fer umræðan oft fljótt frá einmitt því, yfir í að vera byggð á tilfinningum, og oft eru tilfinningarnar fljótar að fara með fólk í ógöngur.

Þar sem við í BDS Ísland höfum orðið vör við hið síðarnefnda frá ákveðnum hópi sem hefur tekið sig saman til að berjast gegn hreyfingunni og sérstaklega meðlimum hennar á ansi óvandaðan hátt, þá skrifum við þessa grein í þeirri von að hægt sé að klára þá umræðu í eitt skipti fyrir öll.

Sniðganga er friðsamleg aðferð sem miðar að því að tjá siðferðislega og pólitíska vanþóknun á viðvarandi aðgerðum einstaklinga eða stofnana sem skaða aðra. Þannig felur sniðganga í sér að draga til baka stuðning, siðferðislegan og/eða efnislegan, við þær persónur eða stofnanir sem eru að skaða aðra, svo lengi sem viðkomandi reynir að viðhalda núverandi ástandi.

Sniðganga er ekki algengt pólitískt verkfæri heldur er hún taktísk aðferð sem nota á undir sérstökum kringumstæðum og því er sniðganga yfirleitt notuð þegar aðrar leiðir til þess að hafa áhrif á hegðun þeirra sem verið er að sniðganga hverju sinni, hafa verið fullreyndar. Sniðganga getur eingöngu verið áhrifarík í ákveðnum aðstæðum, sem eiga við Ísrael að flestu ef ekki öllu leyti. Sniðganga byggist á friðsamlegum reglum og hafnar úrræðum sem innihalda ofbeldisverk.

Með friðsömum hætti

Í upphafi sniðgöngunnar gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku mætti hreyfingin miklu mótlæti víða um heim. Flokkur Nelson Mandela, Afríska þjóðarráðið, var tengdur við kommúnisma og hryðjuverkastarfsemi og því þótti mikil áhætta að styðja baráttu hans

➜ Sniðganga er ekki algengt pólitískt verkfæri heldur er hún taktísk aðferð sem nota á undir sérstökum kringumstæðum og því er sniðganga yfirleitt notuð þegar aðrar leiðir til þess að hafa áhrif á hegðun þeirra sem verið er að sniðganga hverju sinni, hafa verið fullreyndar.

til að byrja með. Með svipuðum hætti hefur baráttan fyrir réttindum almennra borgara í Palestínu oft verið ranglega túlkuð sem stuðningur við hryðjuverkastarfsemi, en BDS Ísland hefur aldrei og mun aldrei styðja við slíka starfsemi.

Þeir sem tjá sig opinberlega um gjörðir Ísraelsríkis eru oftar en ekki gagnrýndir og ómálefnaleg rök eru notuð gegn þeim þar sem þeim er tileinkaður stuðningur við hryðjuverkasamtök og hugsunarhátt byggðan á gyðingaandúð, sem á ekkert skylt við þau rök sem notuð eru gegn stefnu Ísraelsríkis. Gagnrýni á Ísrael og opinberar umræður um stefnu ísraelskra stjórnvalda eru með slíkum aðferðum oftast þaggaðar niður fljótt, en fæstir nenna að láta bendla sig við hryðjuverkastarfsemi og gyðingahatur til lengri tíma. BDS Ísland hafnar því að Ísraelsríki og stuðningsmenn geti notað stimpla eins og „gyðingahatur!“ að vild til þess að koma sér undan málefnalegri umræðu og gagnrýni.

Staðreyndin er sú að stjórnvöld í Ísrael halda því fram að stefna þeirra sé í samræmi við vilja allra gyðinga. Að stuðla að aðskilnaði, standa á bak við hernám, þjóðernishreinsun, byggingu ólöglegra landnemabyggða og að víkka út eigið landsvæði er ekki byggt á gyðingdómi heldur pólitískri hugsjón zíonisma og hugmyndinni um „Stór-Ísrael“ (Eretz Israel). Þessar hugmyndir eiga ekki rétt á sér samkvæmt alþjóðalögum, stjórnmálasögu eða flestum afbrigðum gyðingdóms eða menningu gyðinga. Zíonismi er pólitísk hreyfing sem er alls ekki studd af öllum gyðingum í heiminum.

Fjölmargir þeirra sem börðust gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku, þar á meðal erkibiskupinn Desmond Tutu og forsetinn fyrrverandi, Nelson Mandela, hafa lýst því yfir að alþjóðlega sniðgönguherferðin gegn aðskilnaðarstjórninni hafði mikil áhrif. Sniðgangan hjálpaði til við að kollvarpa kerfinu í Suður-Afríku með friðsömum hætti í gegnum samningaviðræður, í stað þess að beita þyrfti ofbeldi.

visir.is

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Potturinn og pannan
í jólamatnum

SWAN CUISINE

Hágæða stálpottar og pönnur fyrir þá sem eru metnaðarfullir í eldhúsinu. Má nota á allar gerðir af hellum, þ.m.t. spanhellur. Mikið úrval af öllum stærðum og gerðum. Þess má geta að pottarnir frá Swan eru mikið notaðir af atvinnukokkum á helstu veitingastöðum landsins.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • opið mán - fös 8.30 - 17.00

Gefðu fallega hönnun úr Módern

15-30%
AFSLÁTTUR

af öllum gjafavörum
fram á sunnudag ef verslað er á modern.is

AÐEINS Í VEFVERSLUN MÓDERN*

Essense bjórglös, 48 cl, 2 stk. / **Verð áður 4.900 kr.**
Verð nú 3.920 kr.

Cucu 33 cm / Verð áður frá 12.900 kr.
Verð nú frá 9.030 kr.

Kastehelmi 6,4 cm / Verð áður frá 2.450 kr.
Verð nú frá 1.960 kr.

Koparbakki 38 cm / Verð áður 7.990 kr.
Verð nú 6.392 kr.

Aalto trébretti / Verð áður frá 7.650 kr.
Verð nú frá 6.120 kr.

Pop ilmkerti / Verð áður 7.900 kr.
Verð nú 5.530 kr.

Omaggio vasi 30 cm / Verð áður 9.990 kr.
Verð nú 8.491 kr.

Waxinelight kertahús 3 stk. / Verð áður 7.900 kr.
Verð nú 6.320 kr.

Hreindýr h39 cm / Verð áður 9.900 kr.
Verð nú 6.960 kr.

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Hlíðasmára 1.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTJANA ELÍSABET JÓHANNSDÓTTIR (ELLA)

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 22. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Seljakirkju miðvikudaginn 3. desember kl. 11.00. Hjartans þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Markar fyrir frábæra umönnun, virðingu og hlýju.

Ásta Friðjónsdóttir
Birgir Friðjón Erlendsson
Egill Rúnar Erlendsson
Stefán Erlendsson
og langömmubörn.

Erlendur Jóhannsson
Anna Jóhannesdóttir
Hildur Björk Hörpudóttir

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÓSKAR KATÓ AÐALSTEINN VALTÝSSON

sem lést mánudaginn 17. nóvember á Dalbæ, Dalvík, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 29. nóvember kl. 13.30.

Soffía Guðmundsdóttir
Guðmundur Heiðar Óskarsson
Rakel María Óskarsdóttir
Þóra Kristín Óskarsdóttir
Óskar Aðalsteinn Óskarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Arna Gerður Hafsteinsdóttir
Gunnar Guðmundsson
Haukur Jónsson
Anna Hafdís Jóhannesdóttir

Við systkinin og fjölskyldur okkar þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GUÐRÚNAR ÓLAFAR ÓLAFSDÓTTUR
Tröllakór 1-3, Kópavogi,

sem lést 13. október síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram.

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
Guðjón Björnsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Þór Magnússon
Friðrika Alda Sigvaldadóttir

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför bróður okkar og mágs,

STEFÁNS ANTONS JÓNSSONAR
Sjónarhóli, Stokkseyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Sigurjón Jónsson
Steingrímur Jónsson

Ólafía Kristín Jónsdóttir
Jóhanna Erla Sigurþórsdóttir

Útför

ÖNNU GUÐMUNDSDÓTTUR
frá Staðarbakka

verður gerð frá Staðarbakkakirkju laugardaginn 29. nóvember kl. 14.00.

F.h. aðstandenda,
Magnús Guðmundsson

TÓNLISTARMAÐURINN „Þetta hefur verið erfitt en áhugavert ár," segir Chris Czechowicz um fyrsta árið sitt á Fróni.

Tónlistin það mikilvægasta í lífi mínu

Bandaríski tónlistarmaðurinn Chris Czechowicz fagnar eins árs dvöl í Reykjavík.

„Við sem innflytjendur reynum að samlagast. Það er að læra tungumálið og hefðirnar en manni líður auðvitað stundum eins og aðkomumanni og finnur kannski fyrir einhverjum fordómum," segir bandaríski tónlistarmaðurinn Chris Czechowicz. „Það er mjög frjósamur jarðvegur fyrir tónlistarmann í þessu samfélagi enda langar mig ekki að skrifa lög um lunda og jökla." Chris fagnar bráðum eins árs dvöl í Reykjavík en hann flutti frá heimafylki sínu, New Jersey, til að geta lifað og hrærst í íslensku tónlistarsenunni.

Chris treður upp í Mengi í kvöld með nýstofnaðri hljómsveit sinni (Sea). Ásamt þeim koma fram Soffía Björg Band og EinarIndra. „Við erum undir miklum áhrifum af franskri tónlist eins og Serge Gainsbourg og Jacques Brel," segir Chris, sem hefur einnig skrifað um íslenska tónlist fyrir tímaritið Reykjavík Grapevine og vefsíðuna Rok Musik.

„Eitt sem ég hef lært er að listasamfélagið hér er mjög nátengt innbyrðis, allar vita um allt og alla sem er bæði gott og vont. Það kom mér líka á óvart hversu ótrúlega hjálpsamt fólk hér getur verið. Þótt að maður sé til dæmis blankur þá er samt hægt að þoka sér áfram. Ég er gríðarlega þakklátur fólki eins og Steinunni dj. flugvél & geimskip, Árna Grétari Futuregrapher og Högna Egilssyni," segir Chris, sem hefur glímt við geðræn vandamál undanfarin ár.

„Ég hef átt erfitt ár á margan hátt en ég er eiginlega að sanna það fyrir sjálfum mér og fjölskyldu minni að það sé hægt að búa hér og að ég geti látið verða af því. Ég glími við þessi vandamál en á sama tíma heldur tónlistin mér á lífi, hún er það mikilvægasta í lífi mínu. Markmið mitt er í raun einfaldlega það að vera góður og hjálpsamur maður, ásamt því að gefa út tónlist á sama kalíber og hljómsveitir eins og Kimono, Muck og Sigur Rós.

> **Eitt sem ég hef lært er að listasamfélagið hér er mjög nátengt innbyrðis, allar vita um allt og alla sem er bæði gott og vont.**

thorduringi@frettabladid.is

Tónleikar og ljósmyndasýning

Hjúin Elvý G. Hreinsdóttir söngkona og Eyþór Ingi Jónsson organisti troða upp í kvöld í Menningarhúsinu Hofi og ljúka þannig tónleikaferð um Norðausturland.

„Í ár höfum við ferðast um og flutt kvæðið um sólina," segir Eyþór Ingi Jónsson sem er að ljúka ferð um Norðausturland með Elvý Hreinsdóttur. Síðustu tónleikarnir verða í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld, 27. nóvember, og hefjast klukkan 20.30.

Hugmyndin að tónleikunum er svipuð hugmyndinni að öðrum tónleikum sem þau skötuhjú efndu til í fyrrahaust. Þá ferðuðust þau um með Kvæðið um fuglana og fluttu efnisskrá með lögum sem fjölluðu á einn eða annan hátt um fugla. Um leið sýndu þau ljósmyndir sem þau tóku sjálf af fuglum og umhverfi þeirra.

Nú er ljósmyndum einnig varpað á tjald og tengjast þær allar lögunum sem þau flytja. Því er bæði um tónleika og ljósmyndasýningu að ræða.

Efnisskráin er fjölbreytt. Á henni eru þjóðlög og vísnalög frá Norðurlöndunum og Úkraínu, dægurlög frá Frakklandi og Íslandi, örlítið kántrí, djass, og gamalt íslenskt sönglag.

Birkir Blær Óðinsson, 14 ára gítarleikari, verður gestur á tónleikunum. Undirleikur er á píanó, gítar, bassa, bouzouki, dulcimer og ýmiskonar slagverk.

- gun

TÓNLISTARFÓLK Þau Eyþór Ingi og Elvý fjalla um sólina sjálfa á tónleikum sínum þetta árið.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

GEGN OFBELDI
Tískuhönnuðurinn Stella McCartney hefur hannað nælu sem á að vekja athygli á baráttunni fyrir því að uppræta ofbeldi gegn konum í heiminum.

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

ER MELTINGIN AÐ ANGRA ÞIG?

GENGUR VEL KYNNIR *Færðu oft illt í magann eða verður að leggja þig eftir að hafa borðað stóra máltíð? Prógastró DDS+3 er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna sem bætir og byggir upp meltingarflóruna og getur einnig minnkað kviðfitu.*

Það kannast flestir við einkenni þess að hafa borðað mikið, vera útblásinn, illt í maganum og finna fyrir vanlíðan. Tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð getur létt verulega á meltingunni og þá sérstaklega ef á boðstólum er reykt kjöt, feitar sósur og því um líkt. Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýruþolnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.

GETUR MINNKAÐ KVIÐFITU
Rannsókn (www.consumerlab.com) á japönskum karlmönnum sem allir voru of þungir sýndi að með því að gefa þeim stóra skammta af próbíótískum gerlum í 12 vikur minnkaði kviðfitan. Virkni próbíótískra gerla felst m.a. í því að þeir koma jafnvægi á hormónabúskapinn okkar. Þegar þarmagerlarnir eru í jafnvægi senda þeir „eðlileg" skilaboð um hvort við erum södd eða svöng, en ef ójafnvægis gætir geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtilfinningu án þess að vera í raun svöng og höfum því tilhneigingu til að borða of mikið.

SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR
Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna.

KOMA JAFNVÆGI Á HORMÓNABÚSKAPINN
Nýjar rannsóknir sýna að próbíótískir gerlar geta átt þátt í að minnka kviðfitu.

GÓÐ MELTING
Með því að taka tvö hylki með morgunmat byggir þú upp heilbrigða og sterka flóru í meltingarveginum.

ÚTSÖLUSTAÐIR
Flest apótek, heilsubúðir og verslanir. Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Stækkunarglers lampar

Amma mús – *handavinnuhús*
Grensávegi 46, Reykjavík
Opið mán – fös 9-18
sími 511 3388

Gerðu gæða- og verðsamanburð
Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Reverie®
REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

20-50% afsláttur
Dömu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf

20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-

20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-

Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa ★★★★★
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

NÝTT – NÝTT
8 rétta hlaðborð í hádeginu
TILBOÐ KR. 1.390.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga. ekki um helgar.
Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

JENNIFER LOPEZ „Mér finnst hún flott."


SELENA GOMES „Mjög glæsilegur Armani-kjóll."

ZENDYA Aðeins of mikið gull.

BLEONA QERETI „Hún fór yfir strikið," segir Ásdís.
MYNDIR/GETTY

SNÝST UM ATHYGLI

STJÖRNURNAR *Amerísku tónlistarverðlaunin voru afhent á sunnudag í Los Angeles. Gestir á rauða dreglinum vekja venjulega mikla athygli en þó sérstaklega að þessu sinni. Konurnar þóttu sumar klæða sig heldur djarft.*

Ásdís Rán Gunnarsdóttir er ekki óvön því að ganga eftir rauða dreglinum, sérstaklega í Búlgaríu þar sem hún bjó lengi og löndunum þar í kring. Hún var spurð hvers vegna konur komi svo fáklæddar á gala-hátíð? „Svona verðlaunahátíð snýst fyrst og fremst um að ná athygli fjölmiðla og heimsins. Það er gert með ýmsu móti, til dæmis með því að klæðast ögrandi fatnaði. Söngkona Rihanna kemst upp með að mæta í gegnsæjum Swarovski-kjól en það er ekki víst að aðrar konur geti gert það," segir Ásdís. „Til að fanga athyglina þarf kjóllinn að fara manneskjunni sérstaklega vel, hárið þarf að vera vel greitt og farðinn fullkominn. Svo má ekki gleyma útgeislununni þegar myndin er tekin," segir hún og bætir við að fyrir suma sé öll athygli góð í stjörnuheiminum. „Slæm umfjöllun um kjól er stundum betri en engin."

ELEGANT Þessi kjóll er frá Illuminee sem er búlgarskt hönnunarmerki sem er í uppáhaldi hjá Ásdísi Rán. Myndin er tekin á hátíð sem kallast Red Carpet Awards en þar fékk hún viðurkenningu sem besta forsíðufyrirsætan. „Kjóllinn er hálfgegnsær en samt elegant."

KLÆÐIR SIG UPP

Ásdís segist ekki fylgjast mikið með rauðadregilsmyndum. Stundum sé þó varla hægt að komast hjá því. „Ég hef áhuga á tísku og spái mikið í hana. Ég er svo heppin að hafa verið boðið á fjölmargar glæsilegar hátíðir í Búlgaríu. Ég hef því getað klætt mig upp í rosalega flotta kjóla. Það er meiriháttar skemmtilegt að vera uppstríluð á rauða dreglinum. Það þarf þó að vanda valið á kjólnum, hann getur mátast vel en kemur síðan ömurlega út á mynd. Sniðið þarf að henta líkamsvextinum og liturinn húðinni. Heidi Klum var til dæmis í frekar ljótum kjól að mínu áliti en smekkur manna er misjafn," útskýrir Ásdís Rán.

YFIR STRIKIÐ

Þegar hún er spurð um þessa klæðalitlu tísku, svarar hún: „Þessi tíska er til þess að ná athygli. Fólk þarf að gera sér grein fyrir að þetta er annar heimur en við þekkjum. Það er heitt í Los Angeles og fólk léttklæddara en hér tíðkast. Konurnar njóta þess að sýna líkamann á meðan íslenskar konur eru dúðaðar í pels og í stígvélum. Mér finnst fallegt að vera léttklæddur ef það er gert með elegans. Það er líka hægt að fara yfir strikið eins og Bleona Qereti gerði í netkjólnum. Það er hluti af kvenlegri fegurð að sýna fótleggina en kjóllinn þarf að vera flottur. Mér fannst Jennifer Lopez mjög flott. Selena Gomes var glæsileg með bert bakið en í ermasíðum, svörtum Armani-kjól. Kate Beckinsale var líka glæsileg í hvítum, síðum kjól," segir Ásdís Rán. „Það eru alltof fá tækifæri fyrir íslenskar konur að fara í sitt fínasta dress, helst nýársfagnaðir. Mér finnst að allar konur ættu að prófa að dressa sig svona flott upp annað slagið. Að finna gyðjuna og glæsileikann í sjálfri sér," segir Ásdís Rán sem er á leið á gala-hátíð í Búlgaríu þar sem valin verður bisnesskona ársins. „Ég á eftir að finna kjólinn," segir Ásdís sem hefur verið að föndra fyrir jólin með börnum sínum síðustu daga.

elin@365.is

ELIZABETH ARDEN KYNNING Í
LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
DAGANA 27. – 30. NÓVEMBER.

20% afsláttur

af öllum vörum frá Elizabeth Arden.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru tvær vörur eða fleiri frá Elizabeth Arden.

Elizabeth Arden
NEW YORK

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Kringlunni

LÆTUR DRAUMA SÍNA RÆTAST

TÍSKA *Leikkonan og grínistinn Melissa McCarthy lætur æskudraum sinn rætast og hannar fatalínu sem hentar konum af öllum stærðum og gerðum. McCarthy hefur gaman af fötum eins og sjá má á myndunum hér að neðan.*

Leikkonan Melissa McCarthy sló rækilega í gegn fyrir leik sinni í grínmyndinni Bridesmaids, var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik í aukahlutverki. Hún hefur síðan gert garðinn frægan bæði sem uppistandari, sjónvarpsleikkona og í kvikmyndum á borð við Identity Thief og The Heat. En æskudraumurinn var hins vegar alltaf að verða tískuhönnuður.

„Þetta er eitthvað sem ég hef gert síðan í grunnskóla. Þá lá ég á gólfinu, fletti í gegnum Vogue og klippti út snið," sagði McCarthy í viðtali við tímaritið WWD. Hún hefur í nokkur ár litast um eftir framleiðanda til að láta drauminn rætast. Nýverið samdi hún við fyrirtækið Sunrise Brands sem einnig hefur á sínum snærum merki á borð við Superdry og Seven7. Ætlunin er að búa til tískulínu með fötum bæði í venjulegum og yfirstærðum.

Í línunni verður að finna óformlegan íþróttafatnað sem ætlunin er að komi í verslanir í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi haustið 2015.

McCarthy segist vera afar smámunasöm þegar kemur að fatahönnun. „Ég hef tilkynnt að ég muni vera viðstödd hverja einustu mátun. Ég mun liggja á hnjánum og ganga úr skugga um að faldarnir séu rétt saumaðir," segir hinn hláturmildi grínisti.

JANÚAR 2014 Á Critics Choice-kvikmyndaverðlaunahátíðinni.

JANÚAR 2014 Á Golden Globe-verðlaunahátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

JÚNÍ 2014 Á frumsýningu Tammy í Los Angeles.

NÓVEMBER 2014 Á viðburði sem kallast P.S. ARTS Express Yourself.

JÚNÍ 2014 Á röltinu í New York.

ÁGÚST 2014 Á Emmy-verðlaunahátíðinni.

LÍÐUR MIKLU BETUR Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið, en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA

FEMARELLE BJARGAÐI LÍÐAN MINNI

ICECARE KYNNIR *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Ég hef notað Femarelle í nokkra mánuði og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru," segir Valgerður Kummer Erlingsdóttir.

„Ég er komin á þann aldur þegar konur byrja að finna fyrir breytingum en þannig var það hjá mér áður, að ég var farin að svitna mikið yfir daginn og var ég oft með skapsveiflur, jafnvel að ástæðulausu. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin. Ég er svo ánægð að ég mæli með Femarelle við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni," segir Valgerður.

TVÆR FLÍKUR Í EINNI

Útgáfu bókarinnar Tvöfalt prjón – flott báðum megin eftir Guðrúnu Maríu Guðmundsdóttur verður fagnað á morgun í Eymundsson í Austurstræti.

Það geta allir lært þetta, það eina sem þarf er að kunna slétt og brugðið," segir Guðrún María Guðmundsdóttir, prjónahönnuður og höfundur bókarinnar Tvöfalt prjón – flott báðum megin, sem Salka gefur út. Útgáfu bókarinnar verður fagnað á morgun klukkan 17 í Eymundsson í Austurstræti.

Bókin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og segir Guðrún tvöfalt prjón afar skemmtilega tækni.

„Tvöfalt prjón hefur notið vinsælda hér á landi undanfarið og þekkist víða um heim. Ég bjó til allar uppskriftirnar í bókina og sæki munstrin aðallega í Hina íslensku sjónabók og í bókina Føroysk Bindingarmynstur," segir Guðrún María.

„Það verða til virkilega hlýjar og fallegar flíkur með þessari aðferð en það fer að sjálfsögðu eftir grófleika garnsins hversu þykk flíkin verður. Tvöfalt prjón skilar þó aðeins þykkari flíkum en einfalt. Fyrsta skrefið er að spegla munstrið þannig að sama munstrið er í sitt hvorum litnum. Þegar lengra er komið í tækninni er hægt að fara að prjóna sitt munstrið á hvora hlið og þannig býr maður til alveg tvær ólíkar flíkur."

Með tvöföldu prjóni er hægt að prjóna nánast hvað sem er; peysur, sokka, vettlinga, trefla, húfur, hólka, sjöl, teppi og svo framvegis. Í bókinni má finna 40 fjölbreyttar uppskriftir, auk ítarlegs leiðbeiningakafla um þessa sérstöku prjónaaðferð.

Guðrún María Guðmundsdóttir hefur haldið fjölda prjónanámskeiða á undanförnum árum og meðal annars kennt tvöfalt prjón.

Jólagjöfin hennar

NeroGiardini

MADE IN ITALY

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

ÖFUGT VIÐ TÍSKUNA

TÍSKULEG LISTASPÍRA *Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarkona klæðir sig meðvitað þveröfugt við það sem er í tísku. Svartar gallabuxur eru í uppáhaldi.*

Unnur Birna Björnsdóttir er fjölhæfur listamaður, hún er fiðluleikari og söngkona og hefur tekið þátt í fjölda uppfærslna í stóru leikhúsunum. Hún flutti lag Stefáns Hilmarssonar, Þú fullkomnar mig, listavel í Óskalögum þjóðarinnar á RÚV um síðustu helgi.

Unnur bjó í ár á Ítalíu fyrir tveimur árum þar sem hún fékk skyndilega auga fyrir stílíseringu en hún segir alla vera í stíl þar.

Ertu tískumeðvituð? Ég hef alltaf verið mjög meðvituð um að klæða mig þveröfugt við það sem er í tísku.

Hvernig klæðir þú þig spari? Mjög svipað og hversdags, eiginlega er ég bara alltaf í því sem ég er með á heilanum þá stundina og til að gera það sparilegra fer ég í fína skó við, set glingur á mig og ýfi hárið.

Hvernig klæðir þú þig þegar þú kemur fram? Í einhverju sem kemur vel út á sviði, en er samt látlaust og þægilegt. Fer líka eftir því hver stíllinn minn er þá stundina. Ég verð að geta hreyft mig og andað. Ég vandi mig á að performera í háum hælum, sem er gaman, því ég á svo marga skó sem lúkka vel en það er vonlaust að ætla að labba skref í þeim!

Hvernig lýsir þú stílnum þínum? Út um allt. Ég breyti um stíl á nokkurra mánaða fresti, fæ eitthvert lúkk á heilann og fer á kaf í það, svo fæ ég nýja hugmynd eftir smátíma og þannig gengur það. Þess vegna á ég alltof mikið af lítið notuðum fötum í kössum.

Hvar kaupir þú fötin þín? Hér og þar. Ég er nösk á að finna gullmola hér og þar. Nýjustu flíkurnar eru úr Vero Moda, Mótor og Mía, Centro á Akureyri og úr Álnavörubúðinni í Hveragerði. Annars finnast mér götumarkaðir í útlöndum langskemmtilegastir, ódýrt og engin hætta á að einhver eigi eins! Fataskápurinn minn er fjölbreytilegur og frekar alþjóðlegur.

Eyðir þú miklu í föt? Þetta kemur í tímabilum, stundum eyði ég miklu og stundum engu. Ég er nýbyrjuð skoða fatasíður og læra að setja saman fötin mín á annan hátt, ég er búin að spara mjög mikið við það! Ég kaupi bara gervifeldi og „pleðurjakka“, og það munar heilmiklu á verðinu, auk þess að það dó ekkert dýr við það eitt að ég gæti klæðst flík.

Hver er uppáhaldsflíkin þín? Í augnablikinu eru það svörtu gallabuxurnar sem ég rétt fer úr til að þvo.

Uppáhaldshönnuður? Auður Brá frænka mín, nýútskrifuð og verðlaunuð frá Margarethe Skolen í Köben, hún er að hanna og sauma sviðsklæðnaðinn minn og mun stílísera plötukoverið mitt.

Bestu kaupin? Tezenis-nærbuxurnar sem ég kaupi í Róm. Nennir einhver að byrja að flytja þær inn?

Verstu kaupin? Skór sem ég keypti á netinu sem ég komst aldrei í. Gaf mömmu þá. Manneskja með skíði fyrir lappir á ekki að kaupa sér skó á netinu.

Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir jólin? Nýrri hillu. Þetta er ekki hægt lengur.

Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti? Ég fæ eitthvað á heilann, verð manísk og verð að eignast það, sama hvað. Þetta sem ég fæ á heilann er yfirleitt ekki í tísku eða tilheyrir vitlausri árstíð þannig að það tekur óratíma að finna það.

Hvers konar fylgihluti notar þú? Síð hálsmen, rósakransa og hringa. Ég er alltaf með hring sem amma og afi gáfu mér í fermingargjöf, Pandoruhring sem kærastinn minn gaf mér og ítalskan einnarevruhring með gervidemanti. Ég týni öllu þannig að ég kaupi aldrei neitt dýrt. Hringana fínu, sem mér voru gefnir, hef ég alltaf á mér svo þeir týnist ekki!

Hvaða förðunarvörur notar þú daglega? Ég vil engin eiturefni í trýnið á mér og að ekkert sé prófað á dýrum. Ég nota því BB krem, sólarpúður og maskara frá Benecos. En þegar ég er brún og sæt eftir ítölsku sólina nota ég bara maskara.

Hvað er næst á dagskrá? Klára plötuna mína, ég tók óvænta U-beygju eftir að vera búin að taka öll lögin upp, breytti um stíl og henti og henti, bætti inn og gjörbreytti sándinu. Þetta er svona svipað eins og fatastíllinn minn (lífið mitt), ég gerbreyti um stíl reglulega. Ég verð að drífa mig í að gefa hana út áður en ég tek aðra U-beygju!

LITRÍKT MEÐ
Þessa dagana klæðist Unnur alltaf buxum, látlausum hlýrabol og svo einhverju litríku til „uppoppunar“. Hún elskar opnar, víðar peysur sem halda á henni hita.
MYND/ERNIR

NÝR STÍLL

„Ég breyti um stíl á nokkurra mánaða fresti, fæ eitthvert lúkk á heilann og fer á kaf í það, svo fæ ég nýja hugmynd eftir smátíma og þannig gengur það. Þess vegna á ég alltof mikið af lítið notuðum fötum í kössum.“

KERTAFLEYTING Á LAUGARVATNI

Næsta laugardag verður árlegur jólamarkaður og kertafleyting haldin á Laugarvatni.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að báðir viðburðir færu fram fyrsta sunnudag í aðventu. Það rétta er hins vegar að þeir fara fram næsta laugardag, 29. nóvember.

Kertafleyting á Laugarvatni er haldin á laugardegi fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Þessi síður hefur verið haldinn í langan tíma og þykir afar tilkomumikil og falleg sjón, sérstaklega í góðu veðri. Það er Lionsklúbburinn sem selur friðarkerti fyrir athöfnina og síðar um daginn röltir hópurinn niður að Laugarvatni þar sem kertum er fleytt út á vatnið.

Viðburðurinn er fyrir löngu orðinn fastur liður í jólahaldinu þar um slóðir og sækir fjöldi fólks hann, bæði heimamenn og aðkomufólk. Jólamarkaðurinn hefst kl. 14 en kertafleytingin um kl. 17.30.

Nánari upplýsingar má finna á sudurland.is undir flipanum Viðburðir.

MARAÞON

Fylgir með Skemmtipakkanum

NÚ ÞEGAR Í BOÐI:

Homeland – Nýtt í Stöð 2 Maraþon
24: Live Another Day
The Killing
Game of Thrones
Those Who Kill
Crisis
Orange is the New Black

NÝ ÞJÓNUSTA Á STÖÐ 2 FRELSI

Maraþon í mestu makindum

Nú geturðu horft á heilu þáttaraðirnar, frá upphafi til enda!
Á Stöð 2 Frelsi finnurðu nýja þjónustu, Stöð 2 Maraþon, sem gerir þér kleift að nálgast nýjar og eldri þáttaraðir sem sýndar eru á Stöð 2. Þannig geturðu horft á heilu þáttaraðirnar í beit, nákvæmlega þegar þér hentar. Veldu þér þína þáttaröð og **taktu góða syrpu með Stöð 2 Maraþon.**

Fáðu þér áskrift! 365.IS

NÁTTÚRULEGT Fyrirsætan Ída Pálsdóttir í Relentless-línunni frá Dimmblá. MYND/NEIL JOHN SMITH

ÍSLAND ÚR LOFTI

TÍSKA *Ný fatalína frá Dimmblá heitir Relentless. Flíkurnar í línunni eru prýddar myndum eftir RAX sem allar eru teknar úr lofti af íslenskri náttúru.*

Í SKÓGARÞYKKNI Myndir RAX koma vel út á kjólum Dimmblá. MYND/NEIL JOHN SMITH

Leiðarljósið í allri hönnuninni var að gera hana sem vistvænasta og minna um leið á náttúruna," segir Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Dimmblá.

Í nýrri línu Dimmblá, Relentless, eru kjólar úr silki og slæður úr ull sem á eru prentaðar myndir ljósmyndarans Ragnars Axelssonar eða RAX. „Ég hef lengi verið heilluð af myndum RAX og hafði samband við hann. Hann tók því strax vel að vinna með mér og samstarfið hefur gengið afar vel," lýsir Heiðrún. Myndirnar eru allar af náttúru Íslands en Heiðrún valdi nokkrar myndir sem mynda falleg og óræð mynstur.

Relentless-fatalínan er hugarsmíð Heiðrúnar. „Á lokasprettinum kom fatahönnuðurinn Una Hlín Kristinsdóttir inn í vinnsluna en hún mun taka að sér að hanna næstu línu sem kemur út í vor en ég verð með puttana í ferlinu líka," segir hún glettin.

Fyrsta fatalínan frá Dimmblá með myndum af norðurljósum eftir Sigurð Hrafn Stefnisson kom á markað í desember í fyrra. Hluti af þeirri línu kemur nú aftur í silki.

Heiðrún segir skemmtilegt mótvægi í línunum tveimur sem komnar eru frá Dimmblá. „Í fyrra voru myndirnar sem við notuðum allar af norðurljósum og því teknar upp í loftið. Í ár eru allar myndirnar teknar úr lofti," segir hún og telur að framhald verði á samstarfinu við RAX. „Það er hugsanlegt að við tökum hálendið fyrir næst," segir Heiðrún sem stefnir á frekari markaðssetningu erlendis. „Ég hef þegar fengið nokkra eftirspurn þaðan."

Hægt er að fylgjast með Dimmblá á Facebook og á vefsíðunni dimmbla.is.

HEIÐRÚN ÓSK Náttúruvernd er Heiðrúnu ofarlega í huga. Hún notar náttúruleg efni á borð við silki og ull í fatalínur sínar. Þá rennur hluti af ágóða hverrar sölu til umhverfissamtakanna Landverndar. MYND/NEIL JOHN SMITH

TVÆR HLIÐAR

„Í fyrra voru myndirnar sem við notuðum allar af norðurljósum og því teknar upp í loftið. Í ár eru allar myndirnar teknar úr lofti."

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

VIÐ ERUM SANNFÆRÐ!

„Fyrir tæpu ári settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.“

Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

FRÁBÆR MEÐMÆLI...

frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

GARÐABÆR

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í heilt ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Billinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.

Isavia

"Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

Vilhjálmur Karl Karlsson Verkefnastjóri fjármálasviði / Innkaupadeild.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

Reynir Valbergsson, frkvstj. fjármálasviðs.

HAFNARFJÖRÐUR

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk.“

Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.

Jóhanna Lind Elíasdóttir

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í rúmt ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans nú í haust. Í ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði.“

Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

RADARUS

Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.]

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIRLIKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.

SAMVINNA „Stundum þurfum við beinlínis að taka ákvörðun um að tala ekkert um vinnuna, ég á erfiðara með það en hann." Hlín og eiginmaður hennar, Hallgrímur Stefán Sigurðsson, sjá um alla framleiðslu á skartgripunum sjálf.
MYNDIR/HLÍN REYKDAL

SKOTTHÚFA Í SKART

HÖNNUN *Íslenska skotthúfan er innblásturinn í nýjustu skartgripalínu Hlínar Reykdal. Litirnir eru sóttir í norðurljósin en líka til Marokkó. Skartgripina framleiðir Hlín sjálf í samvinnu við eiginmanninn.*

Það eru svo fallegir litir í Marokkó og þar er líka mikið um skúfa og dúska. Ég er mjög hrifin af íslensku skotthúfunni og þá sérstaklega skúfinum, það er svo þægilegt að handleika hann," segir Hlín Reykdal fatahönnuður en í nýjustu skartgripalínu hennar er að finna tilvísun í íslensku skotthúfuna og neðan úr hálsfestum hanga skúfar bæði úr textíl og keðjum.

„Skúfarnir eru sérstaklega búnir til fyrir okkur eftir myndum og prufum frá mér en öll framleiðslan á skartinu fer fram hér heima. Nýja línan er öll fíngerðari en áður. Mig langaði að vinna með önnur efni í bland við handmáluðu trékúlurnar sem ég hef verið að vinna með og bætti við málmi," útskýrir Hlín. Sem fyrr er litagleðinni fyrir að fara í skartgripum Hlínar og sækir hún litina til Marokkó en líka í íslenska náttúru.

„Innblásturinn kemur víða að. Ég sæki hann meðal annars í norðurljósin, íslenska náttúru og mikið í listheiminn. Svo byggi ég litasamsetninguna í skartgripunum á eigin tilfinningu fyrir því hvað fer saman. Ég horfi á umhverfið í kringum mig í litum og það er ótrúlega skemmtileg stúdía á bak við liti, svartur er til dæmis ekki bara svartur heldur inniheldur marga tóna, kalda og heita."

Hlín útskrifaðist úr LHÍ árið 2009 og árið eftir setti hún fyrstu skartgripina á markað. Fyrir tveimur árum segir hún línuna virkilega hafa farið á flug en öll hönnunarvinna og framleiðsla er unnin af henni sjálfri og Hallgrími Stefáni Sigurðssyni, eiginmanni hennar, á vinnustofu þeirra hjóna.

„Ég gæti ekki verið með betri félaga í þessu. Við erum með marga bolta á lofti í þessu bæði tvö, ég sé þó að mestu um hönnunarvinnuna og hann sér um allan frágang og samsetningar. Hann leysir líka tæknileg atriði. Við tökum einnig þátt í rekstri á tveimur verslunum, Kiosk og Unikat, og eigum þar að auki tvær dætur. Það er alveg nóg að gera," segir hún hlæjandi en bætir við að þau hafi bæði gaman af vinnunni. „Þetta gengur upp af því við elskum vinnuna okkar. Stundum þurfum við beinlínis að taka ákvörðun um að tala ekkert um vinnuna, ég á erfiðara með það en hann. En það er auðvitað mikilvægt að fá hvíld inn á milli og safna orku."

Nánar má forvitnast um hönnun Hlínar á Facebook og á hlinreykdal.com.

heida@365.is

NÝ LÍNA
Fyrstu skartgripirnir frá Hlín komu á markað 2010 en hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2009.

SKOTTHÚFA
Skúfinn á íslensku skotthúfunni er að finna í nýjustu hálsmenum Hlínar Reykdal.

NORÐURLJÓS
Hlín sótti meðal annars innblástur í norðurljósin.

NÝ EFNI
„Mig langaði að vinna með önnur efni í bland við handmáluðu trékúlurnar sem ég hef verið að vinna með og bætti við málmi."

LITIR ERU ÁSTRÍÐA
„Ég horfi á umhverfið í kringum mig í litum og það er ótrúlega skemmtileg stúdía á bak við liti, svartur er til dæmis ekki bara svartur heldur inniheldur marga tóna, kalda og heita."

Sannkölluð litagleði!

Alls 24 skínandi falleg litbrigði

The Body Shop kynnir
glænýtt naglalakk sem þú einfaldlega verður að prófa.
Ólíkt mörgu öðru naglalakki inniheldur það engin ætandi efni sem margir vilja forðast (t.d. hvorki formaldehýð né kamfóru); það inniheldur aftur á móti næringarríka og silkimjúka, náttúrulega marúlaolíu.
Naglalakkið gefur góðan gljáa og þornar undurfljótt. Síðast en ekki síst gefur úrval litbrigðanna sköpunargleðinni lausan tauminn.

Verð: 1190 kr.

110 Crimson Kiss | 120 Relish the Moment | 130 Red my Mind | 210 Just Peachy | 220 Peach Babe | 310 Cupid Pink | 320 Oh petal | 330 Rosy Cheeks | 340 Pink Cream | 410 Deeply in Love | 420 A Grape Affair | 510 Body Shop Green

520 Hemp Over Heels | 610 Crazy For Blue | 620 Got The Blues | 630 Minty Amour | 640 Mint Cream | 710 Big Smoke

720 Gorgeous Grey | 730 Almond Kiss | 740 Smoky Rose | 810 Frosting Fancy | 820 Meet me at Dusk | 830 Top and Base Coat

Naglaskreytipenni 1360 kr.
Þessi virkar eins og töfrasproti. Með öðrum endanum, þeim fíngerðari, gerirðu grannar línur og litla punkta en með hinum endanum litarðu stærri fleti og fyllir upp í svæði milli lína.

Möndluolíu-naglalakkshreinsir 1460 kr.
Í stað hins venjulega asetons inniheldur þessi hreinsir mýkjandi og nærandi möndlu- og sojaolíur og vínanda sem unninn er úr sykurrey. Af þessum sökum veldur hann ekki þurrki heldur beinlínis mýkir naglaböndin.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND
GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu, sé þess óskað.
Sími: 564 6552





Á TÍSKUSÝNINGU DOLCE & GABBANA
Hofit Golan, þáttastjórnandi á Fashion TV, veit hvað hún syngur þegar kemur að tískunni.

BUNDNIR UPP AÐ HNÉ

VORTÍSKAN *Þykkbotna nærtís-skór ráða lögum og lofum í skótískunni um þessar mundir en hvernig skyldi vor- og sumartískan líta út? Venju samkvæmt léttist skóbúnaðurinn með hækkandi sól. Vortískan verður þó óvenju gróf í ár ef marka má tískupallana. Böndin verða áberandi eins og oft vill vera yfir heitasta árstímann en nú ná þau langt upp á ökkla og jafnvel alveg upp og yfir hné.*

Góðir molar um hátíðarnar

Það verður boðið upp á alls konar góðgæti um jólin! Vandaða íslenska dagskrá, frábærar bíómyndir, erlenda spennu- og grínþætti og fjörugt talsett barnaefni.

Njóttu hátíðanna með Stöð 2

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **9-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



M.Benz E 250 CDI 4Matic Avantgarde Diesel 2/2013 ek.58þús. Leður. Webasto miðstöð. Ásett verð 9.390.000.- Rnr.104714

Suzuki SX4 GLX 4WD 6/2013 ek.35þús. Beinskiptur. Ný vetrardekk. Ný ryðvarinn. Ásett verð 2.990.000.- Rnr.287141

BMW X3 3.0I 11/2004 ek AÐEINS 77þús. Sjálfskiptur. Leður. Ný vetrardekk. Ásett verð 2.590.000.- Rnr.310990

Toyota Yaris 1/2004 ek.87þús. Beinskiptur. Ný ryðvarinn. Ásett verð 790.000.- Rnr.287170

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is

TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2011, ekinn 76 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.450.000. Tilboð 2.990.000 Rnr.201483.

TOYOTA Auris sol. Árgerð 2007, ekinn 125 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000 Tilboð 1.370.000. Rnr.204388.

Toyota Kletthálsi
Klétháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opið virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

MERCEDES-BENZ GL 550 4matic. Árgerð 2007, ekinn 35 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.990949.



Kia Sportage EX 4wd x-tra. Árgerð 2014, ekinn 40 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.991064.

Kia Sorento EX classic. Árgerð 2006, ekinn 128 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.991001.

HONDA Accord dísel. Árgerð 2013, ekinn 33 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.991018.

HYUNDAI I30. Árgerð 2007, ekinn 134 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.990809.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR

2014 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4
Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Þennan verður þú að skoða, ATH 1 eftir, Tilboðsverð aðeins 10.990þkr, Eru í salnum,

2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & COUNTRY LIMITED
Flottasti fjölskyldubíllinn, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 11.8, Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurí, Rafmagn í hurðum omfl, ATH 2 eftir, Tilboðsverð aðeins 7.990þkr, Eru í salnum,

Íslensk-Bandaríska ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

100bílar.is

VW Passat Comfort, árg. 6/2004, ek 122þús.km, sjálfskiptur, lúga, álfelgur, sumar og nagladekk á felgum, Flottur bíll, Ásett verð 890þ.kr Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Nýskoðaður Mercedes C Dísel NÝTT MÓDEL! 1300km á tanknum! 0-100 8,5s s. 8446562

Ford Focus árg 03 ek 159 þús beinsk 1,6 vél station ný kúpling ný tímareim vetrardekk góður bíll verð 590 þús gsm 8927852

BÍLA GALLERÍ

VORUM AÐ OPNA OG VANTAR BÍLA Á SKRÁ !
HAGSTÆÐ SÖLULAUN ! 20% ELDRI BORGARA AFSLÁTTUR ! SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT Í SÍMA 554-6700, Á HEIMASÍÐUNNI EÐA Á STAÐNUM. LÖGGILD BÍLASALA-20 ÁRA REYNSLA ! VERIÐ VELKOMIN ! Kveðja Ási.
Bílagallerí bílasala Fiskislóð 16 101 Reykjavík Sími 554-6700
Opið mán-föst 10-18 og á laugardögum 12-14

ÉG LEITA SÁLUFÉLAGA
Maður á besta aldri leitar að sálufélaga. Viðkomandi má ekki gefa frá sér mikinn hávaða og umfram allt eyða litlu. Stórt skott er kostur. Áhugasamir hafið samband.
salufelagi.is

SÁLUFÉLAGI ÓSKAST
Þarf að vera sterklega byggður, með útlitið í lagi. Má ekki eyða miklu og verður að geta gefið mér mikið persónulegt rými. Vertu í bandi.
salufelagi.is

500-999 þús.

MJÖG GOTT EINTAK !
Hyundai Santa fe 2.4 árg ,04, bsk. 4x4. ek 178þús km. ný yfirfarinn á verkstæði. ný skoðaður. ný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. Tilboðsverð 590þús stgr. vísa lán í boði. s:659-9696

4X4 FRÁBÆR SMÁJEPPI !
Suzuki Jimny 1.3. Árg ,05. Ek 161þús km. Bsk. 4x4. Hátt og lágt drif. Skoðaður ,15. Ný vetrardekk. Bíll í mjög góðu ástandi. Ásett v: 1.090þús. Tilboðsverð eðeins 790þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696

GÓÐUR SPARIBAUKUR Á 650 PÚS!
NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 650 PÚS möguleiki á visaláni í 36 man s.841 8955

KEYRÐUR AÐEINS 93 PÚS - TILBOÐ 590 PÚS!
SKODA FABIA 1,4 mpi árg' 01 ek.93 þús, 5 dyra, beinsk, nagladekk og sumar á álfelgum, smurbók, eyðir litlu, ásett verð 690 þús TILBOÐ 590 PÚS möguleiki á 100% visa s.841 8955

4X4 SJÁLFSKIPTUR GULLMOLI!
MMC Outlander 4x4. árg ,05. ek aðeins 114þús, ssk. glænýr vetrardekk. ný sko, nýleg tímareim. hiti í sætum,gott eintak. ásett v:1.290þús. Tilboðsverð 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696

SJÁLFSKIPTUR SPARIBÍLL!!
Chervolet Kalos 1.4. árg ð06. ek aðeins 96þús km. ssk. 5d, ný vetardekk. ný tímareim. sk ,15. virkilega sparneytinn og góður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fjórhjól

KYMCO 700 700EXI HJÓLI
Öflug götuskráð fjórhjól hlaðin aukabúnaði. Eigum einnig til Linhai fjórhjólin bæði traktorsskráð og götuskráð. Frábær tæki í leik eða starf. VDO. Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

Bílaþjónusta

Gabriel

Demparar í flestar gerðir bíla.
Stál og Stansar ehf.

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Partalistinn.is

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN. 20 ÁRA REYNSLA. TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

PARKET OG SÓLPALLASLÍPUN
Nú er rétti tíminn fyrir parketslípun, sólpallaslípun og flísalagnir ásamt almennu viðhaldi á fasteigninni þinni.
Vönduð vinna og gott verð.
ÆGISVERK
Hafðu samband: 699-3045
thorsteinnae@gmail.com

ÓLI SMIÐUR Í ÍSHÚSI HAFNARFJARÐAR
Stór verk sem smá, úti / inni, mikil reynsla / vönduð vinnubrögð. S. 698-9608.

Spádómar

ÖRLAGALÍNAN 908-1800
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

Spáðu í beinni sunnudagsmorgun hjá Sirrý fyrir 2 árum kem líka í heimahús s: 6908160

Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

FLÍSALAGNIR
Faglærur múrari tekur að sér flísalagnir. Tilboð/tímavinna. 25 ára reynsla. S. 696 4744.

Til sölu



SÚPER AÐVENTUHELGI !
30% - 70% AFSLÁTTUR
aðeins þessa einu helgi. Laugardaginn 10-20 Sunnudag 12-19 Kjóll 1.995,- Jakki 3.995,- Taska 2.793,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Til sölu ódýr en góð steypumót fyrir krana, tilvalin fyrir einfaldari byggingar. Uppl. í s. 840 6100

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

NÝLEG 32M2 SAMPYKKT ÍBÚÐ Á ANNARRI HÆÐ AÐ FLATARHRAUNI 7 Í HAFNARFIRÐI.

Alrými með eldhúskrók, baðherbergi m/sturtu. Húsaleigubætur fást á þessa íbúð og hægt að skrá lögheimili. Innifalið í leiguverði er hiti, rafmagn og hússjóður. Leiga pr/mánuð er 90.000 kr. + vístala, tveir mánuðir fyrirfram við samning. Íbúðin er laus, óskað er eftir meðmælum og hreinu sakavottorði!

Vinsamlega sendið umsókn á piero@bjb.is



EINBÝLI TIL LEIGU - 190 VOGAR

Til leigu 145fm einbýlishús 190 Vogar. 5 herb. Hagstæð langtímaleiga. Laust. Uppl. í s. 891 9847

Herbergi til leigu í 101 rvk Upplýsingar í síma 6611912 Rooms for rent 101 rvk Information in 6611912

Atvinnuhúsnæði

140 fm atvinnuhúsnæði á Ártúnshöfða til leigu 70 fm milli loft, stór innkeyrsluhurð og úti stæði. laus 7 sept. Uppl. í síma 5681075 eða 8991075.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði

MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST

Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna.

Umsóknir sendist á cafebleu@cafebleu.is

BÍLAÞVOTTASTÖÐIN LINDIN, BÆJARLIND 2.

Óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera harðduglegur, stundvís, heiðarlegur, vandvirkur og með góða þjónustulund. Krafist er hreins sakavottorðs og reglumennsku. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bílpróf og geti byrjað strax. Umsókn og ferilskrá sendist á robert@bilalindin.is

KvikkFix

VILJUM RÁÐA FÓLK Í EFTIRFARANDI STÖRF:

a) á verkstæði í smur, dekk ofl.

b) í móttöku. 1/2 starf með sveigjanlegum tíma.

Áhugasamir sendi umsóknir á KvikkFix@Kvikkfix.is fyrir 10 desember.

Óskum eftir trésmiðum, vana mótavinnu. Uppl. í s. 845-2448. jonomag@simnet.is

Einkamál

ÉG LEITA SÁLUFÉLAGA

Maður á besta aldri leitar að sálufélaga. Viðkomandi má ekki gefa frá sér mikinn hávaða og umfram allt eyða litlu. Stórt skott er kostur. Áhugasamir hafið samband.

salufelagi.is

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

Pjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Sturlaugur Jónsson & Co — **TÚRBÍNUR**

Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.

www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

ÁL-SUÐA

Ryðfrí stál - ál - og járnsmíði
Nýsmíði og viðhald fyrir fiskvinnslur og fiskiskip.
Áratuga reynsla.

MANNBERG

Vélsmiðja sími 564 2002
Akralind 1 - 201 Kópavogi - mannberg@mannberg.is

ART & TEXT

Sandblásturfilmur
Vegglímmiðar
Merkjum púða (ljósmynd/texti)
Prentun - Merkingar
og ýmislegt fleira fyrir þitt heimili.

www.artogtext.is

Básbryggju 15 • 110 RVK • S. 862 5564 • artogtext@artogtext.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta

VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

XPRENT - hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

...og margt fleira

Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

- *Jarðvegsvinna*
- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Húsarif*
- *Öll almenn verktakavinna*

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Iveco

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VéiRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

- *Hjólbarðaviðgerðir*
- *Smurþjónusta*
- *Bremsur*
- *Demparar*
- *Rafgeymar*
- *o.fl.*

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf

alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL LEIGU

Hlíðarsmári 12, 201 Kópavogur
Skrifstofuhúsnæði
Stærð 360 fm.
Laust 1. febrúar

Allar nánari upplýsingar veitir:

Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

360 fm skrifstofuhúsnæði á 2. h. sem skiptist upp í 3 stór vinnurými, 3 lokaðar skrifstofur, fundarherbergi, kaffiaðstöðu, 2 skjalageymslur auk snyrtinga. Lyfta er í húsinu. Næg bílastæði.
Laust frá 1. febrúar 2015.

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266

AUSTURKÓR 17 - 23, KÓPAVOGI

- MÖGULEIKI ER Á ALLT AÐ 90% LÁNI VEGNA KAUPA -



4 ÍBÚÐIR EFTIR

90% fjármögnun

- Bjartar og vel skipulagðar 114 fm 4ra herb. Íbúðir á glæsilegum útsýnisstað.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar með innréttingum og gólfefnum.
- Sérinngangur og suður-svalir / suður-garður með íbúðum.
- ÍBÚÐIR ERU LAUSAR TIL AFHENDINGAR.
- **Verð frá kr: 35.9.- millj.**

Landmark leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is
Íris Hall, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

---

tilkynningar

Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

Auglýsing á starfsleyfistillögu vegna svínabús Stjörnugríss hf., Saltvík, Kjalarnesi.

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, mun tillaga að starfsleyfisskilyrðum fyrir neðangreint fyrirtæki liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 27. nóvember til 31. desember 2014.

Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum	Almenn skilyrð	Sértæk skilyrði	Reglugerð 785/1999	Staðsetning
Stjörnugrís hf / 12 ár	X	X	X	Saltvík

Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Umhverfis- og skipulagssviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 31. desember 2014.

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI **534 1020** Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL SÖLU REKSTRARFÉLAG

Til sölu félag sem hefur leigusamning um verslunarhúsnæði á einum besta stað í miðborg Reykjavíkur.
Áhugasamir vinsamlega hafið samband.

Allar nánari upplýsingar veitir:

Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Kjöreign ehf

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Hvassaleiti 56, 103-Rvík. Íbúð 608.

OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL: 17:00 – 18:00

Rúmgóð 2ja herb. íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi. Stærð 77,3 fm. Suðvestur svalir út frá stofu. Mikil og góð sameign. Laus strax. **Verð: 32,4 millj.**
Áhugasamir velkomnir. Eign fyrir 63 ára og eldri.

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Snorrabraut 33a. -2ja herbergja íbúð á efstu hæð.
Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 68,3 fm. 2ja herbergja íbúð á 3. hæð við Snorrabraut. Eldhús með ljósri innréttingu, svefnherbergi með góðu skápaplássi og útgengi á svalir til austurs. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Parket á gólfum. Sér geymsla í kjallara auk sameiginlegrar geymslu. Góð eign miðsvæðis í Reykjavík.
Verð 23,5 millj. ***Verið velkomin***

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI **534 1020** Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL LEIGU/SÖLU Faxafen 10, 108 Reykjavík

668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. **HÆGT ER AÐ BREYTA RÝMINU Í VERSLUNARHÚSNÆÐI**. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir:

Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

ADIDAS ORIGINALS | ANDERSON´S | CARHARTT WIP | EDWIN | GRENSON | JASON MARKK | KOMONO | LIBERTINE-LIBERTINE
NIKE SB | NIKE SPORTSWEAR | NORSE PROJECTS | OH DAWN | POINTER FOOTWEAR | RED WING | VANS

| | KL. 20:15

Heilsugengið

Hrönn Vilhelmsdóttir bjargaði sér frá því að lenda í hjólastól með réttu mataræði og David Wolf upplýsir okkar íslendinga.

Fjölbreytt fimmtudagskvöld

| | KL. 21:30

NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

| | KL. 23:05

Crimes That Shook Britain

Heimildarþáttaröð um glæpi sem skóku Bretland. Í hverjum þætti verður farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.

| | KL. 20:30

The Oranges

Rómantísk gamanmynd um unga konu sem verður hrifin af nágranna sínum sem er jafnframt besti vinur föður hennar.

| | KL. 22:30

The Untold Mistery Of The United States

Stórbrotin heimildaþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórviðburði í sögu Bandaríkjanna.

| | KL. 20:15

X Factor UK

Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.

Krakka stöðin | KL. 18:22

Lína langsokkur

Skemmtilegir þættir um sterkustu stelpu í heimi, hana Línu Langsokk og vini hennar Önnu og Tomma.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

		7			3			4
6	9				4	7		
	3		7	5		8		1
4	2							5
			1	3				
7	8		2			3		
			4	8		5		
				9			3	2
	5			6		4	7	

MIÐLUNGS

					6			7
7	6							
8				3	5	9		6
1	8		3	4	7	2	5	
	5		1					
		4						8
	3	8		5	9			
	1	9				8		
6	7			8		5		

ÞUNG

	7	4		2	5			
	6		4					
5		2						
7	2				1	6		
		5						
				5	7		2	
		9	1				5	3
8			9				6	
		1		6	8	7		9

3	2	9	6	1	4	7	8	5
4	7	8	5	3	9	6	1	2
1	5	6	7	2	8	3	4	9
9	3	7	1	4	6	2	5	8
2	8	1	3	5	7	9	6	4
5	6	4	8	9	2	1	3	7
6	1	2	9	8	5	4	7	3
7	4	5	2	6	3	8	9	1
8	9	3	4	7	1	5	2	6

4	1	2	9	3	7	5	6	8
5	9	6	4	8	1	7	3	2
7	8	3	2	5	6	9	4	1
8	7	5	1	4	2	6	9	3
9	2	1	3	6	5	8	7	4
3	6	4	8	7	9	1	2	5
1	3	7	5	9	4	2	8	6
6	5	8	7	2	3	4	1	9
2	4	9	6	1	8	3	5	7

4	5	3	7	9	6	2	1	8
2	6	8	1	5	4	3	7	9
9	7	1	8	2	3	4	5	6
1	2	9	4	3	7	6	8	5
6	4	5	9	8	1	7	2	3
3	8	7	2	6	5	9	4	1
7	3	2	6	1	8	5	9	4
8	9	6	5	4	2	1	3	7
5	1	4	3	7	9	8	6	2

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Aldurinn getur ekki verndað þig fyrir ástinni. En ástin getur, upp að vissu marki, verndað þig fyrir ellinni."

Anaïs Nin

KROSSGÁTA

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. löngun, **6.** stefna, **8.** sæ, **9.** arr, **11.** mjöður, **12.** rabb, **14.** gimsteinn, **16.** nudd, **17.** angan, **18.** úði, **20.** á fæti, **21.** andstreymi.

LÓÐRÉTT
1. fýla, **3.** þys, **4.** sjöskipt, **5.** tæki, **7.** duttlungar, **10.** æxlunarkorn, **13.** kjáni, **15.** lítill, **16.** ferskur, **19.** tvíhljóði.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lyst, **6.** út, **8.** sjó, **9.** sig, **11.** ól, **12.** skraf, **14.** tópas, **16.** nú, **17.** ilm, **18.** ýra, **20.** tá, **21.** raun.

LÓÐRÉTT: 1. fúss, **3.** ys, **4.** sjöfalt, **5.** tól, **7.** tiktúra, **10.** gró, **13.** api, **15.** smár, **16.** nýr, **19.** au.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Björn Ívar Karlsson (2.272), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafði svart gegn Pétri Atla Lárussyni (2.057), Skákfélagi Íslands, á Íslandsmóti skákfélaga.

Svartur á leik

33...Re2+ Skemmtileg riddaraglenna. Svartur vinnur drottningu hvíts því hann svarar kóngleikjum hvíts með **34...Rg3+**. Hvítur gaf því. Pór Valtýsson sigraði á minningarmóti Birgis Sigurðssonar sem fram fór í fyrradag. **www.skak.is** Ný íslensk skákstig.

Framúrskarandi myndgæði og glæsileg hönnun

Curved UHD TV

SAMSUNG
SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-

65" UH65HU7205 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

SAMSUNG
SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

55" UH55HU8505 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

65" UH65HU8505 1.159.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-

SAMSUNG SOUNDBAR 310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.

HWH550
Sniðin fyrir 46" tæki.
111.920 áður 139.900

HWH751
310W lampamagnari.
151.920 áður 189.900

HWH7501
Bogin og hentar vel með 55".
151.920 áður 189.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR · BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** ÞAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

MENNING

Aríur Ingibjargar

Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran syngur í Gerðubergi í hádeginu á morgun milli klukkan 12.15 og 13 og á sunnudaginn milli 13.15 og 14. Hún ætlar að flytja úrval af uppáhaldsaríum sínum og óperuaðdáenda um allan heim, meðal annars verk eftir Händel, Puccini og Mozart. Ekta klassík í hádeginu.

SÓPRAN Ingibjörg Guðjónsdóttir.

Stefna að sama punkti sem kristallast á sýningunni

Áhugaverð myndlistarsýning verður opnuð í dag í húsi Hákarla-Jörundar við aðalgötuna í Hrísey.

„Fjórir erlendir myndlistarmenn sýna í húsi Hákarla-Jörundar í dag og á laugardag, Anna Rose og Jill Christine Miller frá Bandaríkjunum, Junya Kataoka frá Japan og Rie Iwatake sem fæddist í Suður–Afríku en ólst upp í Japan. Þau hafa undanfarið dvalið í Gamla skólanum í Hrísey," segir Frosti Friðriksson.

Frosti er einn félaga í Norðanbáli, samtökum sem reka gamla barnaskólann í Hrísey og gera listamönnum mögulegt að vinna þar að list sinni. Hann segir tónlistarmenn og rithöfunda hafa notað húsið gegnum tíðina, en mest sé um myndlistarmenn og þá einkum útlendinga sem dvelji þar mánuð í senn. „Íslendingar hugsa meira í helgum, kannski löngum helgum," segir hann.

Sýning fjórmenninganna heitir Convergence/Samruni. Titillinn vísar til þess að ólíkir listamenn stefni að sama punkti sem kristallast í sýningunni sem er opin í dag, 27. nóvember frá kl. 17 til 19 og laugardaginn 29. nóvember frá klukkan 15 til 17.

- gun

Á SÝNINGUNNI Anna Rose er með vídeóinnsetningu í húsi Hákarla-Jörundar.

EINN FRUMMÆLENDA „Stundum hefur málverkið átt undir högg að sækja gagnvart vídeólist, ljósmyndum og öðrum nýrri miðlum," segir Aðalheiður.

Málverkið virðist eiga upp á pallborðið

Þó einkenni málverksins séu ef til vill önnur í dag en fyrr á tímum þykir forvitnilegt að skoða stöðu þess í samtímanum. Það verður gert í Hafnarborg í kvöld.

Samtal um málverk verður í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld í tengslum við sýninguna Vara-liti sem nú stendur þar yfir. Ásamt þeim JBK Ransu myndlistarmanni og Birtu Fróðadóttur, sýningarstjóra sýningarinnar, talar þar Aðalheiður Valgeirsdóttir, myndlistarmaður og listfræðingur, sem nýlega hefur skilað af sér veigamikilli ritgerð um málverkið á 21. öldinni.

„Málverkið er mjög sýnilegt um þessar mundir og margir eru að fást við það. Ég ætla að fjalla um stöðu þess hjá yngri kynslóð málara," byrjar Aðalheiður þegar forvitnast er um innlegg hennar á málþinginu.

„Ég gerði ritgerð um málverkið á Íslandi á 21. öld, einkum um listamenn sem hófu feril sinn um aldamótin 2000, sem sagt yngstu málarana. Þeir sem eru að sýna í Hafnarborg núna koma flestir þar við sögu, þetta small því allt óvænt saman."

Aðalheiður segir málverkinu reglulega hafa verið hent út á gaddinn en virðist nú eiga upp á pallborðið í listheiminum. „Stundum hefur málverkið átt undir högg að sækja gagnvart vídeólist, ljósmyndum og öðrum nýrri miðlum en ungu listamennirnir binda sig ekki endilega við einn miðil og virðast nota málverkið til jafns við aðra. Gera vídeóverk í dag og málverk á morgun."

Ólöf K. Sigurðardóttir, safnstjóri Hafnarborgar, hefur umsjón með umræðunum sem hefjast klukkan 20.

gun@frettabladid.is

OM'S FRIEND WITH CHAINED CAT Verk eftir Þórdísi Aðalsteinsdóttur.

HENDUR OG NAGLASKRAUT Verk eftir Helga Þórsson á sýningunni Vara-litir sem stendur yfir í Hafnarborg.

Tom Dixon gjafavörurnar eru komnar

Breski hönnuðurinn Tom Dixon er komin með glæsilega línu af gjafavörum. Kíktu við í Lumex og sjáðu eitthvað nýtt!

www.tomdixon.net

FORM Bowl

SCENT Earth

ETCH Tea Light

CAST Shoe Copper Press


CAST Jack Copper Press

HEX Eclectic

FORM Tea Set

BASH Eclectic

COG Desk Tidy


SCENT London Diffusor

CHOP Paddle

SCENT Fire

SCENT Candle family

LUMEX
Síðan 1985

Skipholti 37, sími 568 8388, www.lumex.is

heimkaup.is
Landsins mesta úrval

Keyrum út 7 daga vikunnar
HEIMKAUP

FORSTÖÐUMAÐUR „Sturla skrifaði ekki bara fyrir Íslendinga heldur skildu fleiri málið þá og Noregur og Ísland var samhangandi menningarsvæði," segir Guðrún Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nálgumst Sturlu frá mörgum hliðum

Átta hundruð ár eru liðin frá fæðingu sagnameistarans Sturlu Þórðarsonar. Þriggja daga alþjóðleg ráðstefna hefst í dag af því tilefni í Norræna húsinu.

„Sturla Þórðarson tók virkan þátt í lífinu á sinni tíð og gegndi mörgum hlutverkum um ævina. Hann var rithöfundur og skáld, hann var höfðingi og hann var lögmaður. Það er stór ráðstefna að hefjast í dag um hann og öll hans helstu verk eins og Íslendingasögu í Sturlungu, Hákonarsögu, Sturlubók Landnámu og lögbókina Járnsíðu," segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar.

Sturla var fæddur 1214 og dó 1284 og var tengdur helstu persónum Sturlungaaldar. „Það sem er svo merkilegt er að Sturla skrifar söguna um Ísland, sem þátttakandi og samtímamaður, hann skrifar líka sögu Noregs svo hans túlkun litar sterkt skoðanir okkar á þessum tíma," bendir Guðrún á og segir ætlunina að nálgast Sturlu frá mörgum hliðum.

„Við ætlum að fjalla um sögurnar sem hann skrifaði, konurnar í lífi hans, samtíma hans hér heima og veru hans í Noregi, þar var hann að skrifa ákveðin verk fyrir konunginn, Magnús lagabæti, og konan hans, Helga Þórðardóttir, fór með honum. Sturla skrifaði ekki bara fyrir Íslendinga heldur skildu fleiri málið þá og Noregur og Ísland var samhangandi menningarsvæði."

Auk Árnastofnunar standa Háskóli Íslands og Óslóarháskóli fyrir ráðstefnunni sem fram fer í Norræna húsinu. Byrjar klukkan 13 í dag og heldur áfram á morgun og laugardag. Guðrún segir fræðimenn frá Noregi, Bretlandi og Bandaríkjunum verða þar auk Íslendinga. „Við erum að reyna að búa til samtal milli íslenskra og erlendra fræðimanna og þannig fáum við víða sýn. Þetta er alþjóðleg ráðstefna og fer fram á ensku."

Spurð að síðustu hvort hún telji Sturlu hafa skrifað Njálu svarar Guðrún: „Við ætlum ekkert út í þá sálma en Einar Kárason, sem hefur haldið því fram, endar umræðurnar og Þorsteinn frá Hamri les svo ljóð eftir Sturlu í lokin. Þetta verður gaman."

Guðrún segir alla sem hafa áhuga á verkum Sturlu, lífi og samtíma velkomna meðan húsrúm leyfi.

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna og Sturlu má fá á vefnum arnastofnun.is.

gun@frettabladid.is

Spila franska flaututónlist

Emilía Rós Sigfúsdóttir og Ástríður Alda Sigurðardóttir koma fram á hádegistónleikum í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg á morgun milli klukkan 12.10 og 12.40.

Á tónleikunum sem bera yfirskriftina Sanctuary – Griðastaður, með vísun í málverkið Sanctuary eftir Jón Óskar, verður flutt frönsk tónlist eftir þá C. Saint-Saëns, G. Fauré og F. Poulenc.

Það eru Íslenski flautukórinn og Listasafn Íslands sem standa fyrir hádegistónleikum síðasta föstudag hvers mánaðar er bjóða upp á fjölbreytta tónlist til að vinda ofan af vinnuvikunni, stilla hugann af fyrir helgina og endurræsa skilningarvitin.

Aðgangur er ókeypis.



FLYTJENDURNIR Emilía Rós og Ástríður Alda þykja afar samstilltar.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Glerárvirkjun II á Akureyri

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **29. desember 2014**.

FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2014/2015 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 652, 4. júlí 2014

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1020/2014 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa endur auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa í neðangreindum byggðarlögum:

Norðurþing (Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn)

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu **ásamt samningi við vinnsluaðila,** á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. **Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2014.**

Áður sendar umsóknir vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015 eru í fullu gildi.

Fiskistofa, 26. nóvember 2014.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

VILTU KYNNA ÞÉR MEISTARANÁM Á VORÖNN?

Kynningarfundur í HR föstudaginn 28. nóvember kl. 12-13 við stofu M209

Fulltrúar deilda taka á móti gestum og fara yfir námsframboðið. Léttur hádegisverður í boði.

Opið fyrir umsóknir til 5. desember.

www.hr.is

Lesum meira

MEST LESNA JÓLABÓKIN!

©Disney

NÚ MEGA JÓLIN KOMA!

Náðu þér í eintak núna ★ www.syrpa.is

www.edda.is

andresond

edda

FIMMTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

27. NÓVEMBER 2014

Tónleikar

19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Mendelssohn, John Speight og Ralph Vaughan Williams í Hörpunni. Hljómsveitarstjóri er Israel Yinon en sólóleikari er Bryndís Halla Gylfadóttir.

20.00 Acoustic tónleikar á Hlemmi Square þar sem fram koma Slowsteps, Sveinn Guðmundsson, Kjartan Arnald og Unnur Sara. Allir velkomnir og frítt inn að vanda.

20.00 Hljómsveitin Creature of the Night spilar á Paloma í kvöld.

20.30 Hjúin Elvý G. Hreinsdóttir söngkona og Eyþór Ingi Jónsson organisti eru að ljúka tónleikaferð um Norðausturland. Síðustu tónleikarnir verða í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld. Miðaverð er 2.000 kr. fyrir 18 ára og eldri, ókeypis fyrir börn og unglinga.

21.00 Múlinn Jazzklúbbur í Hörpunni með Krafla Quartet. Jóel Pálsson á saxófón, Kjartan Valdemarsson á píanó, Þórður Högnason á bassa og Matthías MD Hemstock á trommum. 1.500 krónur inn.

21.00 Einar Indra, The Soffía Björg Band og (Sea) troða upp á Mengi í kvöld.

22.00 Siggi Lauf spilar á Dillon í kvöld.

22.00 Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

22.00 Kvartett Snorra Skúla spilar á Íslenska barnum.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Leiklist

20.00 Sýningar á Jesú litla eru orðnar fastur liður í undirbúningi jólanna hjá mörgum Íslendingum og hann snýr aftur á Litla sviðið í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Umræður

13.00 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskrum fræðum, Háskóli Íslands og Óslóarháskóli standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu til heiðurs Sturlu Þórðarsyni í Norræna húsinu en í sumar voru 800 ár liðin frá fæðingu hans.

Bókmenntir

17.15 Upplestur og bókakynning á Bókasafni Kópavogs. Guðrún Guðlaugsdóttir kynnir glæpasögu sína Beinahúsið, Margrét Jóelsdóttir kynnir skáldsögu sína ódáinsepli – einstakt tilboð í dvergaskóginum, Eyþór Rafn Gissurarson kynnir ljóðabók sína Ar og Emil Hjörvar Petersen kynnir þriðju og síðustu bókina í fantasíuþríleiknum Saga eftirlifenda. Ókeypis aðgangur.

19.30 Bókmenntakvöld Félags áhugamanna um heimspeki í Stúdentakjallaranum. Rithöfundarnir Bjarni Bjarnason, Davíð Stefánsson, Heiðrún Ólafsdóttir og Stefán Máni hafa boðað komu sína en formaður félagsins, Erla Karlsdóttir, mun stíga fram fyrir skjöldu og reyna að koma böndum á uppákomuna. Á bókmenntakvöldinu munu þátttakendur takast á við spurninguna um mögulegt samband skáldskapar og heimspeki, bæði í eigin verkum og almennt.

JÓEL PÁLSSON

20.00 Sjöunda Höfundakvöld Gunnarshúss er í kvöld. Þá mæta þau Bryndís Björgvinsdóttir og Sigurður Pálsson, lesa upp og svara spurningum Kristínar Svövu Tómasdóttur um nýútkomnar bækur sínar. 500 krónur inn.

Pub Quiz

21.00 Kvikmynda pubquiz á Lebowski Bar og síðan mun DJ Smutty Smiff þeyta skífum.

Málþing

20.00 Í kvöld verður efnt til málþings undir yfirskriftinni Samtal um málverk í tengslum við sýninguna Vara-liti sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Þátttakendur eru þau Aðalheiður Valgeirsdóttir myndlistarmaður og listfræðingur sem nýverið hefur skilað af sér veigamikilli ritgerð um málverkið á Íslandi á 21. öldinni, myndlistarmaðurinn JBK Ransu og sýningarstjóri sýningarinnar Birta Fróðadóttir. Einnig mun Ólöf K. Sigurðardóttir safnstjóri Hafnarborgar hafa umsjón með pallborðsumræðum.

Dans

21.30 Dansararnir Alexander, Ásrún og vinir flytja gjörninginn Fronting í Tjarnarbíói sem hluti af Reykjavík Dance Festival.

HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Uppistand

21.30 Uppistandskvöld GOMobile í Stúdentakjallaranum. Fram koma Snjólaug Lúðvíksdóttir, Sigurður Anton Friðþjófsson, Leifur Leifsson, Marlon Pollock, Bylgja Babýlons og Andri Ívarsson. Kynnir kvöldsins er Fannar Sveinsson úr Hraðfréttum.

Tónlist

20.00 DJ Ívar Pétur spilar vel valin lög á Húrra í kvöld.

21.00 Rósa Guðrún og vinir spila á Café Róseneberg í kvöld.

21.00 Hljómsveitin SamSam er með útgáfuteiti í Salnum í Kópavogi. Þeim til halds og trausts verður hljómsveitin Hinemoa. 2.700 krónur inn.

21.00 DJ Disaster spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

21.00 Trúbadorinn Böddi skemmtir á Hressingarskálanum í kvöld.

21.30 In the Company of Men, Mannvirki, Conflictions og Grit Teeth troða upp á Gauknum í kvöld.

22.00 DJ Logi Pedro þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

22.00 DJ KGB spilar á Prikinu í kvöld.

Myndlist

10.00 Secret Emo Diary, samsýning níu listamanna sem hafa dvalið og starfað í gestavinnustofum SÍM á Seljavegi núna í nóvember mánuði. Sýnendur eru Robert Clark (Bretland), Ieva Saul+te (Lettland), Andrew Godsalve (Kanada), Nicole Levaque (Kanada), Idun Caroline Huse Baltzersen (Noergur), Maren Lösing (Þýskaland), Emi Nishiwaki (Japan), Jim Holyoak (Kanada) og Anna Ihle (Noregur).

17.00 Guðný Guðmundsdóttir opnar sýninguna Augun í Týsgallerí. Myndheimur Guðnýjar er draumkenndur og byggir að hluta á arkitektúrískum hugmyndum sem eru unnar í spuna og tilheyra veruleika sem á sér rætur í hugarvíddum listamannsins. Ýmsar persónur eru þar á sveimi, t.d. kettir, mannverur og hestar. Guðný sýnir teikningar og þrívíð verk á sýningunni en verkin eru unnin á undanförnum tveimur árum.

Umræður

20.00 Sirra Sigrún Sigurðardóttir spjallar við gesti um sýningu sína Flatland sem nú stendur yfir í Hafnarhúsi. Titill sýningarinnar vísar til samnefndrar bókar frá 1884 þar sem dregin er upp háðsádeila af stéttskiptu samfélagi með tungumáli stærð- og rúmfræðinnar. Á sýningunni tekur listamaðurinn leiðarstef bókarinnar og tengir við hugleiðingar um samtímann.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI

▶Tilboð: 2.850.000 kr.
Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskiptur
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS

▶Verð: 890.000 kr.
Ford Focus Trend NS134
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 106.000 km.

▶Tilboð: 3.590.000 kr.
Ford Kuga Titanium S JJF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km.
Ásett verð: 4.090.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar - Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílaverslun
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.

TRÚÐARNIR Ræða jólaguðspjallið. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Jesús litli snýr aftur

Var valin sýning og leikverk ársins 2010 á Grímunni.

Jesús litli snýr aftur á Litla svið Borgarleikhússins í kvöld en þetta er í fimmta sinn sem Jesús litli er sýndur í Borgarleikhúsinu í aðdraganda jólanna. Sýningin var valin sýning ársins og leikverk ársins á Grímunni árið 2010 en hún hlaut alls sjö tilnefningar.

Um er að ræða jólaguðspjallið í uppfærslu trúðanna Úlfars, Bellu og Barböru, sem leiknir eru af Bergi Þór Ingólfssyni, Halldóru Geirharðsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur. „Öll vitum við að jólaguðspjallið er einstaklega fallegt og hátíðlegt, en það er ekki síður átakanlegt. Trúðarnir láta allt flakka, umbúðalaust. Þeim er ekkert óviðkomandi, þeir velta við öllum steinum, snúa öllu á hvolf og segja allan sannleikann – og ekkert nema sannleikann. Jafnvel þótt hann sé grimmur. Eða fyndinn," segir í fréttatilkynningu.

Benedikt Erlingsson leikstýrir en hann skrifaði handritið ásamt leikurunum Halldóru og Bergi Þór.

- þij

www.peugeot.is

EKKI VILLAST
VIÐ KAUP Á NÝJUM BÍL

Myndin sýnir **Peugeot 208** í Allure útfærslu. *Viðbótarábyrgð Peugeot, SAFE +3

PEUGEOT **208** NAVI

MEÐ ÍSLENSKU LEIÐSÖGUKERFI

KR. 2.550.000

PEUGEOT **208**

KOSTAR FRÁ KR.

2.290.000

NÚ FÁANLEGUR MEÐ
5 ÁRA ÁBYRGÐ*



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,3** til **4,5**L/100km og CO_2 útblástur (g/km) frá **85** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

AFMÆLISBARN DAGSINS

63 ára Kathryn Bigelow leikstjóri

Þekktust fyrir: The Hurt Locker

BÍÓFRÉTTIR

Leika í sjónvarpi

Nicole Kidman og Reese Witherspoon, sem hingað til hafa gert garðinn frægan á hvíta tjaldinu, munu leika aðalhlutverkin í sjónvarpsþáttunum Big Little Liars. Þeir eru byggðir á samnefndri metsölubók Liane Moriarty. Handritshöfundur þáttanna er reynsluboltinn David E. Kelley, að því er The Hollywood Reporter greinir frá. Kidman og Witherspoon buðu í kvikmyndarétt bókarinnar og ætluðu upphaflega að gera bíómynd úr henni en ákveðið var að fara í sjónvarpið í staðinn.

Pike í trylli

Breski dreifingaraðilinn Arrow Films hefur tryggt sér réttinn á tryllinum Return to Sender með Rosamund Pike, Shiloh Fernandez og Nick Nolte í aðalhlutverkum. Pike sló í gegn í mynd Davids Fincher, Gone Girl. Í Return to Sender leikur hún hjúkrunarfræðing í litlum bæ sem verður fyrir árás ókunnugs manni á heimili sínu. Eftir að hann er handtekinn heimsækir hún hann í fangelsið og vingast við hann, gegn vilja föður síns.

FRUMSÝNINGAR

Mörgæsirnar frá Madagaskar
Teiknimynd
Raddsetning: Björn Thorarensen, Hjálmar Hjálmarsson og Bergur Þór Ingólfsson.

IMDb 7,5/10

This Is Where I Leave You
Gamandrama
Aðalhlutverk: Jason Bateman, Tina Fey og Jane Fonda.

IMDb 6,7/10

Mannlegur Cobain

Heimildarmynd um rokkarann er í undirbúningi.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Brett Morgen ætlar að mála „mannlegri mynd“ af Kurt Cobain en hefur áður komist í dagsljósið í væntanlegri HBO-heimildarmynd sinni um tónlistarmanninn sem tók átta ár í vinnslu.

Morgen eyddi sex árum bara í að komast í gegnum alls kyns réttarhafaflækjur og til að öðlast aðgang að persónulegu og listrænu efni sem Cobain skildi eftir sig þegar hann dó árið 1994, aðeins 27 ára. Í myndinni, sem verður tveggja tíma löng og heitir Kurt Cobain: Montage of Heck, verður ekkert fjallað um síðustu 48 klukkustundirnar í lífi Nirvana-rokkarans og sjálfsvíg hans.

Myndin er nánast tilbúin og verður hún sýnd á sjónvarpsstöðinni HBO á næsta ári. Henni verður einnig dreift á alþjóðlegan markað, bæði fyrir sjónvarp og bíó.

➜ Frances Bean Cobain, dóttir Kurts, framleiðir myndina sem er sú fyrsta um rokkarann sem Cobain-fjölskyldan leggur alla sína blessun yfir.

„Það sem mun koma fólki á óvart í myndinni er að þrátt fyrir að við þekkjum hann sem tónlistarmann og sjónlistamann þá munum við í myndinni sýna Super-8-myndirnar hans, ljóðin hans og sjálfsævisögu, skúlptúrana hans, ljósmyndirnar og hljóðhönnunarverk hans,“ sagði Morgen við Variety. „Hann vann með nánast alla miðla.“

Morgen er m.a. þekktur fyrir heimildarmyndina Crossfire Hurricane sem fjallar um hljómsveitina The Rolling Stone.

KURT COBAIN Rokkarinn lét eftir sig alls kyns verk þegar hann lést fyrir tuttugu árum.

HELJARINNAR VERK Pétur er kominn í pásu frá kvikmyndagerð í bili, enda tók þrjú ár að gera myndina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsta íslenska „non-narrative“ myndin

Heild eftir Pétur Kristján Guðmundsson verður fáanleg á DVD og VOD bráðum.

„Hún er í sama flokki og myndirnar Baraka, Samsara og Koyaanisqatsi. Þetta er fyrsta íslenska myndin í fullri lengd sem er í flokki „non-narrative mynda“, örugglega af því að vinnan við að búa til svona mynd er svo mikil að það hefur enginn nennt því hingað til,“ segir Pétur Kristján Guðmundsson hlæjandi, leikstjóri kvikmyndarinnar Heildar. Myndin segir ákveðna sögu en í staðinn fyrir sögumann þá er það myndmálið sem segir söguna. Nú er hægt að streyma myndinni í Vimeo-On-Demand en í byrjun desember verður hún fáanleg á DVD og á VOD-þjónustunni.

Að sögn Péturs kviknaði áhugi hans á að gera svona mynd þegar hann gerði stuttmynd í svipuðum dúr árið 2010. „Ég var náttúrulega mikill aðdáandi Ron Fricke sem skaut Koyaanisqatsi og gerði þessa mynd. Þá áttaði ég mig á því að þetta var einhvern veginn ekki nóg. Ísland býður upp á svo margt þannig að þetta var ekki nóg fyrir mig.“

Heild gerist á einu ári og fylgist með árstíðunum. „Hún fer í gegnum alls konar og heldur áhorfendunum við efnið með því að skipta oft um sýn. Við förum í gegnum mismunandi sýnir, til dæmis um brettamennsku, miðbæinn, norðurljós og vatn í „slow motion“ á meðan myndin reifar sig í gegnum þessar árstíðabreytingar.“

Pétur segir myndina vera eins og sjónræna hugleiðslu. „Þú tekur myndina inn og rennur með henni, svo vaknarðu eftir á og hugsar: „Hey, þetta var eitthvað nýtt.“ Ég man þegar við sýndum hana í bíó þá var fólk fyrstu tuttugu mínúturnar að borða poppkornið sitt og síðan þegar það dettur meira inn í myndina þá leggur það frá sér poppið og opnar bara munninn. Myndin kallar eiginlega á þig en við sérhæfum okkur í að breyta tímaskyninu, við vinnum mikið með „timelapse“ og fleiri brögð sem breyta tímanum í báðar áttir og opnar nýja heima.“

Pétur mun nú taka pásu frá kvikmyndagerð en hann lamaðist fyrir neðan mitti eftir slys á nýársnótt árið 2011. Hann er staddur í Suður-Þýskalandi og býr sig undir læknamat fyrir svokallað „phase 1 human trial“ þar sem prófað verður að græða rafskaut á neðanverða mænuna en það er í fyrsta skipti sem aðferðin verður prófuð á manni. „Aðalástæðan fyrir því að ég er í pásu er að það tekur úr þér kraft að gera mynd af þessari gráðu,“ en gerð myndarinnar tók heil þrjú ár.

thorduringi@frettabladid.is

Döðlur.
4 vikur til jóla
Jólatilboð 27. nóvember – 3. desember
20% afsláttur
af þörungaþrennu
Algea mask; rich nourishing cream og rich nourishing lip balm
sem saman vinna gegn öldrun húðarinnar með því að örva
og viðhalda kollagenframleiðslu hennar og eru án parabena.
Fæst í öllum verslunum okkar og vefverslun.
BLUE LAGOON
ICELAND
rich nourishing cream
BLUE LAGOON
ICELAND
algae mask
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

LÍFIÐ

TREND

Hvítur feldur fyrir hátíðarnar

Fyrir hátíðarnar er nauðsynlegt að eiga fallega og hlýja yfirhöfn sem passar vel við sparifötin. Hvítir feldir voru áberandi á tískupöllunum fyrir veturinn og eru einstaklega hátíðlegar yfirhafnir.

ALTUZARRA

ISABEL MARANT

ISABEL MARANT

TOM FORD

Mæðgur fjalla um íslensk kjarnakvendi

Tækifærin, heitir ný bók um fimmtíu íslenskar konur.

„Þetta eru fimmtíu áhugaverðar íslenskar konur í forvitnilegum störfum í vísinda- og tæknigeiranum. Það hefði örugglega verið hægt að skrifa bók um mörg hundruð konur en þessar urðu fyrir valinu," segir Ólöf Rún Skúladóttir, sem gefið hefur út bókina Tækifærin ásamt dóttur sinni Hjördísi Hugrúnu Sigurðardóttur.

Í bókinni eru viðtöl við fimmtíu íslenskar konur sem sinna áhugaverðum störfum víða um heim, meðal annars í San Francisco og Seattle, Reykjavík og Reyðarfirði, í Berlín og Stokkhólmi, Lúxemborg og á Ísafirði.

„Þó að í þessari bók séu viðtöl við konur sem hafa farið í langskólanám í vísinda- og tæknigreinum, þá á hún í rauninni erindi til mun víðari hóps. Þetta snýst í rauninni um hvernig við látum draumana rætast, hvernig við náum þangað sem við viljum. Leiðin getur oft verið svolítið hlykkjótt," segir Ólöf Rún og bætir við að í viðtölunum komi fram mikilvægi þess að vera fylgin/n sér. „Að gefast ekki upp og stundum að spyrja aftur þótt einhver segi í fyrstu nei. Ef þú fylgir hlutunum eftir þá nærðu árangri, það þarf oft að vera útsjónarsamur og standa með sjálfum sér. Þetta á í rauninni bæði við um stráka og stelpur."

> **Þetta snýst í rauninni um hvernig við látum draumana rætast, hvernig við náum þangað sem við viljum. Leiðin getur oft verið svolítið hlykkjótt.**
>
> *Ólöf Rún Skúladóttir*

Ólöf Rún segir það hafa gengið vel að fá viðmælendur til að samþykkja að koma í viðtöl en að því hafi ekki alltaf verið þannig háttað. „Margt hefur breyst á 20 til 25 árum. Þegar ég var að byrja í fréttamennsku þurfti oft að draga konur í viðtöl. Ekki var einungis því um að kenna að konur voru færri í framlínunni. Þær voru einnig mun hlédrægari. Það hefur breyst til betri vegar, það þarf að þora að taka af skarið." - þij

ÓLÖF RÚN OG HJÖRDÍS HUGRÚN Mæðgurnar fjalla um jákvæðar fyrirmyndir.
MYND/EVA LIND

Ekki með einhverfu

Grínistinn vinsæli hefur tekið til baka ummæli sín.

Grínistinn Jerry Seinfeld hefur nú tekið til baka ummæli sín um að hann sé á einhverfurófinu. „Ég er ekki einhverfur, ég er ekki á einhverfurófinu," sagði Seinfeld í viðtali við Access Hollywood í vikunni.

Það var í byrjun mánaðarins sem Seinfeld sagði í viðtali við NBC News að hann héldi að hann væri á rófinu. „Mjög eðlileg félagsleg samskipti geta virkilega verið erfið," sagði hann.

Seinfeld sér greinilega eftir þessum ummælum sínum en hann sagði í viðtalinu við Access Hollywood að hann væri nýbúinn að sjá leikrit um einhverfu. „Ég tengdi við það á einhvern hátt. Það var það sem ég var að segja."

EKKI Á EINHVERFURÓFINU Seinfeld sér eftir ummælunum.

NÝDÖNSK Félagarnir í hljómsveitinni voru að vonum stoltir af útgáfu plötunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vínylpartí hjá Nýdönsk

Nýjasta plata Nýdönsk, Diskó Berlín, kom út í haust og hefur notið mikilla vinsælda, sem sýnir að hljómsveitin gefur öðrum íslenskum böndum lítið eftir. Platan var einnig gefin út á vínyl og í tilefni þess var haldið hlustunarpartí á skemmtistaðnum Húrra. Fjöldi gesta mætti og skemmtu þeir sér konunglega.

INGI, ERLA HULD OG JÓHANNA

HELEN OG SIGURÐUR

HRAFNHILDUR OG ARNEY

EDDA OG SIGGA

HELGA DÍS OG DAGUR

HELEN OG MARY

ANDREA OG FÉLAGI HENNAR

DEBENHAMS

Dekraðu við **húðina**

EGF LÚXUS-JÓLASETT
EGF Húðdropar™ (15ml)
EGF Dagkrem fyrir venjulega húð (7ml)
EGF Húðnæring (7ml)
VERÐ: 10.990 kr.

Silkimjúkt & **nærandi**

EGF JÓLASETT
EGF Dagkrem fyrir venjulega húð (30ml)
EGF Húðdropar™ (3ml)
VERÐ: 6.990 kr.

EGF HÚÐVÖRUDAGAR

27. nóvember til 4. desember

Kaupauki* fylgir með ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 5.900 kr. eða meira.

EGF

*Takmarkað magn.

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Dúkkan Lúlla hjálpar börnum að sofna

Eyrún Eggertsdóttir fékk hugmyndina að dúkkunni Lúllu fyrir fjórum árum. Upphaflega gerð fyrir ungbörn.

„Það var saumakonan mín sem kom með hugmyndina að nafninu," segir Eyrún Eggertsdóttir, hönnuður Lúllu dúkkunnar sem hjálpar börnum að sofna. Hugmyndin kom þegar vinkona hennar eignaðist fyrirburu og þurfti að skilja hana eftir eina yfir nótt.

Um nóttina tók litla stúlkan hlé í öndun, en það er þekkt vandamál hjá fyrirburum og getur haft alvarlegar afleiðingar. „Ég fór út frá því að hugsa hvað ég hefði lært í sálfræðinni um jákvæða eiginleika nærveru forelda og taktur hjartsláttar þeirra hjálpar fyrirburum að ná stöðugri öndun og meiri rósvefni," segir hún, en dúkkan spilar átta tíma af öndun og hjartsláttarhljóðum.

„Lúlla er úr mjúkri náttúrulegri og ofnæmisprófaðri bómull sem má þvo. Svo er hún með blá augu og bleikar varir," segir Eyrún, en rannsóknir sýna að börn kjósi að horfa á eitthvað sem líkist mannsandliti og að það rói þau. „Upphaflega gerði ég dúkkuna fyrir ungbörn, en hún hentar börnum alveg upp í leikskólaaldur og hefur reynst þeim vel þegar á að skipta um rúm eða byrja í hvíld í leikskólanum," segir hún.

Fjögur ár eru síðan Lúlla varð til, en svo hægt sé að klára framleiðsluna leitaði Eyrún til hópfjármögnunarsíðunnar Indiegogo. Þar verður hægt að kaupa dúkkuna í forsölu ódýrari en gengur og gerist. - asi

> **Lúlla er úr mjúkri náttúrulegri og ofnæmisprófaðri bómull sem má þvo. Svo er hún með blá augu og bleikar varir.**

MEÐ LÚLLU Eyrún með dúkkuna sem hefur róandi áhrif á börn og aðstoðar þau við að festa svefn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Starstruck" að vinna með Stefáni Hilmars

Snorri Björnsson myndaði Stefán Hilmarsson í annað sinn fyrir nýja jólaplötu hans. Þar er söngvarinn upplýstur af arineldi og borðstofulampa inni í stofu.

Tvær af myndum Snorra Björnssonar ljósmyndara hafa prýtt plötur Stefáns Hilmarssonar söngvara. Snorri tók ljósmyndina sem prýðir forsíðu plötunnar Húm sem Stefán gaf út árið 2009. En myndina tók Snorri þegar hann var aðeins fimmtán ára gamall.

„Ég fór á ljósmyndanámskeið og langaði svo til þess að koma mynd í blaðið af því að ég heyrði að einn fyrrverandi nemandi námskeiðsins hefði náð þeim merka árangri," segir Snorri glaður í bragði.

„Ég var úti öll kvöld að reyna að fikra mig áfram og tók mynd af göngustíg í hverfinu. Sú mynd endaði í Morgunblaðinu," segir Snorri, sem var að sjálfsögðu ánægður með árangurinn.

„Síðan heldur lífið áfram og nokkrum mánuðum seinna fæ ég tölvupóst frá Stefáni um að hann langi til þess að hafa myndina á plötuumslaginu sínu. Þetta var smá svona „starstruck"-móment og að sjálfsögðu samþykkti ég það." Þetta varð upphafið að samvinnu Snorra og Stefáns.

Nýverið kom út önnur jólaplata Stefáns, Í desember, og myndaði Snorri söngvarann fyrir plötuumslagið. Á ljósmyndinni er andrúmsloftið allt hið notalegasta og Stefán situr brosandi við skíðlogandi arineld.

„Ég kom heim til hans eitt kvöldið með endalaust af ljósabúnaði. Tilbúinn að leggja allt undir mig og búa til stúdíó heima hjá honum. En svo þegar allt kom til alls notuðum við ekkert af ljósunum, bara einn borðstofulampa og arineldinn."

SNORRI Það var ljósmynd af göngustígnum sem var upphafið að samstarfi Snorra og Stefáns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Anna Björk, konan hans Stefáns, sá um að halda eldinum logandi og það var alveg full vinna að gera það. Á meðan var sonur hans, Birgir Steinn, í horninu að lesa upp fimmaurabrandara.**

Snorri segir talsverða eljusemi hafa þurft til þess að halda arineldinum gangandi og að myndatakan hefði vafalaust ekki gengið svona vel án góðrar aðstoðar. „Anna Björk, konan hans Stefáns, sá um að halda eldinum logandi og það var alveg full vinna að gera það. Á meðan var sonur hans, Birgir Steinn, í horninu að lesa upp fimmaurabrandara," en sjálfsagt má rekja einlægt bros Stefáns til brandaranna.

Í DESEMBER Jólaplata Stefáns Hilmarssonar. MYND/SNORRI BJÖRNSSON

Á vefsíðu Stefáns, stefanhilmarsson.is, er hægt að kaupa jólaplötuna, Í desember, áritaða og jafnframt fá plötuna senda heim að dyrum.

gydaloa@frettabladid.is

20.11.2014 → 26.11.2014

LAGALISTINN

1	▲	**Hozier**	**Take Me To Church**
2	▶	Meghan Trainor	*All About That Bass*
3	▲	George Ezra	*Blame It On Me*
4	✱	Jón Jónsson	*Gefðu allt sem þú átt*
5	▲	Ed Sheeran	*Thinking Out Loud*
6	▼	Kaleo	*All The Pretty Girls*
7	▶	Ásgeir Trausti	*Stormurinn*
8	▼	Tove Lo	*Habits (Stay High)*
9	▲	Máni Orrason	*Fed All My Days*
10	▲	Amabadama	*Gaia*

TÓNLISTINN

1	▲	**Ýmsir**	**Pottþétt jól (2014)**
2	▼	Skálmöld	*Með vættum*
3	▶	Ýmsir	*SG jólalögin*
4	▶	Ýmsir	*Fyrir börnin*
5	▶	Raggi Bjarna	*80 ára*
6	▲	Páll Rósinkranz	*25 ár*
7	✱	Páll Rósink. og Margrét Eir	*If I Needed you*
8	▼	Hallveig Rúnarsdóttir	*Í ást sólar*
9	▲	AmabAdamA	*Heyrðu mig nú*
10	✱	Gissur Páll	Aría

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

Franska kvenþjóðin myndi dást að mér

Átta liða úrslit í hinni spurningakeppni framhaldsskólanna, Hvert í ósköpunum er svarið?, hefjast í kvöld.

Átta liða úrslit í hinni spurningakeppni framhaldsskólanna, Hvert í ósköpunum er svarið?, hefjast á sjónvarpsstöðinni Bravó í kvöld þegar Flensborg mætir FB.

Umsjónarmaðurinn Níels Thibaud Girerd segir að keppnin hafi gengið vel síðan hún hóf göngu sína í haust. „Nú hef ég haft miklar áhyggjur af greindarvísitölu framhaldsskólanema hér á landi en mér til mikillar undrunar eru bráðklókir nemendur hérna og einstaklega gaman að fá að spyrja þá spjörunum úr," segir Nilli, sem semur allar spurningarnar sjálfur. „Allt kemur þetta úr ótæmandi fróðleiksbrunni mínum enda hef ég hingað til verið talinn einstaklega klár maður," bætir hann við. „Hvað varðar kvenþjóðina þá hefur hún dáðst mikið að þessum gáfum mínum en franska kvenþjóðin, frá mínu föðurlandi, myndi eflaust dást að mér ef hún myndi skilja mig."

Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur og lífskúnstner, samdi reyndar eina spurning fyrir viðureignina í kvöld, sem verður sýnd aftur á Vísi í hádeginu á morgun. Aðrir skólar sem munu eigast við næstu þrjú fimmtudagskvöld eru Kvennaskólinn og Borgarholtsskóli, FSU og Verslunarskólinn og loks MH gegn MR.

- fb

Nú hef ég haft miklar áhyggjur af greindarvísitölu framhaldsskólanema hér á landi en mér til mikillar undrunar eru bráðklókir nemendur hérna.

SKARPUR Nilli segir að allar spurningarnar komi úr ótæmandi fróðleiksbrunni sínum.

Ghomeshi kærður

Kanadíski útvarpsmaðurinn Jian Ghomeshi hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot. Hann stjórnaði þætti á CBC-stöðinni en var rekinn í október eftir að stjórnendum stöðvarinnar barst myndskeið þar sem hann sást skaða konu. Goemshi skrifaði langt bréf á Facebook þar sem hann hélt því fram að allt hafi farið fram með samþykki konunnar.

Ghomeshi kærði gömlu vinnuveitendur sínar í fyrstu fyrir trúnaðarbrest eftir brottrekstur inn en hann hefur nú dregið lögsóknina til baka.

EKKI OF GÓÐ FYRIR IKEA Jennifer Lawrence reynir að lifa eðlilegu lífi þrátt fyrir mikla frægð.

Verslar enn í IKEA

Óskarsverðlaunahafinn og leikkonan Jennifer Lawrence lætur frægðina og peningana ekki stíga sér of mikið til höfuðs. Á dögunum vantaði hana sófa, en í stað þess að fara í rándýrar hönnunarverslanir í Los Angeles, nú eða sérpanta sófa, ákvað hún að fara sjálf í IKEA.

„Það skiptir ekki máli hversu mikinn pening ég á, það sem fer í taugarnar á mér er hversu ósanngjörn verðlagning er hér í Los Angeles. Ég meina einn venjulegur bolur hér kostar tuttugu þúsund!" sagði hún í viðtali við The Telegraph. Það er þó ekki tekið út með sældinni fyrir hana að fara að versla, þar sem fólk á það til að taka myndir af henni án þess að hún viti það og selja svo dýrum dómi til slúðurblaðanna.

HAMINGJUSÖM Kidman leggur mikla vinnu í hjónabandið. MYND/GETTY

Kidman vill fjögur í viðbót

Leikkonan Nicole Kidman sem gift er ástralska kántrísöngvaranum Keith Urban sagði í viðtali á dögunum að ef mögulegt væri gæti hún vel hugsað sér að eignast fjögur börn til viðbótar.

Saman eiga Kidman og Urban tvær dætur, en Kidman á einnig tvö börn frá fyrra hjónabandi sínu með Tom Cruise.

Hjónaband Kidman og Urbans hefur verið farsælt á Hollywood mælikvarða en þau fögnuðu átta ára brúðkaupsafmæli fyrr á árinu.

Leikkonan segir þau hjónakornin ástfangnari en nokkru sinni fyrr og segir farsæld hjónabandsins mega rekja til þess að þau leggi mikla vinnu í að rækta sambandið og halda því nánu.

Fæst í Lyfjum & heilsu

Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir

Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir ibúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, ópol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Ómissandi í jólaundirbúningnum

Nú þegar desember er bara handan við helgina fara flestir að telja niður dagana til jóla. Fyrir sumum virðist tíminn ekkert ætla að líða en aðrir eru að tapa sér í stressinu. Hvort heldur sem er þá koma jólamyndirnar sterkar inn. Fréttablaðið tók saman nokkrar af þeim bestu.



ELF Will Ferrel í álfabúningi. Þarf að segja eitthvað meira? Sprenghlægileg mynd um Buddy sem er alinn upp af álfum jólasveinsins á norðurpólnum. Þegar hann fer til New York í fyrsta sinn til að finna pabba sinn fer allt á annan endann.

CHRISTMAS VACATION Hjá mörgum koma jólin ekki fyrr en Griswold-fjölskyldan er búin að halda sín skrautlegu jól. Samkvæmt óformlegri könnun þá verður þessi klassíker fyndnari með hverju árinu sem líður, sérstaklega kalkúnaatriðið.

HOME ALONE 1 Fjölskyldan gleymir að taka aumingja Kevin með í jólafríið til Parísar, svo hann er einn heima yfir jólin. Það fer vel í hann í fyrstu, þangað til hann uppgötvar þjófana sem ætla sér að ræna húsið. En óttist ei, Kevin tekur málin í sínar hendur.

THE GRINCH Jim Carrey var sennilega fæddur í hlutverk the Grinch, enda fer hann alveg á kostum sem fúla tröllið sem þolir ekki jólin og hvað þá jólaskreytingaóðu íbúana í Whoville. Sígild jólasaga í bráðskemmtilegri útfærslu.

SCROOGED Bill Murray fer með hlutverk sjónvarpsstörnunnar Franks Cross, sem er eitt minnsta jólabarn sem sögur fara af. En þegar hann tekur að sér hlutverk jólafýlupokans Ebenezers Scrooge fer jólaandinn svo sannarlega að elta hann.



THE HOLIDAY Þær Amanda og Iris eru ungar konur í ástarsorg, sem búa hvor í sínu landinu. Í stað þess að eyða jólunum í volæði ákveða þær að skiptast á húsum yfir jólin. Í kjölfarið fer af stað ein krúttlegasta atburðarás kvikmyndasögunnar.

DIE HARD Lögreglumaðurinn John McClane reynir að bjarga konunni sinni og nokkrum öðrum úr klóm þýskra hryðjuverkamanna. Hvað er jólalegt við það? Nú, hún gerist á aðfangadagskvöld. „Hasta la vista, baby“ er hið nýja Gleðileg jól.

POLAR EXPRESS Tölvugerður Tom Hanks virkar kannski hálf skelfilegur við fyrstu sýn og ekki bætir oft og tíðum drungalegt ferðalag lestarinnar úr skák. En fallegur boðskapurinn hlýjar manni um hjartarætur og færir hinn sanna jólaanda.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

VILTU KYNNA ÞÉR MEISTARANÁM Á VORÖNN?

Kynningarfundur í HR föstudaginn 28. nóvember kl. 12-13 við stofu M209

Fulltrúar deilda taka á móti gestum og fara yfir námsframboðið. Léttur hádegisverður í boði.

Opið fyrir umsóknir til 5. desember.

www.hr.is

Ljúffeng þakkargjörð

1.295,-

Hátíðarkalkúnn með sósu,
fyllingu, maísbaunum,
rauðkáli og brúnuðum kartöflum

Nú einnig fyrir börnin!

495,-

Barnaskammtur fyrir 12 ára og yngri
Hátíðarkalkúnn með meðlæti

Heitur matur er afgreiddur frá kl. 11:30

395,-/stk.

Jólaeftirréttir
Panna cotta, mokkamús
og crème brûlée

495,-

Jólaeftirréttur
Riz à l'amande

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

LAUGARÁS BÍÓ



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
HUNGER GAMES: MOCKINGJAY	5:30, 8, 10:30(P)	12
DUMB & DUMBER TO	5:40, 8, 10:20	7
NIGHTCRAWLER	8, 10:30	16
KASSATRÖLLINN 2D	5:50	L

SAMbíó.is

SAMbíó ÁLFABAKKA		
DUMB AND DUMBER TO	KL. 5:40 - 8 - 10:20	7
INTERSTELLAR	KL. 5:30 - 8 - 9:30	12
INTERSTELLAR VIP	KL. 5 - 8:30	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
JOHN WICK	KL. 10:20	16
THE REWRITE	KL. 5:40 - 8 - 10:20	7
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 5:50	L
SAMbíó EGILSHÖLL		
INTERSTELLAR	KL. 6:30 - 8 - 10	12
THE RAILWAY MAN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
ST. VINCENT	KL. 5:40	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
SAMbíó KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
THE RAILWAY MAN	KL. 9	16
INTERSTELLAR	KL. 5:30 - 9 - 10	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
AFINN	KL. 6:20	L
SAMbíó KEFLAVÍK		
THE HUNGER GAMES	KL. 8 - 10:30	12
DUMB AND DUMBER TO	KL. 8 - 10:20	7
SAMbíó AKUREYRI		
THE RAILWAY MAN	KL. 8	16
INTERSTELLAR	KL. 5:10 - 8:30 - 10:20	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbíó.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRA BÍÓ	5%	
MOCKINGJAY	KL.5.15-5.45-8-8.30-10.40-23.10	12
MOCKINGJAY LÚXUS	KL.5.15-8-10.40	12
DUMB AND DUMBER	KL.4.30-5.30-8-10.20	7
GONE GIRL	KL.10.15	16
KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D	KL.3.30	L

HÁSKÓLA BÍÓ	5%	
MOCKINGJAY PART1	KL.6-8-9	12
DUMB AND DUMBER	KL.5.15-8-10.45	7
ST.VINCENT	KL.5.30-10.30	L
NIGHTCRAWLER	KL.5.15-8	16
GRAFIR OG BEIN	KL.10.30	16

JOLIE Leikkonan heimsfræga útilokar ekki feril í stjórnmálum. MYND/GETTY

Angelina Jolie vill hafa áhrif

Leikkonan Angelina Jolie sagðist á dögunum ekki útloka feril í stjórnmálum. Jolie sagði í viðtali við ITV News á dögunum að hún myndi þó einungis íhuga starfsferil í stjórnmálum ef henni fyndist hún raunverulega geta haft einhver áhrif.

Leikkonan talaði einnig um starf sitt fyrir UN Women og sagðist í því hafa lagt áherslu á að fara þar sem hún gæti gert gagn og hennar væri þörf. Jolie sinnti bæði störfum á vettvangi í Sýrlandi og verkefnum í Washington.

Hvers vegna hata stjórnvöld mig?

BAKÞANKAR
Atli Fannar Bjarkason

Ég skil ekki hvers vegna áfengi þarf að vera selt í matvöruverslunum. Ég er enga stund að keyra út í vínbúð og kaupa mér bjór. Til hvers að selja þessa vöru úti í búð? Er það svo að börn og unglingar geti hellt sig full á meðan þau gramsa með njálgsýktum fingrum sínum í nammibarnum?

MÉR finnst fyrirkomulag áfengssölu á Íslandi mjög gott, enda hentar það mér einstaklega vel. Ég hef nánast aldrei þurft að versla við Vínbúðirnar eftir klukkan sex. Aðeins nokkrum sinnum hef ég þurft að redda bjór eftir opnunartíma og þá er lítið mál að fá nokkra ískalda í ómerktan poka á næsta bar. Af hverju vilja stjórnvöld að ég sé gramsandi í volgum lager og slæmu rauðvíni í hverri einustu ferð minni í Bónus? Er stjórnvöldum alvara með þessum hugmyndum um að drepa mig úr skorpulifur langt um aldur fram?

ALLIR vita að ef áfengi verður selt í matvöruverslunum þá hverfur uppáhaldsbjórinn minn úr verslunum. Frjáls markaður hefur þann stórkostlega galla að eftirspurn mætir undantekningalaust daufum eyrum stórmarkaða sem hugsa aðeins um að hámarka arðgreiðslur til eigenda sinna. Þess vegna verður volgur Thule eini bjórinn á boðstólum ef lögunum verður breytt. Mér finnst Thule ekkert sérstaklega góður. Alveg fínn samt. En hvers vegna vilja stjórnvöld með aðgerðum sínum skikka mig til að drekka bara Thule það sem eftir er af lífi mínu?

HUGMYNDIR um að leyfa sölu á áfengi í verslunum eru ekki bara slæm viðskipti – þær eru lífshættulegar. Fyrir mig. Ég man ekki hversu oft ég hef drukkið mig allt of fullan og gert hluti sem ég myndi aldrei gera allsgáður. Hvers vegna vilja stjórnvöld auðvelda mér þessa ömurlegu hegðun og gera líf mitt og fjölskyldu minnar fullkomlega stjórnlaust? Ef læstar dyr áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verða ekki til staðar til að hefta för mína, hver gerir það þá?

ÉG sjálfur?

Frumbirta jólalag sitt í Fréttablaðinu

Baggalútur og Prins Póló leiða saman hesta sína fyrir jólalagið Kalt á toppnum. Hvetja almenning til að gera sína eigin útgáfu af laginu.

„Þetta var alltaf gert þegar Elvis var að gefa út á sínum tíma. Þá kom alltaf fyrst nótnahefti til landsins, svo nokkrum mánuðum seinna kom lagið. Megas var að segja okkur frá því – hann fór alltaf og keypti Elvis-lögin, svo var hann hummandi þetta löngu áður en hann heyrði lagið," segir Bragi Valdimar Skúlason í Baggalúti en þeir kappar gefa nú út nóturnar að jólalaginu Kalt á toppnum ásamt Svavari Pétri Eysteinssyni, betur þekktum sem Prins Póló.

„Við ætlum svo að gefa út lagið sjálft á mánudaginn en fyrst ætlum við að setja nótnablaðið á netið og leyfa fólki að sækja það. Fólki er frjálst að spreyta sig á nótunum og láta okkur heyra útkomuna. Það gæti orðið skrautlegt," segir Bragi.

Svavar segir að lagið sé bræðingur sinn af hvoru laginu eftir Braga og Svavar. „Hann Bragi var svo snöggur að hugsa og var á undan að búa til texta og lag en ég var bara úti að plægja akurinn. Þegar ég var kominn inn frá dráttarvélinni ákvað ég að setja mína putta í þetta, fór og samdi annað lag en þessi lög fóru í svona einvígi."

Að sögn Svavars var það Kiddi í Hjálmum sem hóaði þeim saman. „Hann læsti okkur inni í klukkutíma með flyglinum. Svo hleypti hann okkur ekki út fyrr en við kæmumst að einhverju samkomulagi. Í rauninni bræddum við saman þessi tvö lög," segir Svavar en samkvæmt honum komu Guðmundur Pétursson og Ásgeir Trausti líka að gerð lagsins. „Allir sem áttu leið hjá hljóðverinu létu ljós sitt skína þangað til tölvan sagði nei og hún vildi ekki fleiri rásir," segir Svavar en Prins Póló verður sérstakur gestur á jólatónleikum Baggalúts, eða Prins Jóló eins og Baggalútsmenn kjósa að kalla hann.

torduringi@frettabladid.is

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON Baggalútur vildi feta í fótspor Elvis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PRINS PÓLÓ Lagið er bræðingur af lögum hans og Braga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


KALT Á TOPPNUM
Jólasöngur
HLJÓMFLEITIN
BAGGALÚTUR
ÁSAMT MEÐ HINUM HÁRKUVERÐUGA
PRINS PÓLÓ

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

White God 17.30, 20.00
Jöklarinn 18.00
Clouds of Sils Maria 20.00
Turist (Eng sub) 20.00, 22.15
20.000 Days on Earth 22.15
Borgríki 2 Eng sub 22.30
Síðasta sýning:
Leviathan 17:00

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... hár er hannað til mismunandi barnum eru líkamsgerð eða andlegum þeim.

Glæsilegir

jólapakkar frá Bed Head

BED HEAD®

Varastu eftirlíkingar og veldu Bed Head á þinni hársnyrtistofu.

Finndu þína hársnyrtistofu á ***www.tigi.is***

Myndaðu meira

Með frábærri 5MP „selfie“ myndavél

Lumia 735

5MP gleiðlinsa á framhlið símans

Nýjasti Windows 8.1 hugbúnaðurinn

Yfir 350.000 öpp, m.a. fyrir Instagram, Twitter, Vine og Snapchat

Þráðlaus hleðsla

Gorilla glass III skjávörn

LUMIA 530 LUMIA 635 LUMIA 735 LUMIA 830

Kynntu þér úrval Lumia síma hjá söluaðilum um allt land.
Opin kerfi er umboðs- og þjónustuaðili Lumia á Íslandi.

Stelpurnar hefja leik í undankeppni HM

HANDBOLTI Ísland leikur í dag sinn fyrsta leik í undankeppni HM 2015 er stelpurnar mæta Ítalíu í Chieti. Leikurinn fer fram í gömlu íþróttahúsi í bænum sem tekur 750 manns í sæti en hann hefst klukkan 16.30.

Leikurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir Ísland þar sem Ítalía trónir á toppi riðilsins með fullt hús stiga eftir tvo sigra á Makedóníu í síðasta mánuði.

Liðin mætast einnig hér á landi á sunnudag en Ítalíu dugir að ná þremur stigum úr viðureignunum tveimur til að tryggja sér sigur í riðlinum og þar með sæti í umspilinu í vor. Aðeins eitt af liðunum þremur í riðlinum kemst áfram. Lokaleikirnir í riðlinum verða gegn Makedóníu í byrjun næsta mánaðar en þeir verða þýðingalausir ef stelpurnar misstíga sig gegn Ítalíu.

Ísland hefur einu sinni áður komist í úrslitakeppni heimsmeistaramóts en það var í Brasilíu árið 2011. Liðið kom þar á óvart með góðum sigrum á Svartfjallalandi og Þýskalandi en varð að játa sig sigrað gegn sterku liði Rússlands í 16-liða úrslitunum. Ísland komst ekki áfram í úrslitakeppni HM 2013 eftir tap gegn Tékklandi í umspilinu. **- esá**

KAREN Verður með íslenska liðinu á Ítalíu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HORFT TIL FRAMTÍÐAR Breytt heimsmynd blasir við Helga Jónasi Guðfinnssyni eftir að hafa veikst. Hann þarf að endurskoða líf sitt og passa betur upp á sig í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjálfa aldrei aftur

Helgi Jónas Guðfinnsson er hættur að þjálfa Keflavík af heilsufarsástæðum. Ástand Helga er þannig að hann þarf alfarið að hætta afskiptum af boltanum.

KÖRFUBOLTI „Þetta var mjög erfið ákvörðun enda hefur körfuboltinn spilað stóra rullu í mínu lífi,“ segir Helgi Jónas Guðfinnsson, fráfarandi þjálfari Keflavíkur, en hann ákvað að hætta þjálfun liðsins um síðustu helgi.

Hann fann fyrir hjartsláttartruflunum í leik fyrir tveimur vikum og yfirgaf þá völlinn í leikhléi. Það átti eftir að verða hans síðasti leikur sem þjálfari Keflavíkur.

Helgi hefur verið mjög máttlítill síðan hann fann fyrir truflununum en er aðeins að komast á lappir. Hann þarf þó að passa upp á sig.

Má við mjög litlu

„Ég er búinn að vera þokkalegur í einn og hálfan dag núna. Ég má samt við rosalega litlu. Þá fer ég að finna fyrir truflununum á nýjan leik,“ segir Helgi en hann hitti hjartasérfræðing á dögunum.

„Ég fékk góða skoðun hjá læknum en þetta var viðvörun fyrir mig. Læknirinn sagði að ég réði því hvað ég gerði við þessa viðvörun. Það lá fyrir að ég yrði að fækka við mig verkefnum og þar af hætta að þjálfa Keflavík. Þar með er þessum kafla í mínu lífi lokið. Ég mun aldrei þjálfa körfuboltalið aftur. Ég hef ekki áhuga á því að setja mig í þessa aðstöðu aftur.“

Það tekur á andlega sem líkamlega að vera þjálfari liðs í úrvalsdeild. Starfinu fylgir líka mikil streita og hún er einfaldlega hættuleg fyrir Helga Jónas.

„Það er mikið stress að vera þjálfari og misjafnt hvernig menn höndla stressið. Svo safnast þetta upp eins og hjá mér. Ég verð að vera skynsamur en það er erfitt að yfirgefa sviðið enda svo margt skemmtilegt við körfuna. Það er undirbúningurinn, skipulag og allt í kringum boltann. Það er erfitt að hugsa til þess að ég fái aldrei að taka þátt í því aftur. Þess vegna var ákvörðunin svona erfið. Eftir að hafa rætt þetta vel við konuna mína þá er þetta skynsamlegasta ákvörðunin enda snýst þetta um mína heilsu.“

Þarf að endurskoða lífið

Það hefur einnig verið mikið að gera hjá Helga Jónasi við að byggja upp Metabolic-þjálfunarkerfið sem hefur notið mikillar hylli á Íslandi.

„Ég þarf að minnka við mig þar líka. Ég hef verið að þjálfa, svo er utanumhald og þróunarvinna. Þess utan er verið að reyna að koma þessu á erlendan markað og þá eru oft fundir á nóttunni. Ég þarf að endurskoða margt í lífi mínu. Til að mynda svefn sem er streituþáttur. Ég er lánsamur að hafa lifað heilbrigðu lífi og ef ég væri ekki hraustur hefði kannski farið verr.“

Helgi var frábær leikmaður áður en hann fór út í þjálfun þar sem hann náði einnig framúrskarandi árangri. Körfuboltinn er nánast í blóðinu í honum og því er erfitt fyrir hann að kveðja boltann til frambúðar.

„Nú tek ég mér algjört frí frá boltanum. Fer ekki einu sinni á völlinn á meðan ég er að reyna að ná mér aftur á ról. Það gengur fyrir að ná fullri heilsu núna. Það tekur lengri tíma en ég átti von á. Ég verð því að vera þolinmóður og hlusta á líkamann. Ég hef verið að predika það við fólkið sem ég þjálfa að hlusta á skrokkinn á sér. Nú er komið að mér að hlusta á sjálfan mig.“

henry@frettabladid.is

> **Þessum kafla í mínu lífi er lokið. Ég mun aldrei þjálfa körfuboltalið aftur.**
>
> *Helgi Jónas Guðfinnsson.*

HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON OG KÖRFUBOLTINN

1996 Íslandsmeistari í eina skiptið með Grindavík vorið 1996. Hann varð í öðru sæti á Íslandsmótinu 1995, 1997, 2003 og 2009.

1995 og 2006 Bikarmeistari með Grindavík. Hann skoraði 23 stig í bikarúrslitaleiknum 2006 og 11 stig aðeins átján gamall ellefu árum fyrr.

Valinn besti ungi leikmaður úrvalsdeildarinnar tímabilið 1992-93 sem var hans fyrsta í meistaraflokki.

Tvisvar kosinn leikmaður ársins, fyrst 1997-1998 og svo aftur tímabilið 2002-2003.

Meistari og bikarmeistari með belgíska liðinu RB Antwerpen tímabilið 1999 til 2000. Helgi lék einnig með hollenska liðinu Donar (1997-98) og belgíska liðinu Leper (2000-01).

Lék 63 landsleiki á árunum 1995 til 2001 og skoraði í þeimn 10,3 stig að meðaltali. Hann skoraði 11 stig í síðasta landsleiknum sínum 1. september 2001.

Gerði Grindavík að Íslandsmeisturum á sínu öðru ári sem meistaraflokksþjálfari en tímabilið 2011-12 varð Grindavíkurliðið Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sextán ár.

Domino's
10-11 Fljótlegt og þægilegt
ICELANDAIR
Coca-Cola
SPORT 2
enski boltinn

7 umferðir, 70 leikir í beinni og notalegar stundir í Messunni.

Enski boltinn er kominn í jólabúning!

STÓRLEIKIR UM HÁTÍÐARNAR

Arsenal–Southampton
Chelsea–Tottenham
Man. City–Everton

Man. Utd.–Liverpool
Swansea–Tottenham
Liverpool–Arsenal

Tottenham–Man. Utd.
Liverpool–Swansea
Tottenham–Chelsea

Fáðu þér áskrift! 365.IS

Heima er langbest

Keflvíkingar hafa ekki gert sig breiða í toppbaráttu Pepsi-deildarinnar síðan liðið kastaði frá sér titlinum á haustmánuðum 2008. Varla hefur verið fenginn til liðsins leikmaður sem fær hárin til að rísa, en nú er öldin önnur. Keflvíkingar ætla að gera stóra hluti á næsta ári og hafa fengið tvo syni heim; Hólmar Örn Rúnarsson og Guðjón Árna Antoníusson. Báðir styrkja liðið verulega og koma með mikla reynslu, sigurhefð frá FH og baráttuanda inn í annars ágætan hóp leikmanna.

A

Merkjavaran er dýrari

FH-ingar eru vanalega nokkuð spakir á leikmannamarkaðnum og kaupa í þær stöður sem liðið þarf að styrkja. Það hafa þeir gert með að fá flotta leikmenn; Þórarin Inga Valdimarsson og Finn Orra Margeirsson. Þórarin keypti FH frá ÍBV og þá hafði liðið betur í baráttunni við KR um Finn Orra. FH-ingar eyddu peningum í þessa menn. Gæðaleikmenn kosta sitt og það getur verið dýrt að vinna, en vanalega borgar sig að kaupa merkjavöruna.

A-

Hver vegur að heiman er vegurinn...

Fylkismenn hafa ekki komist í Evrópu síðan 2009 og gælt við fallið fyrri hluta síðustu tveggja leiktíða. Eins og Keflvíkingar eru Árbæingar orðnir þreyttir á því að skipta ekki máli og hafa fengið Ásgeir Börk Ásgeirsson og Ingimund Níels Óskarsson heim til viðbótar við Albert Brynjar og Andrés Má sem komu fyrr á árinu. Jóhannes Karl getur svo leikið hlutverk Vals Fannars Gíslasonar í Fylkis-liðinu 2009 sem var það síðasta sem komst í Evrópukeppni.

A-

Enga meðaljóna takk

Íslandsmeistararnir náðu í eftirsóttasta miðvörðinn í Brynjari Gauta Guðjónssyni til að fylla í skarð Martins Rauschenberg. Þá mun Halldór Orri Björnsson skrifa undir samning bráðlega, en hann skoraði 47 mörk í 106 leikjum fyrir Stjörnuna í efstu deild áður en hann fór í atvinnumennsku. Liðið hefur ekkert misst og þjálfarinn sagði í viðtali í vikunni að hann vildi bara alvöru menn – enga meðaljóna. Þessir tveir eru engir meðaljónar.

A-

Meistarastoðsending úr Firðinum

Það sem nýliða og lið á öðru ári í efstu deild vantar oft er reynsla og leikmenn sem kunna að vinna. Því kynntist Fjölnir vel þegar liðið kom síðast upp. Nú fékk það glæsilega stoðsendingu úr Hafnafirði, en stoðsendingakóngurinn Ólafur Páll Snorrason er kominn heim. Fyrir utan að vera öflugur leikmaður getur hann leiðbeint liðinu sem aðstoðarþjálfari. Það skal enginn heldur vanmeta Arnór Eyvar Ólafsson. Hvað kom fyrir ÍBV-vörnina þegar hann var meiddur? Einmitt.

B

Skyndipróf stjórnarmannanna

Félögin í Pepsi-deild karla hafa nú fengið sex vikur til að vinna í leikmannamálum sínum fyrir næsta sumar. Fréttablaðið skoðar í dag hvernig liðin tólf hafa staðið sig nú þegar styttist í að undirbúningsmótin fari af stað.

FÓTBOLTI Línurnar eru farnar að skýrast á félagsskiptamarkaðnum í Pepsi-deild karla þótt enn séu meira en fimm mánuðir í fyrsta leik.

Íþróttadeild Fréttablaðsins fór yfir hreyfingarnar á íslenska félagsskiptamarkaðnum og lagði mat á frammistöðu stjórnarmanna félaganna tólf.

Við skoðuðum hvernig félögunum hefur gengið að ná í góða menn, hvernig þeim hefur gengið að fylla í veikar stöður og hvort þau hafa náð í leikmenn sem hafa áhrif strax. Sum lið hafa einbeitt sér að gæðum frekar en magni en önnur lið hafa farið akkúrat hina leiðina.

Mörg liðanna hafa lagt mestu vinnuna í að halda sínum mönnum enda voru samningar margra þeirra að renna út.

Sum félög hafa þurft að horfa á eftir sterkum lykilmönnum og nú er aðkallandi að finna réttu mennina til að fylla í þau skörð.

Það skal tekið skýrt fram að þetta mat okkar er enginn heilagur sannleikur og að það er nægur tími fyrir félögin til að bæta liðin sín.

Íslensku leikmennirnir á markaðnum eru þó flestir búnir að finna sér samastað næsta sumar og það verður að teljast líklegt að mörg félaganna reyni að detta í lukkupottinn á félagsskiptamarkaðnum erlendis.

Stjörnumenn hafa fullkomnað þá list að flytja inn frábæra Dani og það eru mörg dæmi um það að réttur erlendur leikmaður getur haft mikil áhrif. Önnur lið hafa ekki verið alveg eins heppin. Hvort erlendir leikmenn streyma inn í deildina á vormánuðum verður að koma í ljós þegar nær dregur.

ooj@frettabladid.is; tomas@365.is

Í GARÐABÆINN Brynjar Gauti Guðjónsson fór úr ÍBV í Stjörnuna.

Stærstu fréttirnar til þessa

Hólmar Örn Rúnarsson og Guðjón Árni Antontíusson heim til Keflavíkur.

Ingimundur Níels Óskarsson, Jóhannes Karl Guðjónsson og Ásgeir Börkur Ásgeirsson í Fylki.

KR missir Baldur Sigurðsson og Hauk Heiðar Hauksson en fær Rasmus Christiansen.

FH nær í Finn Orra Margeirsson frá Blikum og kaupir Þórarin Ingi Valdimarsson frá ÍBV.

Stjarnan fær Brynjar Gauta Guðjónsson frá ÍBV og líklega Halldór Orra Björnsson heim frá Svíþjóð.

TIL FYRIRMYNDAR Fylkismenn kynntu til leiks þá Jóhannes Karl Guðjónsson og Ingimund Níels Óskarsson á blaðamannfundi í Fylkisheimilinu í októberlok. Fylkismenn hafa endurheimt sterka leikmenn í Árbæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/

Rasmus Winnie?

KR-ingar hafa leitað logandi ljósi að miðverði undanfarin ár en gengið illa að finna næstu stjörnu í hjarta varnarinnar. Nú er hún komin. Rasmus Christiansen var besti miðvörður Pepsi-deildarinnar síðast þegar hann spilaði hér á landi. Þetta er leikmaður sem getur breytt liði rétt eins og David Winnie gerði fyrir KR-inga árið 1999. Það vantar þó að fylla í fleiri skörð hjá KR. Vesturbæingar hafa í mörg horn að líta.

B-

Var þetta ekki fallreynt?

Víkingar halda í víking til Evrópu næsta sumar, en ekki með stór nöfn í liðinu sem það reyndi að lokka til sín. Þess í stað hefur Fossvogsliðið brugðið á það ráð að sópa að sér haug af neðrideildaleikmönnum og vonast til að þróa þá. Var ekki lið í Safamýri sem reyndi þetta síðast í ár? Til viðbótar eru svo tveir af bestu leikmönnum liðsins, Aron Elís Þrándarson og Ingvar Þór Kale, horfnir á braut. Á Igor að gera þetta einn?

C+

Erró þetta nóg?

Það er líf í Breiðholtinu þessa dagana. Leiknismenn komnir í efstu deild í fyrsta skipti og Erró málar hús eins og enginn sé morgundagurinn. Leikni hefur lengi vantað góðan framherja og því er mikil ábyrgð sett á herðar Kolbeini Kárasyni. Að fá Halldór Kristin Halldórsson heim í vörnina er skynsamlegt. Strákur sem spilar með hjartanu fyrir sitt félag eins og allir á Gettó-ground. Munurinn er að hann er búinn að safna sér smá reynslu í Pepsi-deildinni og það munar um minna.

C

Krúnuskipti í Kópavogi

Það er lítið að frétta úr Kópavogi. Fyrirliðinn og kóngurinn á Kópavogsvelli, Finnur Orri Margeirsson, lét þetta gott heita hjá uppeldisfélaginu og hélt í Hafnarfjörðinn. Það er til nóg af leikmönnum eins og Arnþóri Ara Atlasyni í Breiðabliki og Ósvald Jarl styrkir liðið lítið ef Kristinn Jónsson kemur svo heim úr láni. Líklega finnur Arnar Grétarsson einhverja útlendinga til að fylla í skörðin, en hver ætlar að taka við kórónunni af Finni Orra?

C-

Minning um lið

Eyjamenn héldu andliti í fyrra eftir þrjú ár í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn, en í ár var liðið hársbreidd frá því að falla og er nú búið að missa haug af leikmönnum, meðal annars Þórarin Inga. Það eru erfiðir tímar í Eyjum og menn geta lítið annað en yljað sér yfir minningunni um meistaraliðið sem næstum því varð fyrir nokkrum árum. Hafsteinn Briem heillaði engan hjá Fram í sumar og Benedikt Októ Bjarnason á sex leiki að baki í efstu deild. Þetta er enginn liðsstyrkur.

D

Halló Hlíðarendi

Þó allir knattspyrnuspekingar á Íslandi hafa beðið Valsmenn um að róa sig aðeins á félagaskiptamarkaðnum og ekki skipta um lið á hverju ári þýðir það ekki að menn þurfi að liggja í dvala fram á nýtt ár. Aðeins Baldvin Sturluson er genginn í raðir Valsmanna sem hafa verið uppteknir að skrifa undir nýja samninga. Sem er gott. En það þarf einhverja alvöru karaktera í Valsliðið sem kveikja neistann sem sárlega vantar. Núna er ekkert að frétta.

D

Árið er 2015

Fyrsta deildin er búin og árið 2015 er handan við hornið. Það ár spilar ÍA aftur í efstu deild, en Skagamenn eru ekki enn búnir að fá einn einasta leikmann. Akurnesingar vita sjálfir að þeir þurfa að styrkja liðið verulega fyrir átökin næsta sumar. ÍA fær falleinkunn fyrir þessa fyrstu mánuði félagaskiptagluggans. Ekki annað hægt þegar menn mæta ekki einu sinni í prófið.

F

HITUM UPP FYRIR JÓLIN

ENGIN VÖRUGJÖLD OG EKKERT VESEN BARA JÓLASTUÐ:)

4BLS BÆKLINGUR
GLÆNÝR BÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEYRNARTÓLUM
TIL ÁRAMÓTA - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

5 LITIR

SHOCK
Öflug lokuð leikjaheyrnartól frá Tt eSports sérstaklega hönnuð fyrir hámarks afköst í leikjaspilun.

7.992
VERÐ ÁÐUR 9.990

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÁTÖLURUM
TIL ÁRAMÓTA - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ENZO 400
Ótrúlegt 2.1 kerfi frá SonicGear, stílhrein og glæsileg hönnun, frábær hljómur og þéttur bassi.

7.992
VERÐ ÁÐUR 9.990

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ VÖRUGJÖLD

LG SNJALLÚR Í ÚRVALI FRÁ 39.900

SONY SNJALLÚR Í ÚRVALI FRÁ 27.900

SAMSUNG SNJALLÚR Í ÚRVALI FRÁ 23.900

pebble SNJALLÚR
Mest selda snjallúr í heimi er nú loksins fáanlegt á Íslandi. Pebble úrið er með baklýstum LED 1.26" e-paper skjá, BT 4.0 og allt að 7 daga rafhlöðu :)

19.900

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MYNDARÖMMUM
TIL ÁRAMÓTA - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

KLUKKA DAGATAL OG MYNDSÝNING

7" MYNDARAMMI
Glæsilegur og vandaður myndarammi með USB tengi og kortalesara ásamt fjarstýringu á jólaverði.

9.520
VERÐ ÁÐUR 11.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.15

Heilsugengið

Önnur þáttaröðin af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts eru Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Sólveig Eiríksdóttir.

Í KVÖLD

Masterchef USA

STÖÐ 2 KL. 20.45

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

Modern Family

GULL KL. 19.45

Fimmta þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

The X-Factor UK

STÖÐ 3 KL. 20.15

Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Cheril Cole og Mel B og svo hinn kunni umboðsmaður Louis Walsh.

X977 kl. 7

Morgunþátturinn Ómar

Ómar vaknar hress með þér alla virka daga á X977.

SVEFNSÓFAR
SEM BREYTAST Í RÚM Á AUGABRAGÐI
NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI

UNFURL DELUXE Svefnsófi • Svefnflötur 120x200 cm
• Vönduð springdýna • kr. 128.900

RECAST Svefnsófi • Svefnflötur 140x200
Vönduð springdýna • kr. 129.900

UNFURL Svefnsófi • Svefnflötur 120x200 cm
Vönduð springdýna • kr. 109.900

LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

STÖÐ 2

06.15 Heimsókn
07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 iCarly
08.00 Wonder Years
08.25 Around the World in 80 Plates
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 60 mínútur
11.00 Atlas 4D
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
13.00 Mayday
13.55 Home Alone McCallister-hjónin fara í jólafrí til Parísar en steingleyma að taka átta ára son sinn með.
15.35 iCarly
16.00 Back in the Game
16.25 The New Normal
16.45 New Girl
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Fóstbræður
19.50 Marry Me
20.15 Heilsugengið
20.45 Masterchef USA
21.30 NCIS
22.20 Person of Interest
23.05 Crimes That Shook Britain
23.55 Rizzoli and Isles
00.40 Homeland
01.30 Shameless
02.20 NCIS: New Orleans
03.05 Louie
03.30 Street Dance
05.05 Last Stop 174

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk
07.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
10.30 Zenit - Benfica
12.10 Arsenal - Dortmund
13.50 Ludogerets - Liverpool
15.30 Basel - Real Madrid
17.10 Meistaradeildin - Meistaramörk
17.55 Wolfsburg - Everton
20.00 Tottenham - Partizan Belgrade
22.05 Wolfsburg - Everton
23.45 Tottenham - Partizan Belgrade

SPORT 2 *enski boltinn*

10.50 Premier League Review 2014/2015
11.45 Stoke - Burnley
13.35 Messan
14.50 Hull - Tottenham
16.30 Arsenal - Man. Utd.
18.20 Chelsea - WBA
20.00 Premier League World 2014
20.30 Leicester - Sunderland
22.10 Man. City - Swansea
23.50 Premier League World 2014

INN

20.00 Hrafnaþing á Vestfjörðum
21.00 Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasýn

STÖÐ 3

17.55 Top 20 Funniest
19.00 Last Man Standing
19.25 Are You There, Chelsea?
19.50 Wilfred
20.15 X-factor UK
21.40 Originals
22.25 Supernatural
23.05 Grimm
23.50 Constantine
00.35 Last Man Standing
00.55 Are You There, Chelsea?
01.20 Wilfred
01.45 X-factor UK
03.00 Originals
03.45 Supernatural
04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Kalli á þakinu **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Lína langsokkur **10.43** Ævintýraferðin **10.56** Tommi og Jenni **11.00** Kalli á þakinu **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Lína langsokkur **14.43** Ævintýraferðin **14.56** Tommi og Jenni **15.00** Kalli á þakinu **15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Lína langsokkur **18.43** Ævintýraferðin **18.56** Tommi og Jenni **19.00** Ævintýraeyja Ibba **20.20** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

18.15 Strákarnir
18.45 Friends
19.10 Arrested Development
19.45 Modern Family
20.10 Two and a Half Men
20.35 Go On
21.00 The Mentalist
21.45 E.R.
22.30 The Untold History of The United States
23.30 A Touch of Frost
01.15 Go On
01.35 The Mentalist
02.20 E.R.
03.00 The Untold History of The United States
04.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.15 Trouble With the Curve
13.05 Silver Linings Playbook
15.05 The Oranges
16.35 Trouble With the Curve
18.25 Silver Linings Playbook
20.30 The Oranges
22.00 One In the Chamber
23.30 Tomorrow When the War Began
01.15 Trainspotting
02.50 One In the Chamber

RÚV

16.30 Ástareldur
17.20 Hvolpasveitin
17.43 Vasaljós
18.08 Sveppir
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Dýraspítalinn
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Óskalögin 1994–2003
20.05 Andri á Færeyjaflandri Edduverðlaunahafinn Andri Freyr Viðarsson siglir til Færeyja og kynnist náfrændum okkar og vinum, lífsháttum þeirra, viðhorfum, siðum og venjum. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.40 Gungur Heimsstyrjöldin fyrri hefur brotist út og þorri breskra karlmanna leggur hernum lið. Undanteknningin eru þó þrír félagar sem finna sér ýmislegt til, til að komast undan herskyldu. Kaldhæðinn breskur húmor eins og hann gerist bestur. Aðalhlutverk: Simon Bird, Joe Thomas og Jonny Sweet.
21.05 Studíó A
21.50 Landakort
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð
23.10 Downton Abbey
00.00 Erfingjarnir
00.55 Kastljós
01.20 Fréttir
01.35 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
14.00 The Voice
15.30 The Voice
16.15 The Biggest Loser
17.00 The Biggest Loser
17.45 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk
19.50 America's Funniest Home Videos
20.15 Parks & Recreatio
20.40 Growing Up Fisher
21.00 Scandal
21.45 Extant - LOKAÞÁTTUR
22.30 The Tonight Show
23.20 Law & Order. SVU
00.05 Fargo
00.55 Hannibal
01.40 Scandal
02.25 Extant
03.10 The Tonight Show
04.00 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.15 2014 Augusta Masters
10.20 Golfing World 2014
11.10 LPGA Tour 2014
13.40 PGA Tour 2014
18.00 Golfing World 2014
18.50 2014 Augusta Masters
23.15 Golfing World 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

LJÓSA HÁTÍÐ

AÐVENTULJÓS OG SERÍUR Á 25% AFSLÆTTI ALLA HELGINA

Vnr. 88165979
Snjóbolti, 12 cm,
50 ljós, hvítur og glær.
1.495kr.

Vnr. 88165905
Stjarna 30 cm,
akrýl.
3.395kr.

Vnr. 88167106
Stjarna 25 cm,
10 mini ljós.
1.795kr.

Vnr. 49800179
Jólasveinn,
55 cm.
7.595kr.

Vnr. 49800199
Jólasveinn í rólu,
50 cm.
5.995kr.

Vnr. 55095034
Jólastjarna.
895kr.
AÐEINS Í BYKO BREIDD

GILDIR 27. - 30. NÓVEMBER

LEIGJUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR

EIGUM LYFTURNAR FYRIR JÓLASKREYTINGARNAR

Nánari upplýsingar í síma 515 4020
eða á www.BYKO.is

27 DAGAR TIL JÓLA!

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

www.vert.is / VERT markaðsstofa

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

MORGUNMATURINN

„Það sem ég fæ mér alltaf er lýsi en annað fer bara eftir því í hvaða skapi ég vakna.“

Björg Magnúsdóttir, rithöfundur og dagskrárgerðarkona.

Fatasnið fyrir fjölbreytta líkama

Þjóðverjinn Frank Lutterloh kennir áttatíu ára gamla aðferð við sníðagerð.

Þjóðverjinn Frank Lutterloh er hér á landi á vegum vefnaðarverslunarinnar Virku, til þess að kenna Íslendingum að sníða sér stakk eftir vexti, bókstaflega.

Aðferðin sem hann notar til þess er einstök. „Amma mín fann upp þessa sníðaaðferð árið 1935, en hún er byggð á gullinsniði Leonardo DaVinci um líkamann,“ segir Lutterloh. Hún reiknaði nákvæmlega út stærðir eftir líkamslögun og bjó til sérstakan lista, og út frá honum finnst hárrétt stærð. Teknar eru tvær mælingar, yfir brjóstin og mjaðmirnar og út frá þeim er merkt á sniðið. „Líkaminn er í hlutföllum við sjálfan sig, og út frá því er hægt að finna nákvæma stærð á fatnaði fyrir þig. Svo er bara að stytta eða lengja eftir hæð,“ segir Lutterloh, en hann fullyrðir að ekki þurfi neina þekkingu á sniðum til þess að taka þátt í námskeiðinu.

„Ég hef verið að kenna þessa aðferð í þrjátíu ár og hún er alltaf jafn vinsæl. Yngri bróðir minn vinnur við að reikna út fyrir ný snið, en allar mælingar eru gerðar í höndunum, ekkert í tölvu,“ bætir hann við. Námskeiðið er haldið í Virku þrisvar á dag út þessa viku auk tveggja námskeiða á laugardag.

asi

Ég hef verið að kenna þessa aðferð í þrjátíu ár og hún er alltaf jafn vinsæl.

SNIÐ SEM PASSAR Frank Lutterlöh kennir sníðagerðina á klukkustund.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valin af einum stærsta bókaútgefanda heims

Hjónin Gísli Egill Hrafnsson og Inga Elsa Bergþórsdóttir voru valin af þekktum, frönskum útgefanda til að gera stóra bók um norrænan mat og matarmenningu.

„Við reiknum með að vera í jólabókaflóðinu í Frakklandi á næsta ári,“ segja hjónin Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari og Inga Elsa Bergþórsdóttir grafískur hönnuður.

Þau voru valin úr stórum hópi til þess að semja bók um Norræna matargerð og menningu. Franska útgáfufyrirtækið Hachette gefur bókina út, en það er fimmti stærsti bókaútgefandi heims. „Þetta verður ekki bara uppskriftabók heldur líka um matarmenningu og lífsstíl þessara þjóða. Við verðum nokkurs konar sendiherrar fyrir Norðurlöndin,“ segir Gísli.

Áhugi á norrænni matarmenningu hefur aukist undanfarin ár og eru mörg af bestu veitingahúsum heims í dag á Norðurlöndunum.

„Það er mikill áhugi fyrir fersku hráefnunum og hreina landbúnaðinum okkar,“ segir Gísli. Hjónin eru engir nýgræðingar á þessu sviði, en þau hafa áður gefið út fjórar matreiðslubækur.

„Við bjuggum í Frakklandi í fimm ár og því þekkjum við vel til Frakka og ástríðu þeirra til matar. Það er mikill heiður fyrir okkur að vera valin til þess að gefa út bók í þessari vöggu matargerðarlistar,“ segir Gísli. Allar uppskriftir búa þau til sjálf ásamt því að taka allar myndir fyrir bókina.

„Svona bók hefur mikið ímyndargildi fyrir Ísland þar sem landið er ekki bara náttúran. Menningin er líka merkileg og hráefnin sem við eigum eru einstök,“ segir Inga.

Bókin verður gefin út í Frakklandi, Lúxemborg og frönskumælandi hluta Kanada. „Frumútgáfan verður á frönsku, en þar sem þetta er mjög stór útgefandi þá er líklegra en ekki að bókin verði þýdd yfir á önnur tungumál,“ segir Gísli.

Vinna við bókina hófst fyrir skemmstu, en framundan er mikil rannsóknarvinna. „Svona ferli tekur marga mánuði og við erum þegar byrjuð að safna að okkur efni og útbúa uppskriftir,“ segja þau, og eru að vonum stolt af því að hafa verið valin í þetta stóra verkefni.

„Ég veit ekki með framtíðina, en möguleikarnir sem opnast eru gríðarlegir. Þetta er mjög áhugavert og stórt verkefni og það er mjög gefandi að fá að vinna undir verndarvæng svona stórrar útgáfu með flottu fagfólki,“ bætir Inga við.

adda@frettabladid.is

MIKILL HEIÐUR Hjónin Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson eru nú þegar byrjuð að safna að sér efni og hanna uppskriftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við bjuggum í Frakklandi í fimm ár og því þekkjum við vel til Frakka og ástríðu þeirra til matar. Það er mikill heiður fyrir okkur að vera valin til þess að gefa út bók í þessari vöggu matargerðarlistar.

Fyrsta myndlistarsýning Ladda

Grínistinn Laddi og kona hans opna sína fyrstu myndlistarsýningu á morgun.

Grínistinn Þórhallur Sigurðsson, Laddi, og eiginkona hans, Sigríður Rut Thorarensen, opna sína fyrstu myndlistarsýningu á morgun.

Að sögn Ladda ákváðu þau að halda sýninguna vegna fjölda áskorana. „Við vorum að sýna eitthvað af þessum myndum á Facebook og eftir það vorum við mönuð upp í þetta,“ segir hann.

Um er að ræða alls kyns akrýlteikningar og nokkur olíumálverk. Tvær myndanna gerðu Laddi og Sigríður í sameiningu en hinar gerðu þau hvort í sínu lagi, enda eru þau með ólíkan stíl. „Ég er meira í fígúrum, andlitum og svoleiðis,“ segir Laddi. „Við byrjuðum á þessu fyrir þremur árum og erum búin að vera að dunda við þetta í frístundum,“ bætir hann við.

Sýningin verður opnuð í Heimahúsinu, Ármúla 8, kl. 16 á morgun og stendur hún yfir fram á sunnudag. Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu.

- fb

LISTAVERK Ein myndanna eftir Ladda sem verður á sýningunni um helgina.

Við vorum að sýna eitthvað af þessum myndum á Facebook og eftir það vorum við mönuð upp í þetta.

Svooo gott ad gefa!

Í tilefni hátíðanna renna 10% af sölu á Aðventufötum KFC
með Hot Wings eða kjúklingabitum, til Samhjálpar,
Mæðrastyrksnefndar og Fjölskylduhjálpar Íslands.

Samhjálp

10 kjúklingabitar 3.490 kr.

25 Hot Wings 3.299 kr.

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þorsteinn fluttur í nýja húsið

Þorsteinn Friðriksson, stofnandi Plain Vanilla, er fluttur inn í nýtt húsnæði sem hann keypti sér á dögunum á Ægisíðunni. Hann segist kunna alveg ótrúlega vel við sig, en margt sé eftir ógert þar. „Ég ólst upp í Vesturbænum og er búinn að vera að bíða svolítið eftir því að komast þangað aftur," segir Þorsteinn, en hann ólst upp á Hagamel. Hann segir að útsýnið á Ægisíðunni sé æðislegt og útsýnið skipti hann miklu máli. Auk þess séu börnin hans tvö í Melaskóla.

- jhh

Opna skóbúð

Hjónin Elli Egilsson, grafískur hönnuður og fyrrverandi meðlimur hljómsveitarinnar Steed Lord, og **María Birta Bjarnadóttir,** leikkona, fyrirsæta og eigandi verslunarinnar Maníu á Laugavegi, munu opna saman skóverslun á Laugaveginum. Stefnt er að opnun verslunarinnar í næstu viku, rétt í tæka tíð fyrir jólaösina. Birtu þau myndir af framkvæmdum við húsnæðið á Instagram-síðum sínum og segjast vera einstaklega spennt fyrir þessu nýja verkefni.

- asi

Mest lesið VÍSIR

1. Líkamsárás við skemmtistað: „Fullt af 95 módelum gerðu alvarlegri hluti"
2. Leoncie ekki í Eurovision: „Ég hefði pottþétt unnið!"
3. Segir þær hafa áreitt sig eftir árásina: „Hausinn á mér var alltaf að dúndrast í vegginn"
4. Að kalla saklausan mann nauðgara og komast upp með það
5. Prenna Agüero tryggði lygilegan sigur City á Bayern | Sjáðu mörkin

SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify Google play
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru!

Jólagleði!
40-70%
afsláttur af öllum vörum

nýtt kortatímabil VISA MasterCard

Barnafatnaður frá
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel